

Íslensk
réttiritun

Íslensk réttiritun

Jóhannes B.
Sigtryggsson

0 Formáli

Sífelld fleiri skrifa og þurfa að senda frá sér ritað efni af einhverju tagi. Sumir hafa atvinnu af textaskrifum og glímu við texta en aðrir skrifa eitthvað stöku sinnum: fundargerðir, færslur í bloggi eða á samfélagsmiðlum. Í slíku starfi er gott að vita af og þekkja venjur og hefðir um stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Íslensk réttritun (ÍR) er nýtt rafrænt rit samið frá grunni til stuðnings við [ritreglur Íslenskar málnefndar](#) sem eru opinberar réttritunarreglur hér á landi (sjá [1.6](#)). Oft umorða ég kafla í ritreglunum, skýri betur og bæti við dæmum en megintextinn í þeim köflum í ÍR sem fjalla beint um stafsetningu og greinarmerkjasetningu (kaflar 3–7, 9–10) er tekinn úr þeim. Ég fjalla þar þó einnig um ýmislegt sem ekki er sérstaklega tekið fyrir í þeim. Þetta á sérstaklega við um greinarmerkjasetningu sem ég hef skrifað allmikið um á síðustu árum (Jóhannes B. Sigtryggsson 2019c, 2019d, 2021a, 2021b). Tilgangurinn með þessu er meðal annars að koma reglu á ýmis atriði þar sem hefðin hefur verið óljós.

Auk þess efnis sem á rætur að rekja til ritreglnanna er farið út í ýmis önnur atriði sem ekki eru sérstaklega tekin fyrir í þeim, til dæmis stafróf, tákn og útlit texta og svo framvegis (kaflar 2, 8, 11–13). Aftast í vefritinu (í 15. kafla) er ítarleg atriðisorðaskrá.

Ástæðan fyrir því að ég tjái mig um þetta er meðal annars sú að ég hef lengi velt slíkum málum fyrir mér, ég er ritstjóri [Íslenskrar stafsetningarorðabókar](#) og [Málfarsbankans](#) sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur út og tók þátt í samningu ritreglnanna fyrir Íslenska málnefnd. Ég hef einnig á síðustu árum skrifað allmargar greinar og pistla um íslenska nútímastafsetningu til undirbúnings þessu verki (sjá [14](#)).

Þessi fyrsta útgáfa ÍR er nokkurs konar tilraunahefti. Ef það mælist vel fyrir hyggst ég halda áfram á næstu árum að auka við ritið efni um ýmis atriði íslenskrar stafsetningar.

Ég fékk styrk úr [styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur](#) árið 2019 sem stóð straum af kostnaði við umbrot og hönnun ritsins. Ég þakka sjóðnum fyrir þennan mikilvæga styrk. Helga Dögg hannaði vefsíðuna og Úlfur Alexander Einarsson forritaði hana og tók þátt í hönnuninni. Þeim er

Þakkað gott samstarf. Trausti Dagsson veitti aðstoð við uppsetningu vefsíðunnar.

Ég þakka félögum mínum á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum Ara Páli Kristinssyni rannsóknarprófessor og Ágústu Þorbergsdóttur málfraeðingi fyrir lestur á handriti og gagnlegar ábendingar. Kristínu Bjarnadóttur, ritstjóra Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls (BÍN), þakka ég gagnlegar samræður um stafsetningu.

Mjög gott væri að fá ábendingar um efni ritsins og efnistöð. Þær má senda á netfangið islenskrettritun@gmail.com.

Jóhannes B. Sigtryggsson, Reykjavík, 1. október 2021

Efnissíða

@ Jóhannes B. Sigtryggsson 2021

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2021

Útgefandi: Jóhannes B. Sigtryggsson

Reykjavík

ISBN 978-9935-25-065-0

Jóhannes B.
Sigtryggsson

1 Inngangur

Notkun og skipulag ÍR

1.1 Skipulag

1. kafli er inngangskafli. Í 2. kafla er fjallað um ýmislegt sem tengist útliti og vönduðum frágangi texta. Því næst er stafsetning tekin til umfjöllunar í nokkrum köflum: Í 3. kafla um stóran og lítinn staf, í 4. kafla um eitt orð eða fleiri og í 5. kafla um ýmis önnur atriði í stafsetningu. Þar næst er komið að greinarmerkjasetningu. Í 6. kafla er fjallað almennt um ólík greinarmerki og í 7. kafla um afstöðu og val á þeim. Þar á eftir koma ýmsir styttri kaflar um ýmislegt sem tengist stafsetningu, til að mynda stafróf og stafrófsröðun (8. kafli), orðskiptingu (9. kafli), skammstafanir (10. kafli), tölur og bókstafi (11. kafli) og tákn (12. kafli).

1.2 Leiðbeiningar um notkun

Flestar efnisgreinar í ritinu eru auðkenndar með kaflanúmeri í töluröð. Þegar vísað er á milli kafla í meginmáli eða atriðisorðaskrá er vísað í þessar tölur. Slíkar millivísanir eru mjög víða í meginmáli og með því að smella á númer kafla er hægt að fara beint á þann stað sem vísað er í.

Efni bókarinnar er skipt niður í mjög marga og stutta undirkafla. Þetta er gert til að auðveldara sé að finna það sem leitað er að. Ítarleg atriðisorðaskrá er einnig aftast í ritinu (sjá 15). Ef smellt er á númer kafla við orð í skránni þá flyst notandinn yfir á réttan stað í skjalinu.

Röng ritun er auðkennd með gegnumstriki: *BA-próf* (ekki ~~*B.A.-próf*~~).

Dæmi eru höfð með aðeins smærra letri en orð í meginmáli.

Um skilgreiningar málfræðihugtaka sjá *Handbók um málfræði* eftir Höskuld Þráinsson (2021).

Ritmálsstaðall og málsnið

1.3 Ritmálsstaðall

Íslenskur ritmálsstaðall er að mörgu leyti íhaldssamur: viðmiðið er málið á fornsögunum og á endurreisnartímabili íslenskrar tungu á 19. öld. Ritmálsstaðallinn þróaðist síðan og fastmótaðist á 20. öld (sjá Ara Pál Kristinsson 2017b:117). Það eru þau viðmið sem hingað til hefur verið

stuðst við í íslenskri málstefnu. Lögð er áhersla á að samhengið í sögu íslenskrar tungu og menningar haldist (sjá Guðmund B. Kristmundsson o.fl. 1986:26 og Kristján Árnason 1996:91–92).

1.4 Málsnið

Málsnið er hið almenna snið máls sem hæfir tilteknu efni og aðstæðum (sjá Indriða Gíslason o.fl. 1988:33). Þetta er mikilvægt hugtak við að meta hvort mál er gott. Sams konar texti hæfir ekki í lögum og óformlegum tölvupósti.

Það er mikilvægt að hafa tilfinningu fyrir réttu málsniði sem hæfir aðstæðunum. Það á til að mynda varla við að hafa óformlegan stíl í formlegum tölvupósti né nota tjámerki (sjá 7.33).

1.5 Meginviðmið í íslenskri stafsetningu – upprunasjónarmiðið

Íslensk stafsetning byggist að miklu leyti á upprunasjónarmiðum. Í því felst að yfirleitt er valinn ritháttur sem endurspeglar uppruna og skyldleika orða fremur en að leitað sé einföldustu samsvörunar milli bókstafa og nútímaframburðar (framburðarsjónarmið).

Á 19. öld var deilt um það á Ísland hvort ætti að miða meir við uppruna eða framburð í stafsetningu. Upprunasjónarmiðið varð ofan á í lok aldarinnar.

Núverandi stafsetningarreglur hér á landi nefnast ritreglur Íslenskrar málnefndar (sjá 1.6). Meginviðmiðið þeirra er upprunasjónarmiðið.

Ritreglur Íslenskrar málnefndar

1.6 Ritreglur – opinberar reglur um stafsetningu og greinarmerkjasetningu

Ritið *Íslensk réttiritun* fylgir ritreglum Íslenskrar málnefndar sem eru opinberar ritreglur á Íslandi. Efni úr þeim er undirstaða kafla 3–7 og 9–10 í ÍR.

Íslensk málnefnd samdi drög að ritreglum sem auglýstar voru af mennta- og menningarmálaráðherra (auglýsingar nr. 695/2016 og 800/2018). Ritreglurnar byggjast á [6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls](#) (nr. 61/2011). Opinber vefsíða þeirra er <http://ritreglur.arnastofnun.is>. Þær leystu af hólmi auglýsingar um íslenska stafsetningu nr. 132/1974 og 261/1977 og auglýsingar um greinarmerkjasetningu nr. 133/1974 og 184/1974.

Nánari útfærsla þessara auglýsinga frá 1974 og 1977 var í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:673–736). Í formála þeirra (2006:673) segir að þær séu „[í] samræmi við auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/1974, 133/1974 og 261/1977“.

Ritreglur Íslenskrar málnefndar gilda um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera. Mennta- og menningarmálaráðherra gaf út fyrri hluta reglnanna 6. júní 2016 í auglýsingu nr. 695 um setningu íslenskra ritreglna sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda 10. ágúst sama ár og seinni hlutann 27. ágúst 2018 í auglýsingu nr. 800 um setningu ritreglna sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda sama dag. Fyrri hluti reglnanna (2016) fjallar um stafsetningu (1.–20. kafli) en seinni hlutinn (2018) um greinarmerkjasetningu (21.–33. kafli).

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum heldur utan um ritreglurnar og birtir í heild á síðunni <http://ritreglur.arnastofnun.is>. Þær eru einnig birtar á vefsíðu Íslenskrar málnefndar, www.islenskan.is. Sjá umfjöllun um reglurnar hjá Ara Páli Kristinssyni (2017) og Jóhannesi B. Sigtryggssyni (2016, 2019a og 2019b).

Helsta birtingarmynd eða útfærsla ritreglnanna er [Íslensk stafsetningarorðabók](#) (Jóhannes B. Sigtryggsson ritstj.) sem gefin er út af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

1.7 Kostir þess að fylgja opinberri stafsetningu

Ritreglur eru ekki lög heldur auglýsingar mennta- og menningarmálaráðherra. Auglýsingar eru [ein tegund almennra stjórnvaldsfyrirmæla](#).

Ekki er skylt að nota þær nema í skólum og í útgefnu efni á vegum hins opinbera. Annars er öllum er frjálst að nota þá stafsetningu sem þeir vilja. Það hefur þó ýmsa kosti að fylgja ritreglunum þar sem hægt er: Það auðveldar samræmingu og stöðlun að hafa eitthvað að miða við og frelsar þann sem skrifar frá því að eyða of miklum tíma í frágang og umhugsun um stafsetningu. Það getur einnig truflað lesendur ef texti fylgir ekki hefðbundinni stafsetningu.

Kosturinn við að fylgja því sem þykir vandað og hefur áunnið sér hefð er að þá eru minni líkur á að ásýnd textans trufla aðra og merkingin komist ekki til skila. Um er að ræða ákveðinn ritmálsstaðal sem á sér langa sögu (sjá [1.3](#)).

1.8 Uppruni og framburður í stafsetningu – stofnreglan

Íslensk stafsetning byggist að miklu leyti á upprunasjónarmiðum. Í því felst að yfirleitt er valinn ritháttur sem endurspeglar uppruna og skyldleika orða fremur en að leitað sé einföldustu samsvörunar milli bókstafa og nútímaframburðar (sjá 1.5).

Framburður var þó einnig vitaskuld í upphafi grundvöllur stafsetningarinnar og oft fer framburður og uppruni saman. Áhersla getur stundum hjálpað við ritun í eitt orð eða fleiri.

Reglur um stafsetningu í íslensku eru að mörgu leyti íhaldssamar miðað við önnur tungumál, það er þær byggjast meir á uppruna orða en nútímaframburði. Oft hefur verið deilt um það, sérstaklega á 19. öld, um það hversu langt ætti að ganga í því að aðlaga íslenska stafsetningu að nútímaframburði sem hefur breyst mikið frá fornu fari og sum hljóð fallið saman við önnur (t.d. *y* við *i*). Uppruninn er hins vegar enn megingrundvöllur íslenskrar stafsetningar.

Þannig er að jafnaði tekið mið af stofni orðs (til dæmis *grimmd* með tveimur *m*-um af því að orðið er leitt af lýsingarorðinu *grimmur*, ritað er *y*, *ý* og *ey* í samræmi við uppruna og fornan framburð (til dæmis *þynnri* með *y* með hliðsjón af orðinu *þunnur*), gerður greinarmunur á *n* og *nn* í greini og endingum orða (til dæmis *fyndinn* í kk. en *fyndin* í kvk.) og ritað *fl*, *fn*; *ll*; *nn*; *rl*, *rn* þótt hljóðavíxl eða önnur breyting hafi orðið í framburði (til dæmis *eflt*, *nefnd*, *allur*, *beinn*, *árla*, *spyrnti*) o.s.frv.

1.9 Algengar villur í stafsetningu og greinarmerkjasetningu

Sumar villur í stafsetningu eru algengari en aðrar. Hér eru vísanir í umfjöllun um nokkrar slíkar villur.

Stafsetning

- Stór stafur hafður ef sérnafn er fleiri en eitt orð (t.d. ~~Rauði~~ **Krossinn**) (sjá 3.27)
- Mánaðarheiti rituð með stórum staf (t.d. ~~1-~~ **Mars**) (sjá 3.13).
- Löng samsett orð rituð aðskilin (t.d. ~~fyrirmyndar~~ **fjölskyldu** ~~faðir~~) (sjá 4.4) eða orð með áhersluforliðum (t.d. ~~óhemju~~ **vandaður**) (sjá 4.5).
- Sambönd atviksorða með öðru atviksorði eða forsetningu samrituð (t.d. ~~ennþá~~, ~~framhjá~~) en eiga að vera sundurrituð (sjá 4.15).
- *g* ritað þar sem það á ekki að vera í þátíðarmyndum nokkurra sagna (t.d. ~~slóg~~, ~~dróg~~ af so. *slá*, *draga*) (sjá t.d. 5.46).
- *j* ritað þar sem það á ekki að vera (t.d. ~~nýjir~~ fyrir *nýir*) (sjá 5.62).
- Auka-*n* í þf.et.kk. lo. (~~-ann~~ fyrir *-an*, t.d. ~~fagrann~~) (sjá 5.69).

Greinarmerkjasetning

- Afmarka ávörp og upphrópanir með kömmum (sjá 6.18).
- Semikomma notuð á undan upptalningu (sjá 6.107).
- Bandstriki sleppt úr samsettum orðum (t.d. ~~New York~~ ríki) (sjá 6.61).
- ~~32.5~~ > 32,5 (sjá 6.22, 11.5)
- ~~1,000~~ > 1.000 (sjá 6.31, 11.5)

Jóhannes B.
Sigtryggsson

2 Útlit texta

2.1 Inngangur: Almennt um útlit texta

Til þess að efni komist sem best til skila og sé læsilegt er mikilvægt að útlit textans í heild á síðu eða á vef stuðli að því. Þar skiptir máli ótalmargt: letur, spássíur, línubil og ýmislegt fleira.

Í ritvinnsluforritum er hægt að velja ýmis sniðmát sem stjórna heildarútliti.

Að gæta sér hófs í útlitshönnun er mikilvægt til að útlitsatriði dragi ekki athyglina frá efninu. Almennt er best að hafa prentlag og síðuhönnun (týpógrafíu) sem einfaldasta nema sérstök ástæða sé fyrir öðru. Annað getur truflað lestur.

Yfirleitt fer vel á því að nota ekki fleiri en tvær leturgerðir í sama skjali nema sérstök ástæða sé til annars. Önnur er þá fyrir megintexta en hin fyrir dæmi eða tilvitnanir. Einnig getur farið vel á því að hafa ólíkt letur á fyrirsögnum og kaflaheitum en í meginmáli.

Síðuhönnun

2.2 Spássíur, línulengd og stærð leturflatar

Rúmar spássíur eru mikilvægar því að þær auðvelda lestur. Í handritum og gömlum bókum voru spássíur oft miklu rýmri en nú tíðkast. Þetta tengist því að ef línur á leturfleti verða of langar torveldar það lestur. Sjálfvirkar stillingar í ritvinnsluforritum gera oft ráð fyrir minni spássíum en æskilegt væri (sjá [13.3](#)).

2.3 Textajöfnun

Í ritvinnsluforritum er hægt að jafna texta: annaðhvort jafna hann vinstra megin þannig að allar línur hefjist þar á sama stað á blaðsíðunni en hægri hlið textans sé ójöfn (vinstrijöfnun) eða bæði jafna vinstri og hægri hlið textans (heiljöfnun).

Oft er betra að vinstrijafna texta en heiljafna. Ef texti er heiljafnaður geta myndast of löng bil á milli orða og þá sérstaklega ef orðum er lítið eða ekki skipt á milli lína. Með vinstrijöfnun er komist hjá því. Gott er samt sem áður að skipta löngum samsettum orðum á milli lína til þess að munur á lengd lína verði ekki of mikill (sjá [9](#)).

Vinstrijöfnun

Ólafur Haraldsson, er hann óx upp, var ekki hár, meðalmaður og allþreklegur, sterkur að afli, ljósjarpur á hár, breiðleitur, ljós og rjóður í andliti, eygður forkunnarvel, fagureygur og snareygur svo að ótti var að sjá í augu honum ef hann var reiður. Ólafur var íþróttamaður mikill um marga hluti, kunni vel við boga og syndur vel, skaut manna best handskoti, hagur og sjónhannar um smíðir allar hvort er hann gerði eða aðrir menn.

Heiljöfnun

Ólafur Haraldsson, er hann óx upp, var ekki hár, meðalmaður og allþreklegur, sterkur að afli, ljósjarpur á hár, breiðleitur, ljós og rjóður í andliti, eygður forkunnarvel, fagureygur og snareygur svo að ótti var að sjá í augu honum ef hann var reiður. Ólafur var íþróttamaður mikill um marga hluti, kunni vel við boga og syndur vel, skaut manna best handskoti, hagur og sjónhannar um smíðir allar hvort er hann gerði eða aðrir menn.

Þótt vinstrijöfnun sé notuð þá er samt rétt eins og áður sagði að jafna dálítið lengd lína með því að skipta löngum orðum.

2.4 Línubil

Bil á milli lína fer eftir stærð leturs og leturgerð. Algeng stilling línubils í ritvinnsluforritum er 1,5 lína sem er of mikið bil. Betra er 1,15. Önnur dæmi um heppileg línubil miðað við stærð leturs eru 13,2 punkta bil við letur sem er 10 punktar á stærð (10/13,2) og 14,5 punkta bil við 11 punkta letur (11/14,5).

2.5 Blaðsíðunúmer

Nauðsynlegt er að blaðsíðumerkja texta ef hann er lengri en tvær-þrjár síður. Talning hefst frá allra fyrstu síðu eða forsíðu á blöðum eða tímaritum en í bókum á fyrstu síðu aftan við kápu.

Blaðsíðunúmer eiga að vera nokkru smærri eða jafnstór og letur meginmáls.

Efnisgreinar

2.6 Afmörkun efnisgreinar – almennt

Til að afmarka efnisgreinar er annaðhvort notaður inndráttur (sjá [2.7](#)) eða auð lína (sjá [2.8](#)). Auk þess eru stundum notaðir hásteflingar til að afmarka upphaf efnisgreina (sjá [2.13](#)).

2.7 Afmörkun efnisgreinar – inndráttur

Inndráttur er það þegar upphaf fyrstu lína efnisgreinar er fært til hægri

þannig að auðveldara sé að greina hvar hún hefst í samanburði við næstu línur.

Gæta þarf að því að inndráttur sé ekki óhóflega langur. Hann fer eftir stærð leturs og það er til dæmis hæfilegt að hafa 5 mm inndrátt ef notað er 12 punkta letur. Hægt er að stilla slíkt í ritvinnsluforritum en þar er sjálfvirkur inndráttur oft lengri (til dæmis 1,25 cm) en vel fer (sjá [13.3](#)).

Dæmi um hæfilegan inndrátt:

Ólafur Haraldsson, er hann óx upp, var ekki hár, meðalmaður og allþreklegur, sterkur að afli, ljósjarpur á hár, breiðleitur, ljós og rjóður í andliti, eygður forkunnarvel, fagureygur og snareygur svo að ótti var að sjá í augu honum ef hann var reiður. Ólafur var íþróttamaður mikill um marga hluti, kunni vel við boga og syndur vel, skaut manna best handskoti, hagur og sjónhannar um smíðir allar hvort er hann gerði eða aðrir menn.

Inndráttur er almennt ekki notaður í næstu línu á eftir fyrirsögnum, töflum, myndum og tilvitnunum o.s.frv. Ekki heldur ef ný efnisgrein er aðgreind með nýrri línu (sjá [2.8](#)).

2.8 Afmörkun efnisgreinar – auð lína

Nýjar efnisgreinar er einnig hægt að afmarka með auðri línu í stað inndráttar. Þessi aðferð hefur sérstaklega tíðkast á vef eða í tölvuskeytum. Það skýrist meðal annars af því að erfiðara er að stýra inndrætti á vef en prenti. Sífelld algengara er einnig orðið að afmarka efnisgreinar með auðum línum í prentuðu efni. Það er þó yfirleitt ekki mælt með því þar og er ekki í samræmi við hefð. Það kæmi helst til greina að nota þessa aðferð í stuttum textum, til dæmis minnisblöðum.

Það getur þó átt rétt á sér að nota auða línu til aðgreiningar á prenti til að auðkenna meiri skil í efninu en almennt á milli efnisgreina.

Auðar línur eru einnig notaðar til aðgreiningar á tilvitnunum sem eru lengri en þrjár línur (sjá [2.9](#), [2.54](#)).

2.9 Inndregnar tilvitnanir

Það tíðkast einnig að greina langar beinar tilvitnanir (lengri en þrjár línur) frá meginmáli með inndrætti og auðri línu á undan og eftir tilvitnuninni (sjá [2.54](#)). Það sama á við um inndrátt hér og í [2.7](#) að gæta skal að því að hann sé hæfilegur, ekki of mikill.

Í Ólafs sögu helga er þessi lýsing á Ólafi helga:

Ólafur Haraldsson, er hann óx upp, var ekki hár, meðalmaður og allþreklegur, sterkur að afli, ljósjarpur á hár, breiðleitur, ljós og rjóður í andliti, eygður forkunnarvel, fagureygur og snareygur svo að ótti var að sjá í augu honum ef hann var reiður. Ólafur var íþróttamaður mikill um marga hluti, kunni vel við boga og syndur vel, skaut manna best handskoti, hagur og sjónhannar um smíðir allar hvort er hann gerði eða aðrir menn.

Þetta er helsta lýsingin á Ólafi í sögunni.

Ólíkar gerðir leturs og leturgerðir

2.10 Litlir stafir (lágstafir)

Sjálfgengið er almennt að nota litla stafi (lágstafi) (sjá 3.3).

2.11 Stórir stafir (hástafir)

Stórir stafir (hástafir) eru notaðir í ákveðnum tilvikum (sjá 3.24).

Yfirleitt eru ekki notaðir fleiri en einn stór stafur í röð nema í ákveðnum tegundum skammstafana (sjá 10.6) og til að auðkenna sérstaka áherslu eða hróp (sjá 3.50). Ekki er mælt með því annars.

Hásteflingar

2.12 Almennt um hásteflinga

Hásteflingar er heiti á ákveðinni gerð bókstafa, á sama hátt og litlir stafir (lágstafir) og stórir stafir (hástafir) eru aðrar gerðir stafa eða leturbrigði. Hásteflingar hafa lögun stórra stafa en hæð eða stærð lágstafa, til dæmis **H** og **M**. Af tölustöfum eru einnig til hásteflingar sem nefnast hásteflingatölustafir, til dæmis **9** og **1** (sjá 2.20).

Í vönduðu prentlagi og síðuhönnun (týpógrafíu) eru hásteflingar víða notaðir allmikið í útgáfu, til dæmis í Þýskalandi og Englandi, sbr. Tschichold (1991). Hér á landi hafa þeir ekki mikið verið notaðir þannig en þó tíðkast til dæmis stundum í útgáfum bóka að láta upphaf greina eða kafla (fyrstu þrjú–fjögur orðin) hefjast á hásteflingum til aðgreiningar (sjá 2.13).

Hér á eftir fjalla ég um nokkur önnur tilvik þar sem hugsanlega mætti nota hásteflinga í íslenskri stafsetningu í staðinn fyrir hástafi en þar sem ekki hefur verið hefð fyrir slíkri notkun hingað til.

Það sem hér segir um hásteflinga á aðallega við um notkun þeirra í prentuðum bókum eða vandaðri vefútgáfu. Erfitt getur verið að nota

hásteflinga í almennri ritvinnslu, þá vantar í sumar leturgerðir og flókið getur verið að setja þá inn í skjöl. Hægt er að búa til nokkurs konar hásteflinga úr hástöfum í ritvinnsluforritum en ekki er mælt með því þar sem drættir þeirra verða of þunnir og hlutföll ekki rétt (sjá 2.12).

Alvöruhásteflingar eru sérhannaðir í leturgerðum frá grunni.

Umfjöllun í þessum kafla byggist á Jóhannesi B. Sigtryggssyni (2020b).

2.13 Hásteflingar í upphafi kafla eða greina

Í vönduðu prenti er algengt að upphaf greina eða kafla (þrjú–fjögur orð) sé látið hefjast á hásteflingum. Upphaf setningarinnar er þá yfirleitt látið hefjast á venjulegum hástaf sem er þá í raun hástafshásteflingur.

FROSTAVETURINN MIKLI 1918 hófst með köldu hausti ... (almenna hefðin)

FROSTAVETURINN MIKLI 1918 hófst með köldu hausti ... (án hástafshásteflinga)

2.14 Hásteflingar í línufyrirsögnum

Hentugt getur verið að nota hásteflinga í línufyrirsögnum til að auðkenna efnisgreinar (sjá 2.36).

VÍG BRODDHELGA 974. Atburður þessi verður ekki tímasettur eftir *Vopnfirðinga sögu* fremur en aðrir atburðir í þeirri sögu.

2.15 Samspil hástafa og hásteflinga

Almenn venja í prenti er að láta orð sem rituð eru með hásteflingum hefjast á venjulegum hástaf standi þau í upphafi setningar (sjá 2.13) eða eru sérnöfn. Slíkir hástafir eru þá í raun hástafshásteflingar þótt þeir hafi útlit venjulegra hástafa. Hásteflingar eru þó í grunninn hástafir og óþarfi ætti að vera að auðkenna þá meir. Almennar reglur um stóran og lítinn staf eiga því varla við um hásteflinga sem eru í raun hvort tveggja há- og lágstafir.

ELIOT, T.S. (almenna hefðin)

ELIOT, T.S. (án hástafshásteflinga)

FROSTAVETURINN MIKLI 1918 hófst með köldu hausti ... (almenna hefðin)

FROSTAVETURINN MIKLI 1918 hófst með köldu hausti ... (án hástafshásteflinga)

2.16 Nöfn höfunda auðkennd með hásteflingum

Í sumum erlendum fræðilegum ritum og tímaritum eru hásteflingar notaðir til að auðkenna nöfn höfunda frá texta í kring.

Sbr. fyrri skrif um þetta (CHOMSKY 1970 og HÖSKULDUR ÞRÁINSSON 1980. (Með venjulegum tölustöfum.)

Sbr. fyrri skrif um þetta (CHOMSKY 1970 og HÖSKULDUR ÞRÁINSSON 1980). (Með hásteflingatölustöfum.)

2.17 Hásteflingar í skammstöfunum

Víða í öðrum löndum er hefð fyrir að tákna upphafsstafaskammstafanir, t.d. SFS (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), með hásteflingum í stað hástafa, t.d. UN (United Nations). Það má einnig vissulega segja að vel fari á því: hásteflingarnir auðkenna að um skammstöfun sé að ræða en skera sig þó ekki eins úr og skammstafanir ritaðar með hástöfum sem sumum finnst vera of áberandi og skeri sig of mikið frá almennum texta. Dæmi um hugsanlega notkun hásteflinga í slíku samhengi:

Hann vinnur hjá SFS og hefur unnið þar síðan 1999.

Prelúdía og fúga BWV 910 eftir Bach.

Hún vann fyrir NATÓ.

COVID-19 breiddist um Evrópu fyrri hluta ársins.

2.18 Hásteflingar til að tákna áherslu

Í 3.50 er fjallað um notkun hástafa til að tákna sérstaka áherslu á orð eða hróp:

Lofaðu að gera þetta ALDREI AFTUR!

Þarna mætti einnig hugsa sér að nota hásteflinga. Slík venja þekkist meðal annars í ensku. Þannig skæri upphrópunin sig ekki eins frá öðrum texta í setningunni.

Lofaðu að gera þetta ALDREI AFTUR!

2.19 Hásteflingar og smækkaðir hástafir

Hægt er að búa til nokkurs konar hásteflinga í ritvinnsluforritum úr lágstöfum en ekki er mælt með því þar sem drættir þeirra verða of þunnir og hlutföll ekki rétt. Alvöruhásteflingar eru sérhannaðir í leturgerðum frá grunni. Þetta er dæmi um það þegar tölvutæknin gengur lengra en smekklegru leturnotkun.

Hann vinnur hjá BHM og hefur unnið þar síðan 1999. (gervihásteflingar)

Hann vinnur hjá BHM og hefur unnið þar síðan 1999. (alvöruhásteflingar)

2.20 Hásteflingatölustafir

Hásteflingatölustafir hafa útlit hátölustafa en eru smærri. Þeir eru allir jafnháir (1234567890) ólíkt venjulegum lágtölustöfum (sjá 5.39). Slíkir tölustafir byggðir á hásteflingum eru ekki til í öllum leturgerðum. Þeir eru notaðir í samhengi við aðra hásteflinga, t.d. í undirfyrirsögnum eða í upphafi greina sem hefjast á hásteflingum (sjá 2.13).

DAUÐUR ÞÓRÓLFUR MOSTRARSKEGG 918

FROSTAVETURINN MIKLI 1918 hófst með köldu hausti ...

COVID-19

CHOMSKY 1970

Áherslumerking texta

2.21 Auðkenning og áherslumerking texta

Greinarmerki fylgja aðaltexta um skáletrun eða feitletrun. Þetta þýðir að eingöngu þau greinarmerki sem eru hluti af titli, skáletraðri setningu eða upphrópun eru skáletruð eða feitletruð. Greinarmerki sem standa á milli sjálfstæðra skáletraðra eða feitletraðra orða eru hins vegar ekki skáletruð eða feitletruð.

Hann las *Brekkukotsannál, Sjálfstætt fólk og Íslandsklukkuna*. (Komma og punktur ekki skáletruð.)

Hvort er varan merkt með **síðasta notkunardegi** eða **best fyrir**?

(Spurningarmerki ekki feitletrað.)

Hugtökin **frelsi, friður** og **velsæld** eru mikilvæg. (Komma ekki feitletruð.)

Ég keypti bókina *Mannfækkun af hallærum*. (Punktur ekki skáletraður.)

Ég sá myndina *Punktur, punktur, komma, strik*. (Kommur eru hér skáletraðar þar sem þær eru hluti titils.)

Hið sama gildir um sviga.

Stórsveppur (*Macromycetes*) (svigar óskáletraðir)

Feitletra eða skáletra má orð sem lögð er áhersla á í texta (sjá 2.26, 2.29). Varast skal að ofnota feitletrun, skáletrun, undirstrikun og aðra auðkenningu.

2.22 Almennt um skáletur

Skáletur getur verið gagnlegt til að auðkenna orð eða stafi sem rætt er um (sjá 2.23), heiti ritverka o.s.frv. (sjá 2.25) eða til áherslu (sjá 2.27).

Einnig til að auðkenna fyrirsagnir eða heiti (sjá 2.39). Um skáletur sjá einnig Jóhannes B. Sigtryggsson (2021a).

Varist að nota falskt skáletur, þ.e. beinletur sem hefur verið breytt sjálfvirkt í skáletur í ritvinnsluforriti. Þetta getur gerst ef sérstakt hannað skáletur vantar í leturgerð eða er ekki tiltækt fyrir forritið:

double square brackets (falskt skáletur)

Ekki er mælt með því að skáletra rómverskar tölur (sjá [11.10](#)).

2.23 Skáletrun orða, bókstafa og hljóða

Í almennum texta er rétt að auðkenna orð, bókstafi eða hljóð sem rætt er um með skáletri ef þau standa sjálfstæð.

Bókstafurinn á stendur fyrir tvíhljóð í íslensku.

Upprunaleg þátíðarmynd sagnarinnar *róa* er *reri*.

Greinarmerki sem eru hluti af þeim eða nauðsynleg fyrir tákun þeirra eru einnig skáletruð.

Forskeytið *ör-*. (Bandstrikið er einnig skáletrað.)

Endingin *-na*. (Bandstrikið er einnig skáletrað.)

Orðið beygist þannig í eignarfalli: (*til*) *morguns*. (Skáletraðir svigar: eiga aðeins við dæmið og fjölda orða í því.)

Ritað er *f(f)* í ýmsum tökuorðum, t.d. *koffort*. (Skáletraðir svigar: eiga aðeins við táknið *f(f)*.)

Ef greinarmerkin þjóna hlutverki í setningunni en standa ekki með tákni eða orði þá eru þau ekki skáletruð.

Setan (*z*) var lögð niður í íslensku árið 1974. (Svigarnir ekki skáletraðir.)

Mörg orð enda á *-an* eða *-in*: *gaman*, *megin*. (Tvípunkturinn ekki skáletraður.)

Ef vísað er í stafi eða endingar í almennum texta er einnig hægt að sleppa því að skáletra þau og það er nokkuð algengt í textum. Frekar er þó mælt með því eins og áður sagði að skáletra þau til auðkenningar.

Bókstafurinn *i*.

Stafirnar *ð* og *þ* tilheyra íslenska stafrófinu.

2.24 Skáletur og bandstrik

Ef stafir, endingar o.s.frv. eru tengd við orð með bandstriki (sjá [6.67](#)) þá er óþarfi að skáletra þau. Þetta á til að mynda við ef endingum er bætt við stafi (~~*n-um*~~). Bandstrikið nægir þar til auðkenningar og það mælir einnig á móti því að skáletur sé notað í slíkum tilvikum (til dæmis ~~*innskots=ð*~~) að ekki fer vel á því að skáletra aðeins hluta orðs. Í gr. [26.1.7](#) í

ritreglunum er dæmi um staf með beygingarendingu („brottfall t-s“) og er táknið þar óskáletrað.

Þetta orð er með mörgum n-um.

innskots-ð

auka-t

hástafs-e

Veikt d-hljóð heyrðist í orðinu.

Þetta á sérstaklega við ef orðið í heild myndar ákveðið hugtak:

n-ta (í n-ta veldi)

steins-reglan

i-hljóðvarp

ri-sagnir

na-kvenkynsorð

ypsílon-ey

ng-framburður

að- og hv-setningar

Ef heilt orð sem er til umfjöllunar er hluti af lengri samsetningu með bandstriki þá er þó einnig hægt að skáletra það. Það er þó yfirleitt óþarfi þar sem strikið er nægilegt auðkenningarmerki í slíkum orðum.

Ýmis Þórs-örnefni eru algeng hér á landi.

Ýmis Þórs-örnefni eru algeng hér á landi.

2.25 Skáletrun heita

Gott getur verið að skáletra heiti tímarita, blaða, bóka, kvikmynda, listaverka o.s.frv. í texta til að auðkenna þau. Þetta á sérstaklega við þegar vísað er í ákveðnar útgáfur. Oft nægir þó stór stafur í heiti þeirra til aðgreiningar (sjá 3.37).

Hann var blaðamaður hjá *New York Times* í tíu ár.

Ritið var fyrst gefið út í *Flateyjarbok* (1860)

Hún var lengi áskrifandi að Morgunblaðinu.

Yfirleitt er óþarfi er að skáletra almenn heiti verka.

Í Egils sögu eru margar vísur.

Grágás og Járnsíða eru elstu lögbækurnar.

2.26 Skáletrun hugtaka og mikilvægra orða

Nota má skáletrun eða feitletrun (sjá 2.29) til að auðkenna hugtök eða

mikilvæg orð í texta. Yfirleitt fer þó betur á því að nota skáletur.

*Afstæðiskenningin er mikilvæg í eðlisfræði.
Hér skipta mestu máli hugtökin frelsi og eignaréttur.*

2.27 Skáletrun til áherslu

Einnig má skáletra orð sem lögð er sérstök áhersla á í framburði.

Ég mun eingöngu hlusta á hann.

Skylt þessu er þegar orð eru rituð með hástöfum til að tákna hávæð eða óp (sjá 3.50).

2.28 Skáletrun útlendra orða

Þegar tilgreind eru nýleg eða framandi orð og hugtök er algengt að vísa í upprunalegt orð úr veitimáli eða upprunamáli innan sviga. Heppilegt getur verið og hefð er fyrir því að skáletra erlenda orðið til að greina það betur frá íslenska textanum.

æskilegt verð (e. desired price)

2.29 Feitletur

Feitletur er oft notað til að auðkenna fyrirsagnir og kaflaheiti (sjá 2.39).

Einnig má nota feitletrun til að auðkenna hugtök eða mikilvæg orð í texta.

*Afstæðiskenningin er mikilvæg í eðlisfræði.
Hér skipta mestu máli hugtökin frelsi og eignaréttur.*

Einnig má nota skáletur til að auðkenna slík orð og hugtök (sjá 2.26).

2.30 Undirstrikun

Undirstrikun er yfirleitt ekki notuð í almennum texta. Ef eitthvað er undirstrikað í handskrifuðum texta þá er það skáletrað í uppskrift.

Ég mun eingöngu hlusta á hann.

2.31 Gleiðletur

Gleiðletur, það er aukið bil á milli bókstafa í orði, var oft notað í gömlum bókum í sama skyni og skáletur. Óþarfi er að nota gleiðletur í almennum texta en hægt er að framkalla það í ritvinnsluforritum.

Þetta stóð í Morgunblaðinu.

Ég mun eingöngu hlusta á h a n n.

2.32 Vefslóðir og litur á lettri

Í almennum forritum er algengt að vefslóðir séu sjálfkrafa auðkenndar með einhverjum lit. Þetta getur sérstaklega verið til hægðarauka í texta á vef en hæfir almennt ekki í prentuðum texta.

Ari Páll Kristinsson. 2011. Stafróf og stafrófsröð
https://www.arnastofnun.is/sites/default/files/2019-02/Stafrof_og_stafrofsrod.pdf.

2.33 Ofnotkun auðkenningar

Almennt skal varast að ofnota feitletrun, skáletrun, undirstrikun og aðra auðkenningu í texta því að slíkt getur haft truflandi áhrif á lestur. Það fer sérstaklega illa á því að auðkenna með tvennum hætti sama orð eða texta, t.a.m. bæði feitletra og skáletra fyrirsögn.

Framtíð sjávarútvegs hér á landi

Frekar:

Framtíð sjávarútvegs hér á landi

eða:

Framtíð sjávarútvegs hér á landi

Fyrirsagnir, yfirskriftir, kaflaheiti

2.34 Almennt um fyrirsagnir

Mikilvægt er að velja fyrirsagnir sem lýsa vel efninu.

Ef texti er lengri en örfáar síður þá getur verið gott að skipta honum upp í undirkafla eða minni einingar. Hver undirkafla þarf að fá lýsandi heiti.

Efnislína í formlegu bréf eða skeyti þjónar svipuðu hlutverki og fyrirsagnir. Í henni eiga að koma fram á skýru máli efni bréfs og erindi (sjá 2.51).

Fyrirsagnir og kaflaheiti þurfa að vera vel aðgreind frá meginmáli. Þau eru með stærra lettri en texti meginmáls og oft feitletruð eða skáletruð.

Með því að skipta texta í undirfyrirsagnir eða undirkafla verður efnisskipting skýrari.

2.35 Ólík stig fyrirsagna

Ekki fer vel á því að nota fleiri en þrjú stig fyrirsagna:

fyrirsagnir, undirfyrirsagnir/millifyrirsagnir
eða
yfirkaflar, undirkaflar

Fyrirsagnir og kaflar eru oft tölusettir. Punktur er notaður til að greina á milli liða í milli- og undirköflum (sjá 6.32). Ekki er hins vegar punktur á eftir kaflatölu.

1 Inngangur

1.1 Árin í Skandinavíu

1.1.1 Svíþjóð

1.1.2 Danmörk

2.36 Línufyrirsagnir

Línufyrirsagnir eru stundum notaðar. Þær eru í upphafi efnisgreinar en ekki í sérlínu fyrir framan. Auðkenna má þær með feitiletri, skáletri eða hásteflingum (sjá 2.14).

Víg Broddhelga 974. Atburður þessi verður ekki tímasettur eftir *Vopnfirðinga sögu* fremur en aðrir atburðir í þeirri sögu.

Víg Broddhelga 974. Atburður þessi verður ekki tímasettur eftir *Vopnfirðinga sögu* fremur en aðrir atburðir í þeirri sögu.

VÍG BRODDHELGA 974. Atburður þessi verður ekki tímasettur eftir *Vopnfirðinga sögu* fremur en aðrir atburðir í þeirri sögu.

2.37 Greinarmerkjasetning í tvíliðuðum fyrirsögnum og titlum

Fyrirsagnir eða titlar geta skipst í tvo hluta. Seinni liðurinn er þá oft eins og undirtitill með nákvæmari lýsingu á efninu. Fyrri liðurinn getur verið tilvitnun eða grípandi titill.

Ef hlutarnir standa náið saman, eru óheilar setningar, fer vel á því að greina á milli þeirra og um leið tengja þá saman með þankastriki (sjá 6.81). Yfirleitt er betra að nota þankastrik en tvípunkt þótt sú notkun sé einnig algeng (~~Hveragerði – vin skálda~~) (sjá 6.111). Síðari hlutinn hefst á lágstaf nema hann sé heil setning.

Hveragerði – vin skálda

Heiður og huggun – erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Ef síðari hlutinn í samsettri fyrirsögn er heil setning þá er rétt að láta fyrri

hlutann enda á punkti frekar en millistriki því að strík geta almennt ekki staðið á milli heilla setninga (sjá 6.79).

Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra

Ef þarf að skipta tvíliðaðri fyrirsögn með millistriki á milli lína þá fylgir það seinni helmingnum.

Íslenska til alls

– tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu

Ef fyrirsögn með punkti er skipt á milli lína þá er honum sleppt.

Sagan upp á hvern mann

Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra

2.38 Stærð leturs í fyrirsögnum

Yfirleitt er gerður greinarmunur á fyrirsögnum með stærð leturs.

Yfirfyrirsagnir eru stærstar (20–24 punktar), millifyrirsagnir minni (16–20 punktar) og undirfyrirsagnir minnstar (12–16 punktar).

2.39 Feitletur og skáletur í fyrirsögnum

Fyrirsagnir eru yfirleitt feitletraðar en geta einnig verið skáletraðar.

Yfirkaflar eru þá feitletraðir en undirkaflar skáletraðir.

Ekki fer vel á því að feitletra bæði og skáletra fyrirsögn (2.33).

Inngangur

Listar

2.40 Almennt um lista

Óþarfi er að hafa bil á milli undanfarandi texta og lista. Oft er tvípunktur á undan listum enda eru þeir oft í eðli sínu upptalning.

Í almennum forritum eru oft ýmsar sjálfvirkar stillingar fyrir lista, t.d. á inndrætti og vali á aðgreiningarmerki. Stundum brjóta slíkar stillingar í bág við almenn viðmið um skipan texta. Þá getur verið gott að breyta þessum sjálfvirku stillingum í forritunum (sjá 13.3).

Gott er að hafa inndrátt á undan hverjum lið í lista (sjá 2.7).

Á eftir lokalið lista er alltaf punktur (sjá 2.45).

2.41 Tölur og bókstafir í listum

Ef notaðar eru tölur í tölusetnum lista þá er punktur á eftir hverri tölu. Ef á undan fer inngangstexti þá endar hann á tvípunkti en ef hann myndar heild með því sem á eftir fer þá er ekki hafður tvípunktur á undan honum.

Ef notaðir eru bókstafir til að greina á milli liða í lista þá er hafður svigi á eftir þeim en ekki punktur (sjá [6.88](#)).

Meginviðskiptalönd fyrirtækisins:

1. Svíþjóð
2. England
3. Þýskaland.

Vinsælustu íþróttir í heiminum eru

- a) fótbolti
- b) körfubolti
- c) blak.

Ef nauðsynlegt er að tilgreina undirliði í lista þá eru tölur notaðar fyrir aðalliði en bókstafir fyrir undirliði. Aukainndráttur er fyrir undirliði.

1. Framkvæmdir sumarsins:

- a) Málun íþróttahússins
- b) Endurnýjun bolta.

2. Önnur mál.

2.42 Inndráttur í listum

Það getur farið vel á því að hafa hvern lið í listum inndreginn til að gera þá greinilegri en ella. Um inndrátt almennt sjá [2.7](#).

Meginviðskiptalönd fyrirtækisins:

1. Svíþjóð
2. England
3. Þýskaland.

2.43 Strik og dopper í listum

Frekar er mælt með því að nota millistrik (–) en dopper (•) í listum þar sem þarf ekki að aðgreina liði í tölu- eða stafrófsröð. Það sem mælir frekar með notkun striks en doppu er að strik eru grunntákn og almennt er mælt með því að nota sem fæst ólík greinarmerki í texta. Notið einnig frekar millistrik (–) en bandstrik (-) sem aðgreiningarmerki í listum (sjá [6.75](#)).

Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru

- Ísland
- Bandaríkin
- Þýskaland.

Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru

- Ísland
- Bandaríkin
- Þýskaland.

2.44 Há- og lágstafur í listum

Það hvort liðir í lista hefjast á lág- eða hástaf fer eftir því hvort málsgrein liðarins er fullkomin eða ekki, það er getur staðið sjálfstæð. Ef hún er það þá er stór stafur en annars lítill.

Stefnumálin eru þessi:

1. Skuldir heimilanna verði lækkaðar.
2. Heilbrigðisþjónustan verði gerð gjaldfrjáls.
3. Kvótinn verði settur á uppboð.

Algengustu tungumálin á Íslandi eru

- a) íslenska,
- b) pólska,
- c) táknmál.

Um þetta má styðjast við kafla um stóran og lítinn staf á eftir tvípunkti enda er tvípunktur oft á eftir inngangsorðum á undan lista (sjá [6.112](#)).

2.45 Greinarmerkjasetning í listum

Hefðir um greinarmerkjasetningu í listum eru nokkuð á reiki enda eiga reglur um setningu greinarmerkja aðallega við um meginmál. Það má einnig líta svo á að í listum gegni ný lína sama hlutverki og greinarmerki almennt og það sé því óþarfi að hafa mikla greinarmerkjasetningu í listum, t.d. í glæruforritum.

Eina fasta reglan er að mælt er með því að síðasti liður í lista endi á punkti.

Í *Handbók um íslensku* (Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:137–140) er tillaga um nokkuð umfangsmikið kerfi um greinarmerkjasetningu fyrir þá sem vilja styðjast við greinarmerki í listum. Þar er lagt til að komma greini sundur liði í lista ef setningar eru stuttar og ósjálfstæðar en punktur ef allir liðir lista eru sjálfstæðar málsgreinar. Auk þess er þar einnig lagt til að notuð sé semikomma á milli liða ef einn eða fleiri liðir en ekki allir eru samansettir úr sjálfstæðum málsgreinum. Dæmi:

Stefnumálin eru þessi:

1. Skuldir heimilanna verði lækkaðar.
2. Heilbrigðisþjónustan verði gerð gjaldfrjáls.
3. Kvótinn verði settur á uppboð.

Algengustu tungumálin á Íslandi eru

- a) íslenska,
- b) pólska,
- c) táknmál.

Stefna næstu ára í hnotskurn. Farið verður í:

1. sókn til útlanda. Styrkur fyrirtækisins nýttur til fulls;
2. eflingu starfseminnar innanlands;
3. niðurgreiðslu skulda.

2.46 Listar í meginmáli

Ef listi eða stutt upptalning er hluti af meginmáli og liðir eru aðgreindir með tölum eða bókstöfum þá eru þau afmörkuð með svigum, einum eða tveimur. Frekar er mælt með því að hafa bæði sviga á undan og eftir tölu eða bókstaf (sjá [6.88](#)).

Athugið að á eftir töluliðum í meginmáli fer svigi en ekki punktur eins og í almennum listum (sjá [2.41](#)).

Rætt verður þar um (a) framhald skólaársins, (b) ípróttastarf og (c) kirkjuheimsóknir.

Rætt verður þar um a) framhald skólaársins, b) ípróttastarf og c) kirkjuheimsóknir.

Rætt verður þar um (1) framhald skólaársins, (2) ípróttastarf og (3) kirkjuheimsóknir.

Rætt verður þar um 1) framhald skólaársins, 2) ípróttastarf og 3) kirkjuheimsóknir.

Bréf og skeyti

2.47 Staður og dagsetning

Í formlegum bréfum eru upplýsingar um stað og dagsetningu oft hafðar efst uppi í hægra horni. Stundum er einnig getið um ritunarstað.

Hafnarfirði, 12. febrúar 2020

Þriðjudaginn 11. janúar 2020

jólum 2020

2.48 Ávarp

Í formlegum ávarpi er gott að nota lýsingarorðin *sæll* eða *kær* og nafn þess sem skeytið er ætlað. Hægt er að enda ávarpið á punkti eða jafnvel upphrópunarmerki (sjá 6.117). Síðarnefnda merkið getur átt vel við ef maður þekkir þann sem er ávarpaður. Auð lína er á eftir ávarpi og meginmál hefst á stórum staf.

Sæl, Guðrún.
Sæl, Guðrún!
Kæra Pálína.
Kæra Pálína!

Ég þakka þér fyrir fund okkar í síðustu viku ...

Ekki er mælt með því að nota kommu á eftir ávarpi. Það er ekki rétta greinarmerkið fyrir svo afgerandi bil og notkun hennar fylgir einnig óvissa um hvort hefja á meginmál bréfs með stórum eða litlum staf. Á eftir kommu fylgir alltaf lítill stafur (sjá 6.2) en hins vegar er skrytið að hefja meginmál á eftir línubili með lágstaf.

~~Kæra Sigga,~~

~~þetta/Þetta var ekki ...~~

2.49 Kveðja

Algengar kveðjur eru *kveðja*, *kær kveðja*, *bestu kveðjur* eða *með bestu kveðju*. Í formlegu bréfi eða skeyti er hægt að nota *virðingarfyllst*. Á eftir kveðju fer komma en nafn bréfitara er sett í næstu línu. Á undan kveðju er auð lína.

Kær kveðja,
Sigrún Jónsdóttir

Bestu kveðjur,
Jón Jónsson

Virðingarfyllst,
Sveinn Árnason

Fyrir hönd starfsmanna óskum við ykkur gleðilegra jóla,
stjórn Malarfélagsins

2.50 Undirskriftir

Algengt er að hafa upplýsingar um titil, vinnustað, heimilisfang vinnu, símanúmer o.s.frv. aftan við kveðju í vinnuskeytum.

Venja er þá að hafa hvern lið í sérlínu. Ekki er hafður upphafsstafur fremst í línu nema um sé að ræða sérnöfn. Sleppa má kommu því að línubilið þjónar að vissu leyti hlutverki greinarmerkis.

Jón Jónsson
deildarstjóri umhverfissviðs
Reykjavíkurborg
Borgartúni 23
s. 555-4444

2.51 Efnislína

Í formlegum skeytum er mikilvægt að efni þess komi skýrt fram í efnislínu. Hana má auðkenna með orðinu *Efni* og tvípunkti (sjá [6.106](#)).

Efni: Ársfundurinn í næstu viku

Tilvitnanir

2.52 Beinar og óbeinar tilvitnanir

Bein tilvitnun er það þegar vitnað er orðrétt í annan texta en *óbein tilvitnun* er það þegar texti annars er endursagður með eigin orðum.

2.53 Stuttar beinar tilvitnanir

Stuttar beinar tilvitnanir, sem ekki eru lengri en þrjár línur, eru afmarkaðar með tilvitnunarkerkjum (sjá [6.96](#)).

2.54 Langar beinar tilvitnanir

Ef tilvitnun er lengri en þrjár línur er rétt að greina hana frá meginmáli með auðri línu á undan og eftir og inndrætti (sjá [2.8](#)).

2.55 Styttling eða viðbætur við beinar tilvitnanir

Ef tilvitnun er stytta er styttingin auðkennd með úrfellingarpunktum eins og annars staðar. Í fræðilegum skrifum tíðkast að auðkenna úrfellingu úr tilvitnun enn skýrar með því að hafa hornklofa utan um úrfellingarpunktana (sjá [6.93](#)).

Ef bætt er skýringu eða viðauka við beina tilvitnun þá er viðbótin innan hornklofa (sjá [6.90](#)).

2.56 Millistrik í stað tilvitnunarkerkja

Í skáldsögum og leikritum eru samtöl oft auðkennd með millistriki eða tilvitnunarstriki og þá er tilvitnunarmerkjum sleppt. Hvert nýtt strik tákna

venjulega að skipt sé um þann sem talar (sjá [6.77](#)).

Þá sagði Arnar við Svanhildi:

– Hvert fórstu í gær?

– Ég veit það eiginlega ekki.

Jóhannes B.
Sigtryggsson

3 Stór og lítill stafur

3.1 Almennt um stóran og lítinn staf

Umfjöllun í undirköflum 3.1–3.56 byggist mikið á fyrsta kafla í ritreglunum ([1. Stór og lítill stafur](#)).

Eitt flóknasta atriðið í íslenskri stafsetningu er stór og lítill stafur. Það er skiljanlegt því að þar er engin stoð af framburði.

Almenna reglan er að rita samnöfn með litlum staf (sjá til dæmis [3.4](#)) en sérnöfn með stórum (sjá til dæmis [3.26](#)). Það getur hins vegar verið erfitt stundum að greina þar á milli og oft leikur vafi á því hvort flokka á eitthvað sem samnafn eða sérnafn.

Lítill stafur

3.2 Almennt um lítinn staf

Eins og fjallað er um í [3.3](#) er grunnreglan að nota litla bókstafi. Þeir eru sjálfgefnir nema kveðið sé á um annað. Þeir eru aðallega notaðir við ritun samnafna (sjá [3.4](#)) en einnig sérnafna sem hafa tengst samnöfnum í samsettum orðum og hafa misst sérhljóðseðli sitt (sjá [3.5](#) o.áfr.).

3.3 Litlir stafir eru almennt notaðir í texta

Í ritreglum Íslenskrar málnefndar er sagt með skýrum hætti í [gr. 1.1](#) að það skuli almennt nota litla stafi frekar en stóra í ritmáli: „Lítinn staf skal að jafnaði nota í rituðu máli.“

Í eldri reglum um íslenska stafsetningu frá 1974 (*Auglýsing um íslenska stafsetningu* nr. 132/1974) er fjallað um notkun stórs og lítils stafs en ekki almennt um að lágstafsform stafa sé grunnform þeirra. Óbeint er þó vikið að því í hefðbundnum reglum um stafrófsröðun í íslensku þar sem lágstafir raðast á undan hástöfum (sjá [8.3](#)).

Meginreglan í rituðu máli er því að nota lítinn staf, hann er hlutlaus, en með notkun stórs stafs er nokkurs konar viðbótarupplýsingum komið til skila, um áherslu, upphaf nýrrar málsgreinar o.s.frv. Lítill stafur er því notaður nema reglur um stóran staf kveði á um annað. Reglur um lítinn staf fjalla því ekki um öll tilvik þar sem nota skal lítinn staf heldur eru til áréttingar um ýmis tilvik.

Þessu fylgir að sérstakar ástæður eða rök þurfa að vera fyrir því að nota stóra stafi, svipað og um aðra auðkenningu texta. Reglur um stóran staf snúast því mikið um undantekningar frá grunnreglunni um lágstafi.

3.4 Samnöfn eru að jafnaði rituð með litlum upphafsstaf

Samnöfn eru sameiginleg heiti, eða tegundarheiti, sem alls kyns fyrirbæri bera hvort sem þau eru lifandi eða dauð, sýnileg eða ósýnileg o.s.frv., til dæmis *akur, bók, fluga, hugmynd, hveiti, list, kennari, maður, sokkur*. Samnöfn eru að jafnaði rituð með litlum upphafsstaf.

Fjöldi orða sem vísa til eðlis, gerðar, staðsetningar, hugmynda, áþreifanlegra og óáþreifanlegra fyrirbæra, einhvers sem endurtekur sig reglubundið o.s.frv. eru rituð með litlum upphafsstaf.

alkóhólisti, amfetamín, andskoti, barlómur, engill, félag, fjandi, fob-verð, haust, hálendi, hárlakk, heimsmeistaramót, heimspeki, hjúkrun, járnsmíði, kaffi, kísilgúr, landafræði, leður, lygalaupur, lýðveldi, lýsi, miðbaugur, ráðuneyti, silfurverðlaun, sink, stúdentspróf, sykur, verkfræði, vítamín, þorrablót

Ef samnafn er dregið af sérnafni er það stundum ritað með stórum upphafsstaf (sjá 3.47 o.áfr.) en nokkrir flokkar af merkingarlega skyldum orðum eru undantekningalaust ritaðir með litlum staf (sjá 3.5 o.áfr.).

Flokkar samnafna sem alltaf eru rituð með litlum staf

3.5 Almennt um samnöfn sem dregin eru af sérnafni

Ef samnafn er dregið af sérnafni er það oft ritað með stórum upphafsstaf (sjá 3.47 o.áfr.). Mörg orð sem dregin eru af sérnafni eru hins vegar tegundarheiti eða hafa fengið almenna merkingu þannig að tengslin við upprunann eru orðin óljós. Oft er um erlend sérnöfn að ræða en tegundarheiti geta líka byrjað á orði af erlendum uppruna án þess að það sé sérnafn. **Því gildir sú regla um nokkra flokka orða að þau eru ávallt rituð með litlum upphafsstaf, óháð uppruna.** Önnur orð sem dregin eru af sérnafni hafa skýrari tengsl við upprunann eða eru jafnvel sjálf sérnafn á einstöku fyrirbærum.

Eftirfarandi dæmi varpa ljósi á þessi mismunandi og oft óljósu tengsl:

Vínarsáttmálinn er *einn ákveðinn sáttmáli* kenndur við Vínarborg (sérnafn).

vínarbrauð er *tegund* af brauði sem kennt er við Vínarborg (tegundarheiti).

hamborgari er dregið af sérnafni (Hamborg).

lasanja er ekki dregið af sérnafni.

lygamörður er dregið af sérnafninu Mörður sem er sögupersóna í Njálu en hefur almennu merkinguna ‘maður sem lýgur mikið’.

lygalaupur er samsett úr samnöfnunum *lygi* (‘ósannindi’) og *laupur* (‘rimlakassi’) og hefur almennu merkinguna ‘maður sem lýgur mikið’.

Hjálparregla

Með tegundarheitum er oft hægt að nota *eins konar* eða *hvers konar*?

Hvers konar bolla er þetta? Þetta er berlínarbolla.

Hvers konar blóm er þetta? Þetta er maríustakkur.

Hvers konar vín er þetta? Þetta er eins konar rínarvín.

Tegundarheiti

3.6 Almennt um tegundarheiti

Tegundarheiti dýra (sjá 3.7) og jurta (sjá 3.8), matvælaheiti (sjá 3.9) og læknisfræðiheiti (sjá 3.10) eru rituð með litlum upphafsstaf þótt þau séu upprunalega dregin af sérnöfnum.

Sama gildir um heiti trúarbragða, viðhorfa, strauma og stefna og heiti fylgismanna þeirra. Auk þess minni flokkar eins og heiti vikudaga og mánaða (sjá 3.13), gjaldmiðla (sjá 3.14), tungumála (sjá 3.16) og úrelt kynþáttaheiti (sjá 3.17).

3.7 Heiti á tegundum eða flokkum dýra

Heiti á dýrategundum og flokkum dýra eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki.

abyssiníuköttur, alaskaufsi, balíköttur, bengalköttur, dalmatíuhundur, dingóhundur, dóbermannhundur, freyshani, galloway-nautgripur, herefordnautgripur, jakobsfiskur, jövuköttur, kolkuóshross, labradorhundur, maríubjalla, maríudepla, maríuerla, maríuhæna, mývatnssilungur, njarðarsvala, nýfundnalandshundur, óðinshani, pýreneahundur, rottweilerhundur, sanktibernharðshundur, setterhundur, síamsköttur, sómalíuköttur, spánarsnigill, spaníelhundur, stóridani, svaðastaðahross, terrierhundur, þingvallamurta, þórshani

3.8 Heiti á tegundum jurta, plantna, trjáa o.s.frv.

Heiti á tegundum jurta, plantna, trjáa o.s.frv. eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérnafni eða ekki.

alaskalúpína, alaskaviðir, alaskaösp, aronsvöndur, baldursbrá,

brekkumariustakkur, daviðslykill, dvergsóley, engjamariustakkur, fjallakobbi, freyjubrá, friggjargras, gullauga, gullbrá, helga (kartöflur), hvítárlax, ingimarsfífill, íslandsfífill, jakobsfífill, jakobsstigi, lilja, lokasjóður, mariugrös, mariulykill, mariustakkur, mariusvunta, mariuvendlingur, mariuvöndur, mariuvöttur, mývatnsgrös, ólafsráuðar, ólafssúra, ránarkambur, ránarkjarni, rauðsmári, reynir, smári, snækobbi, sóley, spánarkerfill, stefánssól, steindórssól, tírólamerla, týsfjóla, unnarfaldur, víðir, þyrnirós, ægissigð

3.9 Heiti á tegundum matvæla

Heiti á tegundum matvæla eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki. Nokkuð algengt hefur verið að rita heiti matvæla leidd af sérnöfnum með lágstaf. Það var þó ekki fyrr en í ritreglum 2016 sem það var fastsett að slík heiti ætti alltaf að rita með litlum staf (sjá 5.94).

armaníak, basmatíhrísgrjón, bayonne-skinka, berlínarbolla, béarnaise-sósa, bolognasósa (bolognese-sósa), bordóvín (bordeaux-vín), búrbonviskí (bourbon-viskí), dijón-sinnep, gádaostur (gouda-ostur), genúakaka, gíneupipar, gorgonsólaostur (gorgonzola-ostur), grahams-mjöl, gullauga, hamborgari, helga (kartöflur), hólsfjallahangikjöt, jaffaappelsínur, jalapenjo, jövukaffi, kalamataólífur, kamembertostur (camembert-ostur), kampavín, kasjúhneti, keníukaffi, kínakál, kínarúlla, kólumbíukaffi, lasanja, londonlamb, madeirasósa, madeiravín, móselvín, napóleonshattur, napóleonskaka, ólafsráuðar, parmaostur, parmaskinka, pekingönd, rínarvín, roquefort-ostur, skalottlaukur, stroganoffbuff, vínarbrauð, vínarpylsa, vínarsnitsel, vínarterta, waldorf-salat, worcester-sósa

3.10 Læknisfræðileg hugtök

Ýmis læknisfræðileg hugtök (sjúkdómar og fleira) eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki. Þessi regla um ritun læknisfræðilegra heita var fastsett í ritreglunum 2016 (sjá 5.94).

akureyrarveikin, alzheimers-sjúkdómur, asiúflensa, downs-heilkenni, fuglaflensa, hermannaveiki, influensa, langerhanseyjar, liðagigt, parkinsonsveiki, stokkhólmsheilkennið, sóríasis (psoriasis)

3.11 Heiti trúarbragða, viðhorfa, strauma, stefna og fylgismanna

Heiti trúarbragða og viðhorfa, strauma og stefna og heiti fylgismanna þeirra eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki.

ágústínar, ásatrú, ásatrúarmaður, benediktínar, búddismi, búddisti,

einræðissinni, fransiskanar, frihyggjumaður, guðspekingur, gyðingur, heiðingi, húgenotti, íslam, kalvínismi, kalvínisti, kalvínstrú, kristin trú, kristni, kvekari, lúterska, lýðræðissinni, múhameðstrú, múhameðstrúarmaður, múslími, rökhyggjumaður, sjíti (síti), súnníti

frjálshyggja, jafnaðarstefna, sósíalismi

dadaismi, kúbismi, póstmóðernismi, raunsæi, raunsæismaður, rómantík,

Stundum getur verið erfitt að greina á milli trúflokka og þjóðflokka. Þeir sem aðhyllast *gyðingatrú* eru *gyðingar* en hins vegar eru *Gyðingar* einnig þjóð, sögulega séð (sjá 3.41). Hér þarf því að huga að samhengi og samræmi. Þetta á einnig til dæmis við um ýmsa hópa manna í Biblíunni, svo sem *levíta*.

3.12 Heiti stjórnmalastefna og fylgismanna

Heiti stjórnmalastefna og fylgismanna þeirra eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki.

fasismi, jafnaðarmaður, íhaldsmaður, kommúnismi, kommúnisti, lenínismi, lenínisti, maóismi, maóisti, marxismi, panslavismi, sósíalísti, stalínismi, stalínisti, thatcherismi, trotskíisti, valtýska, vinstriarmaður

Fylgismenn stjórnmálaflokka eru hins vegar ritaðir með stórum upphafsstaf (sjá 3.45).

3.13 Heiti vikudaga og mánaða

Heiti vikudaga, fornra og nýrra, eru ætíð rituð með litlum staf þótt þau séu sum upphaflega leidd af nöfnum (*týsdagur*, *þórsdagur*). Hið sama gildir um ný og forn mánaðarheiti.

mánudagur, fimmtudagur, sunnudagur, týsdagur, þórsdagur, þváttdagur

maí, júlí, ágúst, nóvember, þorri, góa, einmánuður, gormánuður, harpa, heyannir, mörsugur, tvímánuður, ýlir

3.14 Heiti gjaldmiðla

Heiti gjaldmiðla eru ávallt rituð með litlum staf þótt þau séu leidd af sérnafni (sjá 5.94).

afgani, bandaríkjadalur, birr, dalur, denari, dollari, evra, kanadadalur, króna, líra, penní, pund, rúblá, sent, svissneskur franki, vonn

3.15 Heiti laga og reglugerða

Heiti laga og reglugerða eru rituð með litlum staf.

barnaverndarlög, fjárlög, hegningarlög, lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákmarks nr. 61/2011, stöðulögin, sveitastjórnarlög, þjóðlendulög

mengunarvarnareglugerð, reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012

3.16 Heiti tungumála, málaætta og mállýskna

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum tungumála, málaflokka og mállýskna enda þótt líta megi á þau sem sérheiti og sum séu dregin af sérnöfnum (sjá 5.94).

danska, bíslama, bretónska, finnlandssænska, forngríska, gróningska, íslenska, jóska, kmeríska, krímgotneska, mongólska, latína, lúvale, sótó, svahílí, svisspýska, svíþjóðarfinnska

bantúmál, kákasusmál, níger-kongó-mál, papúamál

vestfirska, vesturíslenska

3.17 Úrelt kynþáttaheiti

Ýmis gömul (og úrelt) kynþáttaheiti (einkum byggð á útlitseinkennum) eru rituð með litlum upphafsstaf. Þetta geta verið niðrandi heiti.

aríar, blámaður, eskimóar, kákasítar, mongólar, negrar, negrítar

Öll þjóða- og þjóðflokkaheiti eru hins vegar rituð með stórum staf (sjá 3.41).

Flokkar samnafna eru ritaðir með litlum staf nema þegar þeir eru leiddir af sérnafni

3.18 Almennt um samnöfn sem eru rituð með litlum staf nema þegar þau eru leidd af sérnafni

Um sum önnur samnöfn gildir að þau eru almennt rituð með litlum staf nema þegar þau eru leidd af sérnafni. Ritun þessara flokka er því aðeins flóknari en þeirra sem tilgreindir eru hér að framan þar sem alltaf er lítill stafur óháð uppruna.

Þetta eru meðal annars eftirfarandi flokkar:

3.19 Starfsheiti og titlar

Hvers konar starfsheiti og titlar eru almennt ritaðir með litlum staf.

alþingismaður, biskup, borgarstjóri, bóndi, doktor, dómsmálaráðherra, fiskistofustjóri, forseti, forsætisráðherra, frú, herra, hæstaréttardómari, kennari, konungur, landlæknir, ljósmóðir, lögfræðingur, prestur, prófessor, sálfræðingur, séra, sjómaður, skáld, skipstjóri, smiður, sýslumaður, verkamaður

Þegar starfsheiti er skeytt aftan við heiti þjóðar, lands, stofnunar eða fyrirtækis má hins vegar rita það með stórum staf: *Bandaríkjaforseti, Rússlandskeisari, Fiskistofustjóri, Morgunblaðsritstjóri.*

3.20 Viðurnefni

Viðurnefni eru almennt rituð með litlum staf.

(Ari) fróði, (Árni) ljúflingur, (Jón) lærði, (Puríður) formaður, (Ketill) hængur, (Gunnar) smiður

Ef viðurnefni er leitt af sérnafni er það hins vegar ritað með stórum staf.

(Sigurður) Fáfnisbani, (Gunnar) Keldugnúpsfífl, (Jón) Indíafari, (Helgi) Hundingsbani, (Sigríður) Eyjafjarðarsól, (Einar) Þveræingur

Ef viðurnefni er skeytt framan við sérnafn eru bæði orðin rituð með stórum upphafsstaf og tengd með bandstriki (sjá 3.48).

Litli-Jón, Svarti-Pétur, Ástar-Brandur, Fjalla-Eyvindur

3.21 Málshættir og orðtök

Sérnöfn voru upprunalega stundum hluti af málsháttum og orðtökum. Ef þau eru ekki lengur skynjuð sem sérnöfn í málvitund fólks þá eru þau rituð með lágstaf. Ritun þeirra er því valfrjáls nema skýr hefð sé um annað.

galli á gjöf njarðar (Njarðar), glatt á hjalla (Hjalla), einhverjum er eitthvað þrándur (Þrándur) í götu (Götu)

Nú er setinn Svarfaðardalur, Nú er stand á Goddastöðum

3.22 Heiti einstakra daga, mánaða, tímabila, hátíða og sögulegra viðburða

Heiti einstakra daga og vikna, mánaða, tímabila, hátíða og sögulegra viðburða eru rituð með litlum staf nema þegar þau eru dregin af sérnafni. Ný og forn heiti vikudaga og mánaða (til dæmis *fimmtudagur, týsdagur, ýlir*) eru hins vegar alltaf rituð með litlum staf þótt þau séu leidd af sérnafni (sjá 3.13).

Einstakir dagar og vikur

dagur íslenskrar tungu, dagur Sameinuðu þjóðanna, dymbilvika, páskavika

Tímabil

árisöld, bronsöld, eiröld, fornöldin, frumlífsöld, hlýöld, landnámsöld, miðaldir, mýratíð

Sögulegir atburðir

franska byltingin, frostaveturinn mikli, iðnbyltingin, kalda stríðið, móðuharðindi, svartidauði, þrælastríðið

Hátíðir og tyllidagar

aðventa, fullveldisdagur, hundadagar, hvítasunna, jól, páskar, sjómannadagurinn, skírdagur, sumardagurinn fyrsti, þjóðhátíðardagur, þrettándi, verslunarmannahelgi

Ef orð í þessum flokki eru leidd af sérnafni þá eru þau rituð með stórum staf.

Álftanestið, Karlungatíminn, Margrétarmessa, Mikjálsmessa, Napóleonsstríðin, Pétursmessa og Páls, Sturlungaöld, Þorláksmessa, Örlygsstaðabardagi

3.23 Ýmis orð sem eru dregin af sérnöfnum

Ýmis orð sem (upprunalega) eru dregin af sérnöfnum en hafa fengið almenna merkingu eða eru eins konar tegundarheiti eru rituð með litlum upphafsstaf.

adamsepli, akkillesarhæll, alpagrein, aulabárður, bermúdabuxur, biblíufróður, bögubósi, dísilbifreið, evuklæði, gordíonshnútur, grettistak, gróusaga, gvendarbrunnur, hrunadans, kaupahéðinn, kínaskór, kvennabósi, kvislingur, lygamörður, maríutása, röntgenmynd, salómonsdomur, síamstvíburar, skraffinnur, skriffinnur, svikahrappur, þórðargleði, þyrnirósarsvefn, ökuþór

Oft eru slíkar samsetningar þar sem fyrri liðurinn er leiddur af sérnafni þó ritaðar með stórum staf (sjá 3.47), til dæmis *Bernoulli-lögmál*, *Maríubæn*.

Stór stafur

3.24 Almennt um stóran staf

Að nota stóran staf er undantekning frá meginreglunni um að almennt séu notaðir litlir stafir í texta. Stórir stafir eru notaðir í ákveðnum tilvikum:

í upphafi nýrrar málsgreinar (sjá 3.25), í sérnöfnum (sjá 3.26 o.áfr.) og í ákveðnum tegundum skammstafana (sjá 10.6 o.áfr.).

3.25 Stór stafur er ritaður í upphafi máls

Stór stafur er alltaf ritaður í upphafi máls og í nýrri málsgrein á eftir punkti. Á eftir upphrópunarmerki og spurningarmerki er einnig oftast stór stafur (sjá 6.114 og 6.54) og stundum á eftir tvípunkti (sjá 6.104) en aldrei á eftir kommu eða semikommu (sjá 6.36), eins og ráða má af eftirfarandi dæmum og skýringum.

Stór stafur

Hann er kominn. Það var nú gott. [Upphaf máls og ný málsgrein á eftir punkti.]

Er hann kominn? Það var nú gott. [Ný málsgrein á eftir spurningarmerki.]

Hann er kominn! Það var nú gott. [Ný málsgrein á eftir upphrópunarmerki.]

Ég sagði: „Það var nú gott.“ [Bein tilvitnun á eftir tvípunkti.]

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta. [Sjálfstæð málsgrein á eftir tvípunkti.]

Lítill stafur

Ekki er þetta gott, sagði ég.

Ég hitti kennara, leiðbeinendur og skólastjórnendur.

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga. [Ófullkomin setning á eftir tvípunkti.]

Ég þarf að kaupa þrennt: mjólk, brauð og smjör. [Upptalning á eftir tvípunkti.]

„Það var nú gott,“ sagði ég. [Á eftir beinni tilvitnun, innan sömu málsgreinar.]

„Er hann kominn?“ spurði ég. [Á eftir beinni tilvitnun, innan sömu málsgreinar.]

„Hann er kominn!“ kallaði hún. [Á eftir beinni tilvitnun, innan sömu málsgreinar.]

Stór stafur og sérnöfn

3.26 Almennt um sérnöfn

Sérnöfn eru heiti sem tilteknir einstaklingar eða eintök af einhverri tegund bera, einkum menn og aðrar verur, staðir, stofnanir og ýmis mannanna verk, eins og hús, listaverk og hugverk. Sérnöfn eru rituð með stórum upphafsstaf. Dæmi: *Sigríður*, *Harpa*.

3.27 Sérnöfn eða heiti sem eru fleiri en eitt orð

Ef sérnafn er fleiri en eitt orð er aðeins stór upphafsstafur í fyrsta orðinu, til dæmis *Austurlönd nær*, *Rauði krossinn*, *Hið íslenska bókmenntafélag*,

nema á eftir fari sérnafn eða sérnöfn, til dæmis *Fríverslunarsamtök Evrópu, Hæstiréttur Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (sjá einnig dæmi í [3.39](#)).

Nöfn manna, dýra og annarra vera

3.28 Nöfn manna

Nöfn manna eru rituð með stórum staf, svo sem skírnarnöfn, millinöfn, föðurnöfn, móðurnöfn og ættarnöfn, einnig gælunöfn og styttnöfn.

Aron, Ari, Bryndís, Guðmundur, Gummi, Guðrún, Ólafur

Dan, Eldjárn

Helguson, Sigurðardóttir

Vídalín

Guðm. (Guðmundur)

J.J. (sjá [7.59](#))

Danni, Viggja

Fjölmörg dæmi eru um að mannanöfn eigi sér samhljóða samheiti (til dæmis *Bára* og *bára*). Oftast má þó auðveldlega af ráða af samhengi hvort um er að ræða nafn sem ritað er með stórum upphafsstaf eða samnafn sem ritað er með litlum upphafsstaf (sjá [3.52](#)).

3.29 Eiginnöfn guða og guðlegra vera o.s.frv.

Eiginnöfn guða og guðlegra vera, álfa, huldufólks, trölla, vætta, forynja, drauga og þess háttar eru rituð með stórum staf.

Allah, Frigg, Gilitrutt, Glámur, Jesús, Kristur, Kölski, Loki, Óðinn, Satan, Skírnir

Sum heita djöfulsins eru orðin almenn blótsyrði og hafa ekki lengur sérnafnstengingu, t.d. *andskoti, bévítans, fjandinn, djöfull, skrambinn*.

Orðin *guð, drottinn, faðir, herra* má annaðhvort rita með stórum eða litlum staf þegar þau vísa til æðri veru.

Ég trúí á Guð.

Hún var bænheyrð af föður allsherjar.

3.30 Eiginnöfn dýra

Eiginnöfn dýra eru rituð með stórum staf.

Blakkur, Golsa, Skjalda, Skjóni, Snati

3.31 Nöfn persónugerðra hluta og hugmynda

Nöfn hluta og hugmynda sem eru persónugerð (til dæmis í skáldskap) má rita með stórum staf.

úti blés Kári af öllu afli, helstu persónur sögunnar voru Pekkingin og Ástin

Nöfn á einstökum stöðum svo sem fjöllum, dölum, söndum o.s.frv.

3.32 Örnefni hvers konar svo sem nöfn á fjöllum, dölum o.s.frv.

Örnefni hvers konar eru rituð með stórum staf, svo sem nöfn á fjöllum og dölum, söndum og hraunum, leitum og lautum, vegum og öðrum samgönguleiðum, ám og vötnum, flóum og fjörðum, fiskimiðum, höfum og hafsvæðum, löndum, landshlutum, svæðum og heimsálfum og þess háttar.

Austurland, Ásgarður, Eden, Evrópa, Fjallabaksleið, Háaleiti, Hekla, Húnaflói, Hvítá, Iðavellir, Ísland, Kyrrahaf, Langidalur, Mjóifjörður, Mývatn, Ódáðahraun, Rauðisandur, Smugan, Strandir, Suðurskautslandið (heimsálfa), Prúðvangur

Örnefni geta átt sér samhljóða samheiti, oft lýsandi (sbr. bærinn *Eyri* stendur á *eyri*). Oft þarf að ráða af samhengi hvort orðið er sérnafn eða ekki og stundum þarf að þekkja til staðháttar (sjá 3.53).

Valfrjálst er hvort ritað er *suðurheimskaut* eða *Suðurheimskaut*, *norðurpóll* eða *Norðurpóll*.

3.33 Nöfn á byggð og setri, svo sem héruðum, sveitum o.s.frv.

Nöfn á byggð og setri, svo sem héruðum, sveitum, sveitarfélögum, borgum, borgar- eða bæjarhverfum, götum og torgum, kaupstöðum, kaптúnum, þorpum, bújörðum, eyðibýlum, bústöðum, aðsetri, gördum, svæðum eru rituð með stórum staf.

Austurstræti, Hafnir, Hliðskjálfr, Hof, Kópavogur, Lækjartorg, Oddeyri, Reykjavík, Skútustaðir, Súðavík, Útmannasveit, Valhöll, Vesturbyggð, Vogahverfið

3.34 Nöfn á einstökum stjörnum, vetrarbrautum o.s.frv.

Nöfn á einstökum stjörnum, vetrarbrautum, geimpökum, samstirnum og stjörnumerkjum eru rituð með stórum staf.

Mars, Merkúr, Venus, Svelgpokan, Kolapokinn, Karlsvagninn, Stóra Magellansskýið, Vatnsberinn

Íslensk heiti himintungla í okkar sólkerfi eru hins vegar rituð með litlum upphafsstaf: *sól, sunna, jörð, tungl* og *máni*. Jörðin er þó stundum rituð með stórum upphafsstaf, meðal annars í upptalningu á reikistjörnum: *Merkúr, Venus, Jörð, Mars, Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus*. *Pólstjarnan* er sérheiti en getur einnig verið samnafn í merkingunni 'stjarnan sem sést yfir norðurpólnum'. Heiti stjörnumerka í stjörnuspeki eru rituð með litlum staf: *hrútsmerkið, meyjan, steingeitin*.

Nöfn á ýmsum hlutum og öðrum verkum

3.35 Nöfn á einstökum húsum eða mannvirkjum

Nöfn á einstökum húsum eða mannvirkjum eru rituð með stórum staf.

Arnarhváll, Glerárkirkja, Gullinbrú, Harpa, Norræna húsið, Sjalli(nn), Skjaldborg, Skólavarða(n)

3.36 Nöfn á einstökum farartækjum

Nöfn á einstökum farartækjum, svo sem skipum, bátum, flugvélum, bílum og þess háttar eru rituð með stórum staf.

Baldur, Fjallafari, Frúin, Geisli, Gestur frá Vigur, Gnúpur, Gullfoss, Herjólfur, Höfrungur, Norræna, Storkurinn, Pristurinn

3.37 Nöfn á hvers kyns hugverkum, svo sem bókum, ljóðum, tónverkum o.s.frv.

Nöfn á hvers kyns hugverkum, svo sem bókum, sögum, ljóðum, blöðum, tímaritum, tónverkum, kvikmyndum, myndverkum, höggmyndum, smíðisgripum og þess háttar eru rituð með stórum staf. Um skáletrun slíkra heita sjá [2.25](#).

Biblían, Draupnir, Frelsisstytta, Hrafninn flýgur, Mjólnir, Morgunblaðið, Nýja testamentið, Rimmugýgur, Sjálfstætt fólk, Skírnir, Tunglskinssónatan, Vald örlaganna, Völuspá, Potuhreiður

Heiti laga og reglugerða eru rituð með litlum staf (sjá [3.15](#)).

3.38 Nöfn á vörum og vörumerkjum eru rituð með stórum staf

Nöfn á ýmiss konar vörum (vörumerki) eru rituð með stórum staf.

Bragakaffi, Gotti, Hoover, Kaldi, Mazda, Ópal, Royal-búðingur, Sváli,

Ömmuflatkaka

Nöfn á skipulögum félagsskap, stofnunum, embættum og fyrirtækjum

3.39 Nöfn á fyrirtækjum og stofnunum

Nöfn á fyrirtækjum og stofnunum eru rituð með stórum staf. Ef þau eru samsett úr fleiri en einu orði er aðeins fyrsta orðið með stórum staf nema síðari orðin séu dregin af sérnafni (sjá 3.27).

Alþingi, Alþjóðavinnumálastofnunin, Flugmálastjórn, Frumherji, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Héraðsdómur Reykjavíkur, Hæstiréttur Íslands, Íslenskar sjávarafurðir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, Norræna menningarmálaskrifstofan, Ríkisendurskoðun, Ríkisútvarpið, Sameinuðu þjóðirnar, Samskip, Stórþingið (norska), Stöð 2, Þjóðleikhúsið

Nöfn stofnana/embætta sem bera heiti sem jafnframt er starfsheiti æðsta yfirmanns, til dæmis *sýslumaðurinn í Reykjavík*, umboðsmaður Alþingis, ríkislögreglustjóri, má ætíð rita með litlum upphafsstaf (sjá 3.19) en einnig er heimilt að rita stóran staf ef augljóslega er vísað til stofnunarinnar en ekki starfsmannsins sem veitir henni forstöðu.

Nöfn ráðuneyta eru yfirleitt rituð með litlum staf (sjá 3.55).

3.40 Nöfn á bandalögum, flokkum, félögum, hljómsveitum o.s.frv.

Nöfn á bandalögum, flokkum, söfnuðum, félögum, klúbbum, söngflokkum, hljómsveitum, leikhópum og þess háttar.

Bandalag íslenskra skáta, Eimskipafélag Íslands, Evrópska efnahagssvæðið, Hið íslenska bókmenntafélag, Íþróttasamband Íslands, Karlakór Akureyrar, Krossinn, Neytendasamtökin, Rauði krossinn, Sjálfstæðisflokkurinn, Stuðmenn

Heiti þjóða, þjóðarbrotá, þjóðflokka, íbúa, ætta og liðsmanna

3.41 Heiti (formleg og óformleg) þjóða, þjóðarbrotá og þjóðflokka

Heiti (formleg og óformleg) þjóða, þjóðarbrotá og þjóðflokka (þ.e. hópa manna sem deila eða hafa deilt tungu, menningu og landi) eru rituð með stórum upphafsstaf.

Danir, Englendingar, Forn-Grikkir, Grikkir, Inúítar, Indverjar, Írakar, Íslendingar, Ísraelsmenn, Mongólar (íbúar Mongólíu), Norðmenn, Palestínúmenn, Portúgalar, Samar, Taílandingar, Téténar, Þjóðverjar

Arabar, Astekar, Baskar, Bretónar, Búar, Englar, Gallar, Gotar, Hellenar,

Húnar, Keltar, Kúrdar, Kvenir, Langbarðar, Navahóar, Rauðu Kmerarnir, Saxar, Sígaunar, Slavar, Tamílar, Vestur-Íslendingar

Stór stafur er einnig ritaður í óformlegum heitum þjóða o.s.frv.

Baunar, Fransmenn, Hundtyrkinn, Norsarar, Spanjólur, Tjallar, Pýskarar

3.42 Íbúaheiti

Íbúaheiti, það er heiti manna sem kenndir eru við einhvern búsetustað, heimsálfu, landsvæði, landshluta, hérað, sveit, borg, bæ og þess háttar eru rituð með stórum staf.

Austfirðingar, Breiðhyltingur, Evrópumenn, Gilsbekkingar, Ísfirðingar, Keldhverfingar, Mývetningar, Parísarbúar, Ólsarar, Reykvíkingur, Seyðfirðingar, Stokkhólmsbúar, Stokkseyringar, Vestmannaeyingar, Vesturbæingar

3.43 Ættaheiti

Ættaheiti, það er manna sem kenndir eru við mann (skírnar- eða ættarnafn forföður) ellegar stað og teljast einnar ættar eru rituð með stórum staf.

Ásbirningar, Oddaverjar, Niflungar, Skjöldungar, Sturlungar, Thoroddsenar, Bergsætt, Arnardalsætt

3.44 Liðsmannaheiti

Liðsmannaheiti, það er heiti manna sem kenndir eru við félag, samtök eða foringja eru rituð með stórum staf.

Ármenningur, Bliki, Breiðabliksmaður, Dagsbrúnarmaður, Framarar, Geirsmenn, Gunnarsmenn, Sóknarkona, Valsari, Valtýingur, Víkingar, Þórsari

3.45 Fylgismenn stjórnmálaflokka

Heiti fylgismanna stjórnmálaflokka sem dregin eru af nafni flokksins, einnig þó að það sé stytt, eru rituð með stórum staf.

Framsóknarkona, Kristilegir demókratar, Repúblikani, Samfylkingarkona, Samfylkingarsinni, Sjálfstæðismaður, Vinstri-grænir

Heiti stjórnmálaviðhorfa og fylgismanna þeirra (öfugt við heiti fylgismanna skipulagðra félaga eða flokka) eru rituð með litlum upphafsstaf þótt þau séu dregin af sérnafni (*lenínismi*, *lenínisti*, *maóismi*, *maóisti*) (sjá 3.12).

Heiti liðsmanna eru rituð með stórum staf (sjá 3.44).

Stundum fellur þetta saman. Orðið *íhaldsmaður* getur verið samheiti en jafnframt heiti á stuðningsmanni flokks sem heitir *Íhaldsflokkurinn* og er þá ritað *Íhaldsmaður*. Hér þarf að gæta að merkingu og samræmi.

Samsett orð sem mynduð eru af sérnafni

3.46 Almennt um samsett orð mynduð af sérnafni

Ýmsir flokkar samsettra orða sem leidd eru af sérnöfnum eru alltaf rituð með stórum staf. Þetta á sérstaklega við um samsett heiti (sjá 3.47) en einnig um ýmis samsett nafnorð (sjá 3.49). Nokkrir flokkar af merkingarlega skyldum orðum eru þó undantekningalaust ritaðir með litlum staf (sjá 3.6 o.áfr.).

3.47 Samsett nafnorð þar sem fyrri liður er sérnafn

Samsett nafnorð þar sem fyrri liður er sérnafn (oftast í eignarfalli) eru oft rituð með stórum staf. Slík samsett orð sem hafa fengið almenna merkingu eru þó rituð með litlum staf (sjá 3.23).

Bernoulli-lögmál, Davíðsmaður, Jónsmessa, Mariúbæn, Margrétarmessa, Marshall-aðstoð, Newtons-lögmál, Nóbelsverðlaun, Nóbelsverðlaunahafi, Ólafsvaka, Steingrímsarmurinn, Vernerslögmál, Þorláksmessa

3.48 Samsett heiti þar sem fyrri liðurinn er lýsingarorð eða atviksorð

Í samsettum heitum þar sem fyrri liðurinn er lýsingarorð eða atviksorð eru báðir liðirnir ritaðir með stórum upphafsstaf og tengdir með bandstriki (sjá 6.62).

Norður-Kórea, Stóru-Hámundarstaðir, Suður-Ameríka, Syðri-Reistará

Forn-Grikkir, Litli-Jón, Litli-Kláus, Svarti-Pétur

3.49 Samsett sérnöfn þar sem fyrri liðurinn er nafnorð í eignarfalli

Í samsettum sérnöfnum þar sem fyrri liðurinn er nafnorð í eignarfalli eru báðir liðirnir ritaðir með stórum upphafsstaf og tengdir með bandstriki (sjá 6.62).

Ástar-Brandur, Fjalla-Eyvindur, Grasa-Gudda, Höfðabrekku-Jóka, Miklabæjar-Sólveig, Skalla-Grímur, Sleitu-Björn, Spak-Böðvar, Víga-Glúmur

Athugið. Síðari liður getur glatað sérnafnseðli sínu í vitund manna og má þá rita með litlum upphafsstaf og án bandstriks: *Kveldúlfur*,

Skallagrímur.

Önnur notkun stórs stafs

3.50 Stórir stafir til að tákna hróp

Stóra stafi má nota á svipaðan hátt og fleiri leturbreytingar, til dæmis til að tákna sérstaka áherslu í framburði eða hróp (um notkun hásteflinga í sama tilgangi sjá [2.18](#)).

Lofaðu að gera þetta ALDREI AFTUR!

3.51 Stórir stafir í skammstöfunum

Stórir stafir koma einnig fyrir í ýmsum skammstöfunum o.fl., til dæmis þegar bókstafir gegna líku hlutverki og tölustafir (sjá [10.5](#)).

A-hluti, ASÍ, BA-próf, BHM, DNA-próf, DV, ESB, ESB-aðild, FH, HIV-veiran, HM '03, ÍSÍ, LÍÚ, SÍBS, SP, Deild 12 B, Lækjargata 25 B

Samhljóða samheiti og sérheiti

3.52 Mannanöfn eiga sér oft samhljóða sérheiti

Til eru samheiti sem eiga sér samhljóma sérheiti, þar á meðal mannanöfn. Ef um er að ræða sérheiti eru þau vitaskuld rituð með stórum upphafsstaf (sjá [3.28](#)).

Bára/bára, Gestur/gestur, Lilja/lilja, Smári/smári, Sóley/sóley, Úlfur/úlfur, Víðir/víðir

3.53 Örnefni eiga sér oft samhljóða heiti

Mörg örnefni eiga sér samhljóða samheiti, gjarna lýsandi.

Eyri/eyri, Garður/garður, Hóll/hóll, Sandur/sandur

Í slíkum dæmum sýnir samhengi oftast hvort um er að ræða samnafn eða sérnafn, eins og í þessum setningum:

Bærinn á hólnum heitir Hóll.

Í miðborg Reykjavíkur er tjörn sem heitir Tjörnin.

Í stöku tilvikum er óljóst hvort slík lýsandi heiti eru sérnafn eða samnafn, eins og til dæmis:

Þau gengu í kringum Tjörnina í miðborg Reykjavíkur.

Þau gengu í kringum tjörnina í miðborg Reykjavíkur.

Í tilvikum sem þessum er ráðlegt að fylgja mál- og ritvenju á hverjum stað.

Lýsandi heiti sem eiga við aðeins einn stað má stundum túlka sem sérnafn. Því er valfrelsi í rithætti eftirtalinna orða:

*norðurpóll/Norðurpóll, suðurpóll/Suðurpóll,
norðurheimskaut/Norðurheimskaut, suðurheimskaut/Suðurheimskaut*

3.54 Samsett örnefni

Ef síðari liður í samsettu örnefni er samnafn er hann ritaður áfastur fyrri liðnum (án bandstriks) og með litlum upphafsstaf (til dæmis *Reykjavík*, *Miklabraut*). Hins vegar getur leikið vafi á því hvort slíkur liður er samnafn eða sérnafn.

Efribakki/Efri-Bakki, Syðrigrund/Syðri-Grund, Ystihóll/Ysti-Hóll

Í tilvikum sem þessum er ráðlegt að fylgja mál- og ritvenju á hverjum stað, sé þess kostur.

3.55 Nefndir, ráð, deildir, svið og ráðuneyti

Nefndir, ráð, deildir, svið og ráðuneyti bera oft lýsandi heiti.

barnaverndarnefnd, félagsvísindasvið, kjararáð

Slík heiti má líta á sem samheiti/tegundarheiti og rita með litlum upphafsstaf. Um leið má líta á þau sem sérheiti og rita með stórum upphafsstaf.

Barnaverndarnefnd, Félagsvísindasvið, Kjararáð

Ólík túlkun þess konar orða kemur fram í setningum eins og:

Í Reykjavík er barnaverndarnefnd og hún heitir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

*Í Háskóla Íslands er ein lagadeild og hún heitir Lagadeild.
Á Íslandi er hæstiréttur sem heitir Hæstiréttur Íslands.*

*Á Íslandi er stjórnarráð samsett úr mörgum ráðuneytum.
Það heitir Stjórnarráð Íslands.*

Þegar heiti slíkra nefnda, ráða, deilda, sviða og ráðuneyta eru rituð er

brýnt að huga að hefð og samræmi. Til dæmis er hefð innan opinberrar stjórnslu að líta á þessi orð sem samheiti og rita til dæmis *kjararáð og mennta- og menningarmálaráðuneyti* með litlum upphafsstaf.

3.56 Lýsandi orð geta verið hluti sérnafns

Ýmis heiti sem eru orðasambönd hafa sem fyrri hluta orð sem lýsir hlutverkinu. Oft getur verið erfitt að vita hvort þessi lýsandi orð eru fastur hluti heitisins sem ber að rita með stórum staf eða samheiti/tegundarheiti sem rita eigi með litlum upphafsstaf (sjá einnig 3.27).

Héraðssambandið Skarphéðinn, Karlakórinn Prestir, Knattspyrnufélagið Fram, Sveitarfélagið Árborg, Verkakvennafélagið Sókn, Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar, Verslunin Brá, Víðavangshlaup ÍR

Slík heiti má líta á sem samheiti/tegundarheiti og rita með litlum upphafsstaf.

héraðssambandið Skarphéðinn, karlakórinn Prestir, knattspyrnufélagið Fram, sveitarfélagið Árborg, verkakvennafélagið Sókn, verðlaun Jónasar Hallgrímssonar, verslunin Brá, víðavangshlaup ÍR

Hér ræður miklu hefð um ritun í hverju tilviki.

Ef lýsandi hluti slíks orðasambands fylgir á eftir heitinu þá er það alltaf með litlum staf.

Efling stéttarfélag

Jóhannes B.
Sigtryggsson

4 Eitt orð eða fleiri

4.1 Almennt um eitt orð eða fleiri

Umfjöllun í undirköflum 4.1–4.19 byggist mikið á öðrum kafla í ritreglum (2. Eitt orð eða fleiri).

Áhersla getur stundum hjálpað til við ritun í eitt eða fleiri orð en stafsetningarhefðir ganga hins vegar alloft í bága við hana. Hér á eftir er fjallað um helstu atriði sem varða eitt orð eða fleiri.

4.2 Áhrif setningarlegrar stöðu og áherslu

Orð og orðasambönd geta fengið mismunandi áherslu eftir því hvar þau standa í setningu. Þetta á til dæmis við lýsingarorð og lýsingarhætti sem eðlilegt virðist að rita í einu orði þegar þau standa sem einkunn með nafnorði en í tveimur orðum þegar þau gegna hlutverki sagnfyllingar.

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er **svo nefnt** því að við vildum heiðra minningu hins þekhta fiskifræðings og frumkvöðuls í hafrannsóknunum. – Í skipinu er **svonefndur** fellikjölur sem hægt er að slaka nokkra metra niður úr botni skipsins.

Ritun í einu orði (samritun)

4.3 Almennt um ritun í einu orði

Samsett orð eru yfirleitt rituð saman (sjá 4.4).

Varist sundurritun langra samsettra orða (t.d. ~~fyrirmyndar-fjölskyldufaðir~~) eða orða með forliðum (t.d. ~~óhemju-vandaður~~) (sjá 4.5).

4.4 Samsett orð

Meginreglan um eitt orð eða fleiri er að **samsett orð** eru almennt rituð í einu orði. Fjallað er um undantekningar frá því í 4.7–4.17.

Ef fyrri hluti í samsettu orði er nafnorð er hann jafnan eitt af þrennu: stofn (*ráð|gjöf*), stofn með tengistaf (*ráðu|nautur, leikfimis|föt*) eða orð í eignarfalli (*ráðs|maður*).

Nokkur dæmi um slíkar samsetningar:

hártoga, efnagreina, eftirlætisréttur, farartæki, fyrirmyndarfjölskyldufaðir,

hálfársdvöl, heilsdagsvistun, hoppuróla, innskráningargluggi, mettap, nútímaumhverfishugsun, langtímaskuldir, ruslafata, salsatónlist, vinsæll

Fyrri hluti orðs getur einnig verið lýsingarorð (*langatöng*), atviksorð eða forsetning (*svólítill*, *framkoma*), forskeyti (*örmagna*) eða forliður (*aðalinngangur*). Þegar lýsingarorð veikrar beygingar er fyrri liður er það oft beygt (*löngutöng*).

Nokkur dæmi um slíkar samsetningar:

aðferð, afsanna, andstæðingur, formaður, gegndrepa, glaðlyndur, lítillækka, samskeyti, uppáhald, útilega, yfirmaður, örmagna

4.5 Áhersluforliðir

Oft er nafnorði í eignarfalli skeytt framan við nafnorð, lýsingarorð eða atviksorð til að auka vægi eða herða á merkingu þess. Slík nafnorð kallast áhersluforliðir og eru þeir ritaðir saman með orðinu sem þeir vísa til.

Algengt er í stafsetningu að rita áhersluforliði aðskilda frá eftirfarandi orði (t.d. *óhemjukærleiksrikur*) en slíkt er ekki í samræmi við stafsetningarreglur og meginregluna um að samsett orð séu rituð saman.

afbragðsmaður, ágætismaður, aftakaveður, blæjalogn, fjöldamargir, forkunnarfagur, furðugóður, myndardrengur, óhemjuilla, óhemjuvandaður, óskapahiti, óvenjugóður, undragóður, úrvalshveiti

Ritun í aðskildum orðum

4.6 Almennt um ritun í aðskildum orðum

Nokkrar undantekningar eru frá meginreglunni (sjá 4.4) um að samsett orð séu rituð saman. Fjallað er um þær hér í 4.7–4.17.

4.7 Orðasambönd með fyrri lið í þágufalli

Orðasambönd með fyrri lið í þágufalli eru yfirleitt rituð í tveimur orðum en það getur þó farið eftir áherslu (sjá 4.2).

fjöðrum fenginn, goðum líkur, sigri hrósandi

4.8 Heiti íslenskra fornsagna

Heiti íslenskra fornsagna eru rituð í aðskildum orðum. Þetta byggist á hefð en þó er einnig algeng samritun þeirra í textum (til dæmis *Njálssaga*).

Bárðar saga, Brennu-Njáls saga, Breta saga, Egils saga Skalla-Grímssonar, Ólafs saga Tryggvasonar, Ögmundar þáttur dytts

4.9 Afar, ofur, of

Orðin *afar*, *of* og *ofur* skal rita áföst nafnorðum og sagnorðum en laus frá lýsingarorðum og atviksorðum. Einnig er heimilt að rita *jafn* laust frá lýsingarorðum og atviksorðum:

afarkostir	afar vel, afar stór
offramleiðsla, ofnota	of oft, of lítill
ofurmenni	ofur glaðlega, ofur einfaldur

Hann hefur aldrei verið jafn góður (*einnig jafngóður*) og núna.

Jóna fór jafn oft (*einnig jafnoft*) til Akureyrar og Jón.

4.10 Lýsingarorð sem dregin eru af sögn og hafa atviksorð sem fyrri lið

Rita skal í einu orði lýsingarorð sem dregin eru af sögn og hafa atviksorð sem fyrri lið.

áðurnefndur, eftirágreiddur, eftirfarandi, eftirlifandi, framansagður, framkominn, framúrskarandi, fullunninn, fyrirframákveðinn, fyrrnefndur, heittelskaður, innilokaður, niðursokkinn, nógildandi, næstliðinn, ofangreindur, ofantalinn, óviðkomandi, samansaumaður, síðastliðinn, skjótafgreiddur, sundurgrafinn, svofelldur, svohljóðandi, svokallaður, svonefndur, tilsettur, undanfarandi, uppáfallandi, uppistandandi, uppstoppaður, utanaðkomandi, utanálíggjandi, úrsérgenginn, útaflíggjandi, útúrdrukkinn, yfirstandandi, þágildandi

Þegar skýr áhersla er á hverjum lið og hægt er að breyta orðaröð án þess að grunmerking liða breytist þá eru þessi sambönd ekki rituð sem ein heild (sjá 4.2).

áður afskrifað (sbr. að hægt er að breyta orðaröðinni: *Þetta var afskrifað áður af henni*), vel greiddur, vel syndur, þar að lútandi, þar af leiðandi

4.11 Töluorð og fornöfn

Orðasambönd með töluorðum eru almennt rituð í aðskildum orðum.

átján barna faðir, eins hreyfils flugvél, eitt hundrað þrjátíu og sjö, fimm þúsund króna seðill, fyrsta maí ganga, níttjándu aldar skáld, sauttjándi júní hátíðarhöld, sjö vikna fasta, tólf spora kerfi, tuttugu og tveir, tveggja flokka

fyrirkomulag, tvö þúsund þrjú hundruð fimmtíu og níu, sjötugasti og annar, tvö þúsund fjögur hundruð sextugasti og fyrsti, þriggja daga skegg

Einstaka sinnum renna þó töluorð og nafnorð í eignarfalli í eina heild með eftirfarandi nafnorði. Heildarmerking orðsins verður stundum önnur en einstakra liða (samanber *fimmaurabrandari*, *þúsundþjalasmiður*).

fimmaurabrandari, fjórðapartsnóta, fjögralaufasmári, sjömílnaskór, Sjöorðabókin, þúsundblaðarós, þúsundþjalasmiður

4.12 Fornöfn

Fornafnasambönd eru rituð aðskilin.

annar hver, annar hvor, annar tveggja, hvor tveggja, öðru hverju, öðru hvoru

4.13 Aukafallsliðir

Ýmis stirðnuð fallorð í aukafalli með atvikslega merkingu skal rita í samræmi við uppruna, það er hvert orð út af fyrir sig. Þau vísa gjarna til tíma, staðar eða háttar.

lítills háttar, meiri háttar, mikils háttar, minni háttar, þess háttar
alls konar, einhvers konar, eins konar, hvers konar, margs konar, nokkurs konar, sams konar, tvenns konar, ýmiss konar
alls kostar
alls kyns, hvers kyns, margs kyns, þess kyns
eitt sinn
einhverju sinni, einu sinni, hverju sinni, nokkru sinni
alls staðar, annars staðar, einhvers staðar, nokkurs staðar, sums staðar
einhvern tíma(nn), nokkurn tíma(nn)
annars vegar, hins vegar
einhvern veginn, engan veginn, nokkurn veginn

4.14 Orðasambönd með *megin*

Orðið *megin* er ritað áfast undanfarandi nafnorði ef nafnorðið er samnafn án greinis.

aðaldyramegin, bakborðsmegin, bakdyramegin, bílstjórumegin, brekkumegin, farþegamegin, gjaldamegin, hlémegin, karlamegin, kvennamegin, sjávarmegin, sólarmegin

Annars er orðið *megin* ritað laust frá undanfarandi orði.

austan megin, báðu megin, báðum megin, hinu megin, hinum megin, réttum megin, sínu megin, sínum megin, sunnan megin, vitlausum megin, þeim megin, þín megin, Þýskalands megin, öðru megin, öðrum megin, öðru hvoru megin, öðrum hvorum megin

4.15 Samband atviksorðs með öðru atviksorði eða forsetningu

Atviksorð geta myndað merkingarlega heild með öðru atviksorði eða forsetningu. Meginreglan er að rita hvert orð út af fyrir sig.

aftur í, á meðal, á milli, baka til, enn þá, enn fremur, fram hjá, fram úr, fyrir fram, hér með, inn í, niður frá, norðan til, suður í, sunnan til, sunnan við, utan um, út af, út frá, út undan, yfir um, þar að auki

Frá þessu eru þrjár undantekningar:

áfram, meðfram, umfram

4.16 Forsetning og stýrður liður

Forsetningu skal rita lausa frá því orði sem hún stýrir falli á, hvort sem hún fer á undan því eða eftir (sjá einnig 4.17).

hvers vegna, til þess að, þess vegna, vegna þess

4.17 Samtengingar

Ef samtenging er orðin til úr fleiri en einu orði skal rita hvert orð út af fyrir sig.

af því að, áður en, eftir að, eins og, enda þótt, fyrr en, heldur en, hvaðan er, hvaðan sem, hvar sem, hvert sem, með því að, svo að, til þess að, úr því að, þangað sem, þar eð, þar sem, þó að, því að

Valfrelsi um ritun í einu orði eða fleirum

4.18 Fyrri liður er atviksorð

Valfrjálst er hvort nokkur orð eða orðasambönd með atviksorði og nafnorði í eignarfalli eru rituð í einu eða tveimur orðum. Ef orðasambandið er hluti af frekari samsetningu eru öll orðin ávallt rituð sem ein heild.

innan bæjar
innan lands
neðan jarðar
utan borðs

innanbæjar
innanlands
neðanjarðar
utanborðs

innanbæjarmaður
innanlandsflug
neðanjarðarlest
utanborðsmótor

utan húss
utan skóla

utanhúss
utanskóla

utanhússmálning
utanskólanemandi

Þegar valið er milli ritháttarins *innan bæjar* o.s.frv. og *innanbæjar* o.s.frv. er mælt með því að áhersla fái að ráða. Sé skýr áhersla á síðari lið er mælt með rithætti í tveimur orðum.

4.19 Fyrri liður er lýsingarorð

Valfrjálst er hvort nokkur sambönd lýsingarorðs og nafnorðs eru rituð í einu eða tveimur orðum. Ef orðasambandið er hluti af frekari samsetningu eru öll orðin ávallt rituð sem ein heild. Ritháttur sumra þessara orðasambanda í tveimur orðum er nokkuð fornlegur.

Gamla testamentið

heiðinn dómur

hægri flokkur

hægri fótur

hægri menn

hægri stjórn

kristin fræði

kristinn dómur

litli fingur

meiri hluti

mikli hvellur

æðsti prestur

Gamlatestamentið

heiðindómur

hægri flokkur

hægri fótur

hægri menn

hægri stjórn

kristinfræði

kristindómur

litlifingur

meiri hluti

mikli hvellur

æðstiprestur

gamlatestamentisfræði

heiðindómssiðir

hægri flokkastjórn

hægri fótarkálfi

hægri mannaklúbbur

hægri stjórnarmeiri hluti

kristinfræðikennari

kristindómsfræðsla

litlafingursnögl

meiri hlutastjórn

mikli hvellskenningin

æðstapreststíð

Jóhannes B.
Sigtryggsson

5 Önnur atriði í stafsetningu

Stofnreglan

5.1 Almennt um stofnregluna

Umfjöllun í undirköflum 5.1–5.15 byggist mikið á köflum átján (18. Einn eða fleiri samhljóðar), nítján (19. Brottfall í framburði) og tuttugu (20. Stafavíxl) í ritreglum.

Ritmynd stofns veitir yfirleitt leiðsögn um ritun í öllum beygingarmyndum þess þótt hann heyrist ekki alltaf í framburði. Þetta kallast **stofnreglan** (sjá 1.8). Stofn er sá hluti orðs sem er sameiginlegur öllum beygingarmyndum þess. Stundum þarf að leita til skyldra orða ef stofninn veitir ekki nægilega skýr svör um ritun orðs.

Dæmi um þessa reglu er að sé hljóð í stofni einhverrar beygingarmyndar orðs haldist það í öðrum myndum þess. Til að mynda er ritað ef. *vatns* (ef. af *vatn*) þótt framburður sé *vatts* (*vass*).

Nokkur önnur dæmi um að stafsetning orðs fylgi frekar uppruna en framburði.

annarra (sbr. *annar*), *bágur* (sbr. *bágs*), *bogi* (sbr. *boga*), *bólgna* (sbr. *bólginn*), *efndi* (sbr. *efna*), *franskt* (sbr. *franskur*), *gegndi* (sbr. *gegna*), *harðna* (sbr. *harður*), *hegndi* (sbr. *hegna*), *horfnir* (sbr. *horfinn*), *hæstur* (sbr. *hár*), *jafnt* (sbr. *jafn*), *legi* (sbr. *lögur*), *leigja* (sbr. *leigði*), *lægstur* (sbr. *lágur*), *lögin* (sbr. *lög*), *margt* (sbr. *margur*), *nokkurri* (sbr. *nokkur*), *ragt* (sbr. *ragur*), *rakt* (sbr. *rakur*), *stærstur* (sbr. *stór*), *tefldi* (sbr. *tefla*), *tiginn* (sbr. *tign*), *vatns* (sbr. *vatn*), *vígsla* (sbr. *vígður*)

5.2 *r* og *ð* í efsta stigi lýsingarorða og atviksorða

Athuga þarf sérstaklega *r* og *ð* í efsta stigi lýsingarorða og atviksorða. Finna þarf stofn eða skylt orð.

Án *ð* og *r*: *hæstur* (sbr. *há*), *smæstur* (sbr. *smá*), *mjóstur* (sbr. *mjó*), *skástur* (skylt *skána*)

Með *ð*: *syðstur* (*suður*)

Með *r*: *stærstur* (sbr. *stór*), *nyrstur* (sbr. *norður*), *fyrstur* (sbr. *for-*, *fyrir*), *fjærstur* (*fjær*), *verstur* (skylt *versna*)

5.3 Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði

Til þess að vita hvort rita skuli einfaldan eða tvöfaldan samhljóða er nauðsynlegt að finna stofn orðsins.

illska (sbr. *illur*), hryggði (sbr. *hryggja*), hollt (sbr. *hollur*), holt (sbr. *holur*), grenni (sbr. *grannur*), grynna (sbr. *grunnur*), gapti (sbr. *gapa*), drottning (sbr. *drottinn*), drukkna (sbr. *drukkinn*, *drekkja*), fjölkynngi (sbr. *kunna*), kettlingur (sbr. *köttur*), klukkna (sbr. *klukka*), kynnti (sbr. *kynna*), kynti (sbr. *kynda*), minnka (sbr. *minni*), slokkna (sbr. *slökkva*), þurrka (sbr. *þerra*)

Athuga þarf sérstaklega þrjá eins samhljóða á mörkum samsettra orða.

allítill, krosssaumur, sannnefndur, stásstofa, þátttaka

Undantekningar frá stofnreglunni

5.4 Almennt um undantekningar frá stofnreglunni

Þrátt fyrir þá meginreglu að stofn haldist í stafsetningu (sjá 1.8) þá eru frá því nokkrar undantekningar.

5.5 *ð* og *d* falla niður á undan *t*, *st*, *sk* og *sl* ef þau heyrast ekki í framburði

Ekki er ritað *ð* og *d* á undan *t*, *st*, *sk* og *sl* þrátt fyrir uppruna ef hljóðin heyrast ekki í framburði.

girti (*girð* + *ti*, sbr. *girða*), hart (*harð* + *t*, sbr. *harður*), synti (*synd* + *ti*, sbr. *synda*), kalt (*kald* + *t*, sbr. *kaldur*), bregst (*bregð* + *st*, sbr. *bregðast*), íslensk (*íslend* + *sk*), verslun (*verð* + *sl* + *un*), vont (*vond* + *t*, sbr. *vondur*)

Ef *ð* heyrast í framburði er það hins vegar ritað.

ániðsla, hefur dáðst, eyðsla, háðsk, náðst, (hefur) reiðst, syðstur, yfirbreiðsla

Þegar *ð* + *t* verður *tt* í framburði ósamsettra orða er það ritað svo.

glatt (*glað* + *t*, sbr. *gláður*), breitt (*breið* + *t*, sbr. *breiður*), hljótt (*hljóð* + *t*, sbr. *hljótt*), reitt (*reið* + *t*, sbr. *reiður*), vítt (*víð* + *t*, sbr. *víður*)

5.6 *t* fellur niður á undan *st*, *sk* og *sl* ef það heyrast ekki

Ekki er ritað *t* á undan *st*, *sk* og *sl* þrátt fyrir uppruna ef *t* heyrast ekki.

gast (*gat* + *st*), viska (*vit* + *ska*), gæsla (*gæt* + *sla*)

5.7 *t*, *st* og *tt* falla niður á undan *st*

Ekki er ritað *t*, *st* eða *tt* á undan *st*.

hann hefur fest (*fest + st*), þau hafa kysst (*kysst + st*), vandinn hefur leyst (*leyst + st*), þau hafa hist (*hittst + st*)

5.8 Ekki er ritað *ksk* ef *í* fer á undan

Ekki er ritað *ksk* ef *í* fer á undan (sjá einnig [5.92](#)).

afrískur (sbr. *Afríka*), húsvískur (sbr. *Húsavík*), reykvískur (sbr. *Reykjavík*)

Brottfall í framburði

5.9 Almennt um brottfall í framburði

Þegar rætt er um brottfall hljóða í framburði er yfirleitt átt við brottfall samhljóða (sjá [5.10](#), [5.11](#) og [5.12](#)). Samhljóð haldast þó yfirleitt í stafsetningu (sbr. stofnregluna [1.8](#)). Sérhljóð geta vitaskuld einnig fallið brott í framburði en brottfall þeirra er yfirleitt ekki táknað í stafsetningu. Ef brottfall þeirra er sýnt þá er það gert með úrfellingarmerki (sjá [6.121](#) o.áfr.).

5.10 Brottfall í samhljóðaklösum

Við orðmyndun og beygingu orða geta þrjár eða fleiri samhljóðar lent saman inni í orði eða í enda orðs. Við slíkar aðstæður eru brottföll algeng í framburði. Meginreglan í íslenskri stafsetningu er að rita eftir uppruna (stofnreglan, sjá [1.8](#)) og því gildir að hafa í huga stofn þess orðs sem rita skal en ekki aðeins viðkomandi orðmynd. Stundum þarf einnig að leita skyldra orða. Nokkrar undantekningar eru frá þessari reglu um ritun eftir uppruna sem læra þarf sérstaklega (sjá [5.4](#), [5.5](#), [5.6](#), [5.7](#), [5.8](#)).

bernska (sbr. *barn*), eyðsla (sbr. *eyða*), fyrndur (sbr. *forn*), girnd (sbr. *girnast*), holdgast (sbr. *hold*), hvelfdur (sbr. *hvelfing*, *hvolfa*), hvilft (sbr. *hvelfa*, *hvolfa*), skelfdur (sbr. *skjálfa*), smyrsl (sbr. *smyrja*), tylft (sbr. *tólf*), varsla (sbr. *vörður*), vernd (sbr. *verja*), (yfir)breiðsla (sbr. *breiða*), þyngsli (sbr. *þungur*), ærsl (sbr. *ærast*)

borðtennis, harðtrúlofaður, jarðtengdur, verðleggja, verðlag

Erfitt getur verið að finna skyld orð. Þá þarf að leita til orðabóka, til dæmis *álft*, *högl*/*hagldir*, *yrðlingur*.

5.11 Samhljóð og beygingarendingar

Samhljóð falla gjarna brott eða verða ógreinileg í framburði þegar beygingarending bætist við samhljóða þar sem tveir eða fleiri eru í stofni. Þá þarf að finna stofn eða skylt orð.

barns (af *barn*), fangsins (af *fang*), fisks (af *fiskur*), fjærstur (sbr. *fjarri*, *fjær*), fornt (af *forn*), fólks (af *fólk*), fyrstur (sbr. *for-*, *fyrir*), gagnsins (af *gagn*), gests (af *gestur*), hálf (af *hálfur*), hests (af *hestur*), herpts (af *herptur*), hundsins (af *hundur*), hverflar (af *hverfill*), karls (af *karl*), kvöldsins (af *kvöld*), lambs (af *lamb*), langs (af *langur*), lempni (sbr. *lempinn*, *lempa*), lofts (af *loft*), lungna (af *lunga*), lúmskt (af *lúmskur*), margt (af *margur*), mjálms (af *mjálmi*), nyrðri, nyrst (sbr. *norður*), rangs (af *rangur*), sjálft (af *sjálfur*), stirðs (af *stirður*), styrks (af *styrkur*), styrkts (af *styrktur*), stærstur (af *stór*, *stærri*), svarts (af *svartur*), svindls (af *svindl*), sýknra (af *sýkn*), vatns (af *vatn*), verðs (af *verð*), vængsins (af *vængur*), þangs (af *þang*)

5.12 Samhljóð og þátíðarmyndir sagna

Samhljóð falla einnig gjarna brott, verða ógreinileg í framburði eða breytast þegar þrír samhljóðar lenda saman í þátíðarmyndum sagna. Finna þarf þá stofn.

bergði (af *bergja*), birgði (af *birgja* (*sig upp*)), byrgði (af *byrgja* (*inni*)), dembdi (af *demba*), eflði, eflt (af *efla*), ergði (af *ergja*), fergði (af *fergja*), fylgdi (af *fylgja*), fylkti (af *fylkja*), fyrndi, fyrnd, fyrnt (af *fyrna*), herpti, herpt (af *herpa*), hvolfdi (af *hvolfa*), kembdi, kembt (af *kemba*), lembdi (af *lemba*), nefndi, nefnt (af *nefna*), orðnar (af *orðinn*, lh.þt. af *verða*), rigndi (af *rigna*), skyggndist (af *skyggna*), spyrnti (af *spyrna*), styrkti (af *styrkja*), telgdi (af *telgja*)

Stafavíxl

5.13 Almennt um stafavíxl

Í framburði geta *gl/lg* og *gn/ng* víxlast eða g-hljóðið horfið þannig að erfitt er að átta sig á rithættinum. Það sama gildir um *fl/lf* og *fn*. Upprunaleg hljóð og röð þeirra helst þó í rithætti (sjá 1.8).

5.14 Stafavíxl í þátíð veikra sagna

Víxlin verða einkum í þátíð veikra sagna. Ritháttur er þá eins og í nafnhættinum.

negla (negldi, neglt)
fylgja (fylgdi, fylgt)
egna (egndi, egnt)
hengja (hengdi, hengt)
efla (efldi, eflt)

skelfa (skelfdi, skelft)
nefna (nefndi, nefnt)

5.15 Stafavíxl í öðrum orðum

Slík víxl finnst einnig í öðrum orðum en sögnum og þarf þá gjarna að leita skyldra orða eða í orðabók.

fylgdarmaður (sbr. *fylgja*), gegndarlaus, gegnd (sbr. *gegna*), gegnt (sbr. *gegn*, þ.e. á móti), fiskgengd (sbr. *ganga*), jafnt (sbr. *jafn*), lítilsigldur (sbr. *sigla*), lygnt (veður) (sbr. *lygn*, *logn*)

É, je og e

5.16 Almennt um é, je og e

Umfjöllun í undirköflum 5.16–5.19 byggist á þriðja kafla í ritreglum (3. [É, e og je](#)).

Þar sem *je* heyrir í framburði er yfirleitt ritað *é* en í undantekningartilvikum *je* eða *e*. Um undantekningar frá því er fjallað í [5.18](#) og [5.19](#).

5.17 é

Ritað er *é* fyrir hljóðasambandið *je* þar sem í eldra máli var (oftast nær) langa sérhljóðið *é*, til dæmis:

ég, él, fé, fékk, féll, hérað, mér, sér, séra, vér, vél, þér

5.18 je

Ritað er *je* í upphafi nokkurra orða af erlendum uppruna.

je minn, Jemen, jen, Jenna, Jenný, Jens, jeppi, Jeremías, Jesaja, Jesper, jesúíti, Jesús, jesúsa (sig)

Ritað er *je* í fleirtölu nafnorða sem í eintölu enda á *-jandi* og í fleirtölu orðsins *fjandi*.

byrjandi (ft. byrjendur), seljandi (ft. seljendur), fjandi (ft. fjendur), samþykkjandi (ft. samþykkjendur), þiggjandi (ft. þiggjendur)

5.19 e á eftir k og g

Á eftir *k* og *g* fremst í orði er ritað *e* þó að *j*-hljóð heyrir í framburði.

kefli, kekkjóttur, kela, kelda, ker, kex

gedda, gel, geldfé, gemsi, gen, gera, geta

Sérhljóðar á undan *ng* og *nk*

5.20 Almennt um sérhljóða á undan *ng* og *nk*

Umfjöllun í undirköflum 5.20–5.22 byggist á fjórða kafla í ritreglum (4. Sérhljóðar á undan *ng* og *nk*).

Víðast hvar á landinu er nú borinn fram breiður sérhljóði á undan *ng* og *nk*. Stafsetning miðast hins vegar við eldri framburð sem enn tíðkast að nokkru leyti á Vestfjörðum. Hér styðst stafsetningin því við uppruna frekar en almennan framburð (sjá 1.8).

5.21 *a, e, i/y, u* og *ö* á undan *ng/nng* og *nk/nnk*

Á undan *ng* og *nk* er ritað *a, e, i/y, u* og *ö* þótt borið sé fram *á, ei, í, ú* og *au*.

angi, langur, planki, vankaður, brengl, engifer, englar, sprengja, tengdur, þrengsli, krenkja, Alþingi, aumingi, bingó, glingur, hringur, dyngja, syngja, þyngd, kynngi, finka, linkulegur, minkur, vinka, minnka, dynkur, þynnka, lunga, þungur, aðjunkt, lunkinn, göng, þröngur, hönk, þjónkur, þönkari, þönkum (vera í þungum þönkum, af þanki)

Skrifa skal hins vegar breiðan sérhljóða á undan *ng* og *nk* ef uppruni styður það.

brúnka (af *brúnn*), jánka (af *já*), kveinka (af *kvein*), sínkur (af *sín*), Sveinki (af *Sveinn*), Svínka (af *svín*)

Athugið að ritað er *héngum, -uð, -u* (þátíð fleirtölu af sögninni *hanga*).

5.22 *o, ó* og *æ* á undan *ng* og *nk*

Aðrir stafir á undan *ng* og *nk* eru alltaf ritaðir í samræmi við framburð.

bongótromma, gong, Hong Kong, kongóskur, kvongast, Mongólía, sarong; bronkítis, konkretljóð, tonkabaun

kónguló, kóngur, tjónkun, þjónka

Klængur, sæng, vængja, frænka, grænka, vænkast

Y, ý, ey

5.23 Almennt um *y, ý, ey*

Umfjöllun í undirköflum 5.23–5.28 byggist á sjötta kafla í ritreglum (6. *Y, ý, ey*).

Í eldri íslensku var í framburði gerður greinarmunur á *i, í, ei* og *y, ý, ey*. Þessi munur er nú horfinn úr framburði en er enn haldið í stafsetningu. Við stafsetningu þarf því að hyggja að uppruna orða og skyldleika við önnur orð.

5.24 Aðalregla: skyld orð og orðmyndir

Oft má hafa stuðning af skyldum orðum og orðmyndum og þá er aðalreglan þessi:

- *y* er ritað þar sem *o, u, ju* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum
- *ý* er ritað þar sem *ú, jú, jó* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum
- *ey* er ritað þar sem *au* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum

5.25 Um *y*

Ypsílon-*y* er ritað þar sem *o, u, ju* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum.

kyssa (sbr. *koss*), *syfja*, *syfjaður*, *syfjulegur* (sbr. *sofa*), *tyrfa* (sbr. *torf*)

fyllri, *fyllstur*, *fylla*, *magafylli* (sbr. *fullur*), *brynna*, *brynning* (sbr. *brunnur*), *lygi*, *lygari* (sbr. *lugu*, af *ljúga*) *þytur* (sbr. *putu*, af *þjóta*)

byggji (sbr. *bjuggu*), *hyggi* (sbr. *hjuggu*)

5.26 Um *ý*

Ypsílon-*ý* er ritað þar sem *ú, jú, jó* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum.

hýsa (sbr. *hús*), *fýla*, *fýldur* (sbr. *fúll*), *sýta* (sbr. *sút*)

dýpi (sbr. *djúpur*), *mýkt*, *mýking* (sbr. *mjúkur*), *rýkur* (sbr. *rjúka*)

lýsa, *lýsi*, *lýsing* (sbr. *ljós*), *frýs* (sbr. *frjósa*), *þýtur* (sbr. *þjóta*)

5.27 Um *ey*

Ypsílon-*ey* er ritað þar sem *au* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum.

dreyma, dreyminn (sbr. *draumur*), feykja (sbr. *fauk*, af *fjúka*), teygja (sbr. *taug*), þeyta (sbr. *þaut*, af *þjóta*)

5.28 Viðtengingarháttur þátíðar sterkra sagna

Athugið sérstaklega viðtengingarhátt þátíðar sterkra sagna sem dreginn er af 3. kennimynd (þátíð fleirtölu). Ef 3. kennimynd hefur rótarsérhljóðið *u* fær viðtengingarháttur þátíðar *y*, eins og hér er sýnt með nokkrum dæmum.

brjóta	braut	brutum	brotið
(þótt ég) brjóti		(þótt ég) bryti	
binda	batt	bundum	bundið
(þótt ég) bindi		(þótt ég) byndi	
kjósa	kaus	kusum	kosið
(þótt ég) kjósi		(þótt ég) kysi	
finna	fann	fundum	fundið
(þótt ég) finni		(þótt ég) fyndi	

F eða v

5.29 Almennt um *f* eða *v*

Umfjöllun í undirköflum 5.29–5.38 byggist á sjöunda kafla í ritreglum (7. [F eða v](#)).

Skýr munur er oftast á framburði *f* og *v* í upphafi orða og upphafi síðari liðar í samsettum orðum. Inni í orði fellur framburður þeirra hins vegar oftast saman. Í sumum aðkomuorðum og nöfnum heyrir þó munur á framburði þessara hljóða inni í orði og er þá framburði fylgt um ritun.

5.30 *f* eða *v* í upphafi orðs eða upphafi síðari liðar í samsetningu

Ritað er *f* eða *v* eftir framburði í upphafi orðs eða upphafi síðari liðar í samsetningu.

fer – ver

ferð – verð

fæla – væla

ófæra – óværa

tilboðsferð – tilboðsverð

5.31 *f* eða *v* inni í orði

Inni í orði fellur framburður *f* og *v* yfirleitt saman og er þá ekki hægt að hafa stoð af framburði við ritun. Það á þó ekki við um tökuorð þar sem er

oft munur á *f* og *v* inni í orði og fer þá ritun eftir framburði.

5.32 *v*-hljóð í sumum beygingarmyndum eða viðskeyti

Ef *v*-hljóð heyrir eingöngu í sumum beygingarmyndum eða í viðskeyti skal rita það með *v*.

mávi, mávar (af *már*), sjávar (af *sjár*), snævi, snævar (af *snær*), stöðvar, stöðvum, stöðva (af *stöð*), sævi, sævar (af *sær*), sölvum, sölvva (af *söl*), söngvar, söngvum, söngva (af *söngur*), örvar, örvum, örva (af *ör*)

atgervi, Böðvar, bölv, bölvva, fjörvi, frævill, frævun, fölskvi, glöggva, gervi, gerviefni, hrökkva, hvaðanæva, höggva, klökkvi, mjölvi, myrkvi, myrkvun, mölva, möskvi, njörva, Njörvi, nýsnævi, nökkvi, ofurölvi, rökkva, Röskva, skrökva, slæva, slökkvari, slöngva, stöðvun, stökkva, Tryggvi, tvisvar, tölva, uppgötvun, vöðvi, vökvi, völva, Yngvi, þrisvar, þröngva, ölvaður, örva

5.33 *f* ef *v*-hljóð í öllum myndum orðs

Skrifa skal hins vegar *f* ef vafahljóð inni í orði tilheyrir rót og helst í öllum myndum þess.

andæfa, arfi, auðæfi, álfur, efstur, erfiður, gæfa, hafa, hrjúfur, hverfa, kálfur, leyfi, lófi, morfín, skræfa, öræfi

Athugið að ritað er *æva*-, *ævagamall*, *ævi*, *ævinlega*, *ævintýri*.

Hliðarmynd við *már* er *mávur* (*máv*, *mávi*, *máv*s).

5.34 *f* eða *v* í tökuorðum

Í aðkomuorðum er stundum munur á framburði *f*(*f*) og *v* inni í orði á milli sérhljóða eða á eftir samhljóði. Yfirleitt er þá fylgt framburði við ritun: Þegar *f* er borið fram skal rita *f* en annars *v*.

Afríka, efidrín, endorfín, grafík, katastrofa, safír, slaufa (einnig *slauffa*), sófi (einnig *sóffi*), sýfilis

buff, diffra, gaffall, gíraffi, graffari, gúffa, kaffi, koffort (einnig *kofort*), múffa, offra, riffill, saffran, siffon, skúffa, Soffía, töffari

akvamarín, avókadó, bavíani, bevís, bolsévíki, bossanóva, bravó, díván, Dravídi, Eva, evra, Evrópa, farvi, gvava, Júgóslavía, kavalér, kíví, levíti, Malaví, Moldavía, óliva (einnig *ólífa*), privat, próvólóneostur, revía, rövl, rövla, savannabelti, salvi, skavanki, Slavi, Taívan

Ýmsar undantekningar eru þó frá því að framburði sé fylgt um ritun

aðkomuorða, til dæmis *trafali*.

5.35 v-hljóð á undan g inni í orði

Ef v-hljóð fer á undan g inni í orði er ritað *f* ef það er í stofninum sem orðið er leitt af.

göfga, göfgi (af göfugur), höfgi (af höfugur), lífga, lífgun (af líf), laufgast (af lauf), þýfga (af þjófur, sbr. þýfi)

Athugið að ritað er *v* í orðunum *frjóvga, frjóvgun (af frjór)* og *sljóvga (af sljór)* af því að v-hljóðið þar tilheyrði upprunalega viðskeyti.

5.36 fl

Orð sem borin eru fram með *bl* eru vanalega rituð með *fl*.

afl, dauðyfli, dufl, Dyflinn, dýflissa, efla, fafla, fiflast, kartafla, kefla, tafl, truflun, vafla

Nokkur orð hafa ritháttinn *bl* og eru þau annaðhvort aðkomuorð, til dæmis *rúbla*, eða hljóðlíkingar, til dæmis *babl*.

babl, babla, Biblía, dobl, dobla, mubla, obláta, rúbla

5.37 ffl

Flest orð sem borin eru fram með *fl* inni í orði eru rituð með *ffl*.

karaffla (einnig karafla), múfflonfé, riffla, rifflaður, rafflesía, taffla, truffli, trufflusveppur, vaffla, vöflujárn

5.38 fn

Orð sem borin eru fram með *bn* eru rituð með *fn*. Undantekning er orðið *þybbni* og nokkrar beygingarmyndir lýsingarorðsins *þybbinn*.

áhöfn, efni, hrafn, höfn, jafn, nefna, ofn, rifna, safna, sofna, stofnun, svefn, tyrfni

Í þátíð og lýsingarhætti þátíðar af sögnum með *fn* í nafnhætti skal rita *fn* þótt það sé borið fram sem *m* (sjá 1.8, 5.14).

efndi, efnt (af efna)

hefndi, hefnt (af hefna)

nefndi, nefnt (af nefna)

Sama máli gegnir um nafnorð leidd með tannhljóðsviðskeyti af þessum sögnum, svo og hvorugkynið af lýsingarorðinu *jafn* (sjá 1.8, 5.15).

efndir, hefnd, nefnd, jafnt

G

5.39 Almennt um *g*

Umfjöllun í undirköflum 5.39–5.46 byggist á áttunda kafla í ritreglum (8. G).

Bókstafurinn *g* táknar ólík hljóð. Reglur um ritun þess eru nokkuð mismunandi eftir því hvort í hlut eiga nafnorð og lýsingarorð, veikar sagnir eða sterkar sagnir. Algengast er að rita *g* í öllum myndum orðs ef það heyrir í einhverri beygingarmynd þess (sjá 1.8) en oft þarf að leita skyldra orða. Í allmörgum sögnum er þó *g* í sumum beygingarmyndum en ekki öðrum. Gæta þarf sérstaklega að stafavíxlum og hljóðaumhverfi þar sem *g* er sérlega ógreinilegt.

5.40 *g* á eftir *á*, *ó* og *ú*

Á eftir *á*, *ó* og *ú* heyrir *g* varla eða ekki. Það er til að mynda ekki framburðarmunur á orðunum *lóga* ('aflífa') og *lóa* (fugl). Athuga þarf sérstaklega að *f* getur líka verið ógreinilegt á eftir þessum hljóðum þannig að *lófa* (af *lófi*) hljómar líka eins og þessi orð. Leita þarf annarra beygingarmynda eða skyldra orða og oft þarf að styðjast við orðabók.

bljúgur, bjúga, fágaður, hógvær, hrúga, krógi, kúga, lóga, ljúga, lúga, nógur, plága, skógur, slóg, þágufall

5.41 *g* á undan *i* og *j*

Á undan *i* og *j* heyrir ekki hvort *g* er í stofni. Ekki er framburðarmunur á orðunum *æi* (upphrópun) og *ægi* (þolfall/þágufall af *ægir*). Leita þarf annarra beygingarmynda eða skyldra orða.

baugi (sbr. *baugur*), lygi (sbr. *lygar*, *lygasaga*), leigjandi (sbr. *leiga*)

5.42 Ritað er *g* ef það heyrir í einhverri beygingarmynd

Ef *g* heyrir í einhverri beygingarmynd orðs er það ritað í öllum beygingarmyndum með og án greinis. Þetta er í samræmi við stofnregluna (sjá 1.8).

múgur (sbr. *múgs*), lygi (sbr. *lygar*), laugin (sbr. *laugar*), lágur (sbr. *lágs*, *lágra*)

5.43 Ritað er *g* ef það heyrir í skyldu orði

Einnig er ritað *g* ef það heyrir í skyldu orði.

bágindi (sbr. *bágur*, *bágt*), birgðir/birgða (sbr. *birgur*, *birgja*), einvígi (sbr. *víg*), fiskgengd (sbr. *ganga*), gegndarlaus (sbr. *gegna*), leigjandi (sbr. *leiga*), þægindi (sbr. *þægur*)

5.44 Ritað er *g* ef það heyrir í einhverri kennimynd veikra sagna

Ef *g* heyrir í einhverri kennimynd veikra sagna er það ritað í öllum beygingarmyndum, eins þótt hljóðavíxl eða brottfall verði í framburði. Dæmi: *leigja* (sbr. *leigt*), *rægja* (sbr. *rægt*).

Í þátíð heyrir ekki munur á einu eða tveimur *g*-um, ritháttur er oftast eins og í nafnhættinum. Dæmi: *byggði*, *bygggt* (sbr. *byggja*), *tuggði* (sbr. *tyggja*), *yggldi*, *ygglt* (sbr. *yggla*).

Undantekningar frá þessu eru sagnirnar *hyggja* og *leggja*, sem ritaðar eru með *g* í þátíð (*hugði*, *lagði*) og *þiggja* (*þáði*) sem beygist óreglulega:

5.45 Yfirleitt er ritað *g* ef það heyrir í einhverri kennimynd sterkra sagna

Yfirleitt heyrir í framburði hvort rita á *g* í beygingu sterkra sagna en frá því eru nokkrar undantekningar.

Yfirleitt heyrir í framburði nafnháttar hvort rita á *g*. Dæmi: *hníga*, *stíga*, *syngja*.

Í *fljúga*, *ljúga*, *sjúga* og *smjúga* er ritað *g* í öllum myndum þó að það sé ógreinilegt í nafnhætti og viðtengingarhætti.

5.46 Undantekningar um ritun *g* í sterkum sögnum

Í nokkrum sögnum gefa kennimyndirnar ekki skýra leiðsögn um þátíðarmyndir. Þær þarf að læra sérstaklega.

Í *draga*, *liggja* og *vega* er ekki ritað *g* í 2. kennimynd og öðrum myndum þátíðar eintölu (*dró*, *dróst*, *dró*) í framsöguhætti en hins vegar í þátíð fleirtölu í framsöguhætti og í öllum myndum viðtengingarháttar (*drógum*, *drægjum* o.s.frv.).

Í *flá*, *slá* og *hlæja* er ekki ritað *g* í 1. og 2. kennimynd (*flá*, *fló*; *slá*, *sló*; *hlæja*, *hló*) en hins vegar í öllum myndum viðtengingarháttar (*slægjum*, *hlægjum* o.s.frv.).

Sérhljóðar á undan *gi* og *gj*

5.47 Almennt um sérhljóða á undan *gi* og *gj*

Umfjöllun í undirköflum 5.47–5.51 byggist á fimmta kafla í ritreglum (5. Sérhljóðar á undan *gi* og *gj*).

Ólíkum sérhljóðum er haldið aðgreindum í rithætti á undan *gi* og *gj* þótt munur þeirra heyrst aðeins í máli lítills hluta landsmanna.

Ritháttur	Framburður	Dæmi
a eða æ	æ/aj	agi – ægir
e eða ei	ei/ej	vegi (af <i>vegur</i>) – leigja
i eða í	í/ij	stigi – vígi
y eða ý	í/ij	lygi – drýgja
ö eða au	au/öj	lögin (af <i>lög</i>) – laugin (af <i>laug</i>)
o	oj	bogi
u	uj	hugi

Oftast má finna upprunalegt sérhljóð með því að finna stofn orðsins, með því að skoða aðrar beygingarmyndir þess eða leita skyldra orða þar sem sérhljóðið er ekki á undan *gi* eða *gj* (sjá 1.8). Þar heyrst hvort rita á grannan eða breiðan sérhljóða.

5.48 ó, ú á undan *gi* (*gj*)

Þegar borið er fram skýrt ó eða ú á undan *gi* eða *gj* er ritað svo, til dæmis *krógi*, *nógi* (af *nógur*), *múgi*, *smjúgi* (af *smjúga*).

5.49 *gi* og *gj* í fallorðum

Finna þarf beygingarmynd eða skylt orð þar sem sérhljóðið er ekki á undan *gi* eða *gj*.

Grannur sérhljóði: agi (sbr. *aga*), hagir (sbr. *hagur*), laginn (sbr. *lagnir*, *laga*), ragir (sbr. *ragur*), degi (sbr. *dag*), fallegir (sbr. *fallegur*), feginn (sbr. *fegnir*, *fagna*), leiðinlegir (sbr. *leiðinlegur*), tregir (sbr. *tregur*), þegi (sbr. *-þega*, til dæmis *blóðþega*), landsiginu (sbr. *landsig*), stigi (sbr. *stiga*), boginn (sbr. *bognir*), logi (sbr. *loga*), vogi (sbr. *vog*, *vogur*), áhugi (sbr. *áhuga*), flugi (sbr. *flug*), kunnugir (sbr. *kunnugur*), tuginn (sbr. *tugur*), flygildi (sbr. *flug*, *flygi* (af *fljúga*), lyginn (sbr. *lygnir*, *lygar*), drögin (sbr. *drög*), fjörugir (sbr. *fjörugur*), lögin (sbr. *lög*), sögin (sbr. *sög*)

Breiður sérhljóði: stíginn (sbr. *stígur*), bljúgir (sbr. af *bljúgar*), hægir (sbr. *hægur*), sæginn (sbr. *sægur*), drauginn (sbr. *draugur*), laugin (sbr. *laug*), deigið (sbr. *deig*), leigjandi (sbr. *leiga*), seigur (sbr. *seigur*), teigirnir (sbr. *teigur*), veiginn (sbr. *veigur*), teyginn (sbr. *teygnir*), teygja (sbr. *taug*)

Athugið að stundum gefa aðrar beygingarmyndir eða skyld orð ekki nægar eða réttar vísbendingar. Í eftirfarandi orðum er til dæmis ritaður grannur sérhljóði í öllum beygingarmyndum: *laginn, spegill, snigill, tygja, aktygi, Reginn, Huginn*.

5.50 *gi* og *gj* í veikum sögnum og núpálegum sögnum

Finna þarf nafnhátt eða aðra orðmynd þar sem sérhljóðið er ekki á undan *gi* eða *gj*.

Grannur sérhljóði: lagið (sbr. *laga*), sagið (sbr. *saga*), segi (sbr. *segði, sagt*), þegið (sbr. *þagði, þegði*), sligið (sbr. *sliga*), sogi (sbr. *soga*), togið (sbr. *toga*), athugi (sbr. *athuga*), dugir (sbr. *duga*), ryksugið (sbr. *ryksuga*)

Breiður sérhljóði: vígja (sbr. *vígði*), lógir (sbr. *lóga*), bægja (sbr. *bægði*), flægi (sbr. *flá, (hann) flær*), hlægja (sbr. *hlægði*, athugið *hlæja* er önnur sögn), hægi (sbr. *hægja*), lægir (sbr. *lægja*), ægja, ægi (sbr. *ægði*), eigið (sbr. *eiga*), eygja (sbr. *eygði*)

5.51 *gi* og *gj* í sterkum sögnum

Af 1. kennimynd sterkra sagna sést hvort rita á grannan eða breiðan sérhljóða á undan *gi* í nútíðarmyndum þeirra en af 3. kennimynd má leiða rithátt sérhljóða í viðtengingarhætti þátíðar og lýsingarhætti þátíðar.

hnígið, hnígi, hnigi, hnigjum, hnígið (sbr. *hníga, hnigum*), sjúgið, sjúgi, sygi, sygjuð, sogin (sbr. *sjúga, sugum*)

Hv og

5.52 Almennt um *hv* og *kv*

Umfjöllun í undirköflum 5.52–5.54 byggist á níunda kafla í ritreglum (9. [Hv og kv](#)).

Í fornu máli var gerður greinarmunur í framburði á *hv* og *kv* í upphafi orða. Þessi greinarmunur er nú horfinn úr máli meirihluta landsmanna og orð sem áður höfðu *hv* eru nú borin fram með *kv*. Þessi greinarmunur er þó enn gerður í stafsetningu. Oft getur reynst nauðsynlegt að leita stuðnings í orðabók um hvort rita skuli *hv* eða *kv*.

5.53 Fornöfn og spurnarorð ætíð með *hv*

Fornöfn og spurnarorð eru ætíð rituð með *hv*.

hvað, hvaða, hvaðan, hvar, hvenær, hver, hvernig, hversu, hví, hvílikur, hvor, hvort

5.54 *hv* og *kv* í nokkrum orðapörum

Gætið sérstaklega að þessum orðapörum:

hvalir (dýrategund)	kvalir (þrautir)
hvelja (húð)	kvelja (pína)
hver (uppspretta) _ _	kver (lítil bók)
hviða (roka) _	kviða (kvæði)
hvika (hörfa, hopa)	kvika (so. hreyfast, no. hold)
hvísl (hljóðskraf) _ _	kvísl (grein)

J

5.55 Almennt um *j*

Umfjöllun í undirköflum 5.55–5.63 byggist á tíunda kafla í ritreglum (10. J).

Í íslenskri stafsetningu eru vegna stofnreglunnar (sjá 1.8) stundum skrifuð hljóð sem heyrast ekki í framburði (til dæmis *g* í *margt*). Það gildir ekki um *j*. Hann er aldrei ritaður nema *j*-hljóð heyrast í framburði.

5.56 Ritun *j* á eftir *k* og *g* : Sérhljóðið á eftir ræður

Ritað er *j* á eftir *k* og *g* ef á eftir fer *a*, *á*, *ó*, *u*, *ú* eða *ö* ef *j* heyrast í framburði.

kjarr, gjall, kjáni, gjár, kjósa, gjósa, kjuði, kjúka, kjöt, gjöf

5.57 Ritun *j* á undan *i*, *a* og *u* í endingum: Framburður og undanfarandi hljóð ráða

Ritað er *j* á undan *a* og *u* samkvæmt framburði.

segja, segjum, tækja, tækjum, hlæja, hlæjum, heyja, heyjum, hlýjar, hlýjum

5.58 *j* er ritað á undan *i* samkvæmt framburði

Ritað er *j* á undan *i* samkvæmt framburði.

telji, semji, venji, setji, gleðji

5.59 *j* í fleirtölu orða sem enda á -*jandi*

Ritað er *j* í fleirtölu orða sem enda á -*jandi* og í fleirtölu orðsins

fjandi (sjá 5.18).

fylgjandi – fylgjendur, fylgjendum, fylgjenda
leigjandi – leigjendur, leigjendum, leigjenda
þiggjandi – þiggjendur, þiggjendum, þiggjenda
fjandi – fjendur, fjendum, fjenda

Ekki ritað *j*

5.60 Aldrei er ritað *j* á eftir *í* og *ei*

Bókstafurinn *j* er aldrei ritaður á eftir *í* og *ei*.

Svíar, Svíum, olía, olíu, sveia, bleia (bleyja)

5.61 Ekki er ritað *j* á eftir *k* og *g* ef á eftir fer *e*, *ei*, *ey*, *i*, *í*, *y*, *ý* eða *æ*

Ekki er ritað *j* á eftir *k* og *g* ef á eftir fer *e*, *ei*, *ey*, *i*, *í*, *y*, *ý* eða *æ* (þótt *j* heyrir í framburði) (sjá 5.19).

kerti, geta, fangelsi, keila, geispa, keyra, geyma, reykelsi, kista, gista, kíló, Gísli, kynning, gylling, kýs, gýs, kæfa, gæfa

hangi (af *hanga*), hringir (af *hringja*), spryngi (af *springa*), syngið (af *syngja*)

5.62 Ekki er ritað *j* ef *g*, *k*, *ey*, *ý* eða *æ* fara næst á undan

Ekki er ritað *j* ef *g*, *k*, *ey*, *ý* eða *æ* fara næst á undan (þótt *j* heyrir þar í framburði).

segir, tæki, heyið, hlýir, hlæi, nýir

5.63 Ekki *j* á mörkum samsettra orða

Þegar fyrri hluti samsetts orðs endar á *ey*, *ý* eða *æ* og síðari hlutinn hefst á sérhljóða skal ekki rita *j* á milli orðhluta.

heyafli, heyannir, nýafstaðinn, nýársdagur, nýorpinn, Sæunn

Undantekning er nafnið *Eyjólfur* sem er ritað með *j* þrátt fyrir regluna.

M og *mm*

5.64 Almennt um *m* og *mm*

Umfjöllun í undirkafla 5.64 byggist á ellefta kafla í ritreglum (11. *M* og *mm*).

Munurinn á *m* og *mm* heyrir yfirleitt vel í framburði og því er yfirleitt

enginn vafi á hvort rita skal *m* eða *mm*. Í örfáum orðum (*fram*, *um*) er þó borið fram *mm* þar sem ritað er einfalt *m*.

fram, *fram undan*, *fram hjá*, *fram yfir*, Knattspyrnufélagið *Fram*, *Framari um*, *innan um*, *utan um*

Athugið einnig ýmiss konar samsetningar með *fram* og *um*.

framámaður, *frambjóðandi*, *framfarir*, *framkalla*, *framætt*, *framícall*, *framígrip*, *framúrkeyrsla*

umboð, *umhverfis*, *umsókn*, *ummæli*

Munurinn á *fram í* og *frammi í* er oft ógreinilegur í framburði en helst í ritun.

grípa fram í (fyrir einhverjum)
sitja frammi í (bílnum)

N* og *nn

5.65 Almennt um *n* og *nn*

Umfjöllun í undirköflum 5.65–5.71 byggist á tólfta kafla í ritreglum (12. *N* og *nn*).

Í mörgum orðum er ýmist ritað *n* eða *nn* eftir því í hvaða falli, kyni eða tölu þau eru. Þessi munur heyrir ekki alltaf í framburði (sjá 1.8). Í einkvæðum orðum eins og *steinn* og *minn* er ritað *n* í sumum fallmyndum en *nn* í öðrum en þar heyrir munurinn á *n* og *nn* í framburði. Þessi orð má nota til leiðsagnar um fjölda annarra orða þar sem þessi munur heyrir ekki. Til hægðarauka verður hér stundum talað um *minn-regluna* og *steins-regluna*:

5.66 Greinirinn hefur jafnmörg *n* og *minn/mín* (minn-reglan)

Lausi greinirinn er *hinn* (í karlkyni) og *hin* (í kvenkyni).

hinn góði maður
hin góða kona

Viðskeyttur greinir bætist aftan við nafnorð.

hestur – (hann) *hesturinn*
kría – (hún) *krían*

Greinir (bæði laus og viðskeyttur) er ritaður með jafnmörgum *n*-um og eru í orðunum *minn/mín*.

Nokkur dæmi:

Maðurinn minn sá kríuna mína.

Stúlkan mín tók bátinn minn.

Hundinum mínum var illa við músina mína.

Bíll konunnar minnar er nýrri en bíll kennarans míns.

Athugið sérstaklega karlkynsorð og kvenkynsorð sem enda á löngu sérhljóði í þf.et. án greinis: (um) *skó, sjó, snjó*; (um) *brú, kló, tá*. Viðskeytti greinirinn í þessum orðum er ritaður með jafnmörgum *n*-um og eru í orðunum *minn/mín*.

Nokkur dæmi:

Hún hljóp yfir brúna (mína).

Þau léku sér í snjónum (mínum).

Hann flýtti sér í skóna (mína).

Hann meiddi sig í tánnum (mínum).

5.67 Lýsingarorð og lýsingarhættir sem enda á *-inn*

Lýsingarorð (til dæmis *fyndinn*) og lýsingarhættir af sögnum (til dæmis *kominn* af sögninni *koma*) hafa jafnmörg *n* og *minn/mín*.

Pósturinn er *kominn* (minn).

Maðurinn er *hnugginn* (minn).

Ég hitti *fyndinn* (minn) mann.

Hann dáðist að *fyndinni* (minni) systur sinni.

Það er ekki *hlýðinna* (minna) hunda siður að gjamma að fólki.

Tónleikar lengra *kominna* (minna) nemenda verða á sunnudaginn.

Skútan er *farin* (mín).

Ströndin er *sendin* (mín).

Allir vildu *hlýða* á *ræðu* svo *fyndins* (míns) manns.

Athugið að fornafnið *enginn* hefur jafnmörg *n* og *minn* í nf.et. í karlkyni (*enginn*) og kvenkyni (*engin*) og nf./þf.ft. í hvorugkyni (*engin*). Aftur á móti er eitt *n* í þf.et. í karlkyni (*engan*) eins og í flestum sterkum lýsingarorðum (*góðan*).

5.68 Karlkynsnafnorð sem enda á *-ann, -inn, -unn*

Í nafnorðum sem enda á *-ann* (til dæmis *aftann*), *-inn* (til dæmis *himinn*) og *-unn* (til dæmis *morgunn*) er aðeins ritað *nn* í nefnifalli eintölu: *aftann*, *himinn*, *morgunn*. Í öllum öðrum föllum er *n*: (*um*) *aftan*, (*á*) *himni*, (*til*) *morguns*. Munurinn heyrir ekki í framburði en *n*-in eru jafnmörg og í beygingu orðsins *steinn* (steins-reglan).

Þetta er fallegur *aftann* (steinn).

Í húsinu er hlaðinn *arinn* (steinn).

Þvílíkur *himinn* (steinn)!

Hún þykist hafa *himin* (stein) höndum tekið.

Hann er búinn að koma miklu í verk þó að enn sé aðeins *morgunn* (steinn).

Á *morgun* (stein) segir sá lati.

Stúlkan sá *jötun* (stein) og varð hrædd.

Karlmansnöfn sem enda á *-inn* eða *-unn* (*Héðinn*, *Kristinn*, *Auðun(n)*) beygjast eins og *steinn*.

Þegar greinir bætist við orð sem enda á *-ann*, *-inn*, *-unn* gildir steins-reglan um þau en minn-reglan um greininn sem bætist við.

Aftanninn er fagur (steinn, minn).

Gæsin flýgur um *aftanninn* (stein, minn).

Það er engu líkara en *himinninn* logi (steinn, minn).

Hún horfði heilluð upp í *himinninn* (stein, minn).

Morgunninn flýgur frá mér (steinn, minn).

Hún fór út um *morgunninn* (stein, minn).

Í sumum orðum er alltaf sami fjöldi *n* – ýmist alltaf *n* eða alltaf *nn*

5.69 Flokkar orða sem hafa alltaf eitt *n*

Eftirfarandi flokkar orða hafa alltaf eitt *n* í beygingu:

– kvenkynsnafnorð sem enda á *-an* eða *-un*: *skemmtan*, *skipan*; *köllun*, *seinkun*, *athugun*, *bölvun*, *blessun* o.fl.

– hvorugkynsnafnorð sem enda á *-an* eða *-in*: *gaman*, *fargan*, *líkan*; *feðgin*, *megin*, *mæðgin*

– nöfn sem enda á *-an*: *Kjartan*, *Natan*, *Kvaran*, *Kiljan*, *Kjaran*, *Satan*

– lýsingarorð í þf.et. í karlkyni: (*um*) *góðan*, *vondan*, *haltan*, *beinan*, *greindan*, *heimskan*

– fornöfn í þf.et. í karlkyni: (*um*) *þennan*, *annan*, *engan*

– atviksorð: *héðan*, *hvaðan*, *innan*, *utan*, *sunnan*, *norðan*

Nokkur dæmi:

Satan hafði *gaman* af þessu.

Seinkun skemmtana olli því að Kjartan átti annan leiðinlegan vetur.

5.70 Eftirfarandi flokkar orða hafa alltaf *nn*

Eftirfarandi flokkar orða hafa alltaf *nn*:

- kvenkynsnafnorðin *einkunn*, *forkunn*, *miskunn* og *vorkunn*
- kvenmannsnöfn sem enda á *-unn*: *Pórunn*, *Sæunn*, *Ingunn*

Nokkur dæmi:

Hann leit á *einkunnir* *Pórunnar*.
Hún virti *Sæunni* þetta til *vorkunnar*.
Hún sýndi *Ingunni* og *Pórunni* *miskunn*.

5.71 *en* og *enn*

Smáorðin *en* og *enn* falla oft saman í framburði en þeim er þó haldið aðgreindum í stafsetningu.

Smáorðið *en* tengir saman setningar, er notað á eftir samanburðarorðum (*stærri en*) og til áherslu.

Hestar hneggja *en* kýr baula.
Hekla er hærri *en* Esja.
en fallet!, *en* sú ósvífni!

Smáorðið *enn* er notað í merkingunni ‘enn þá’ og á undan samanburðarorðum (*enn stærri*).

ekki kominn *enn*
enn betur, *enn* stærri, *enn* fremur

Ps, *pt*, *ppt* eða *fs*, *ft*

5.72 Almennt um *ps*, *pt*, *ppt* eða *fs*, *ft*

Umfjöllun í undirköflum 5.72–5.76 byggist á þrettánda kafla í ritreglum (13. *Ps*, *pt*, *ppt*).

Í framburði verða *p* og *pp* oft að *f* á undan *s* eða *t*. Meginreglan er sú að ekki er ritað *p* eða *pp* á undan *s* eða *t* nema *p* eða *pp* sé að finna í öðrum myndum orðsins eða í skyldum orðum.

5.73 *p* og *pp* á undan *s*

Á undan eignarfallsendingunni *-s* geta *p* og *pp* orðið að *f* í framburði.

Eigi að síður er ritað *p* eða *pp* þar eins og í öðrum myndum orðsins.

djúps, djúpsins (sbr. *djúp*)

óps, ópsins (sbr. *óp*)

skips, skipsins (sbr. *skip*)

tæps (sbr. *tæpur*)

happs, happsins (sbr. *happ*)

klapps, klappsins (sbr. *klapp*)

topps, toppsins (sbr. *toppur*)

Ef vafi leikur á hvort rita á *p* eða *f* á undan *s* má oft fá stuðning af skyldum orðum, til dæmis *glópska* (sbr. *glópur*).

5.74 *f* á undan *s*

Oft er ritað *f* á undan *s* (eins og það er borið fram) og oft fær ritháttur með *f* jafnframt stuðning af skyldum orðum með *f*.

efstur (sbr. *efri*)

hrifsa (sbr. *hrífa*)

ofsi (sbr. *of*)

vafstur (sbr. *vefja*)

Oft er þó ekki augljós skyldleiki við önnur orð með *f* eða þá að um er að ræða aðkomuorð þar sem stafsetning hefur verið löguð að íslenskum framburði. Í þeim tilvikum er gott að leita til orðabóka.

gifs, glefs, glefsa, krafis (sbr. *krafla*), *rifs, snafs, tafs, ufs, ufsi*

5.75 *p* og *pp* á undan *t*

Oft verða *p* og *pp* að *f* á undan *t* í framburði í þátíð og lýsingarhætti þátíðar veikra sagna. Jafnan má þó finna *p* eða *pp* í nafnhætti og nútíð þessara sagna og fá þannig leiðsögn um rithátt.

Dæmi um veikar sagnir með *p* á undan *t*:

dreypti, dreypt (sbr. *dreypta*)

gapti (sbr. *gapa*)

greypti, greypt (sbr. *greypa*)

hleypti, hleypt (sbr. *hleypta*)

lapti (sbr. *lepja*)

tæpti, tæpt (sbr. *tæpa*)

æpti, æpt (sbr. *æpa*)

Athugið að *p* getur horfið alveg í framburði ef það er á milli *t* og annars samhljóðs. Það hverfur þó ekki úr ritmyndinni.

herpti, herpt (sbr. *herpa*)
skerpti, skerpt (sbr. *skerpa*)
verpti, verpt (sbr. *verpa*)

Dæmi um veikar sagnir með *pp* á undan *t*:

klippti, klippt (sbr. *klippa*)
kreppti, kreppt (sbr. *kreppa*)
sleppti, sleppt (sbr. *sleppa*)

Oft verða *p* og *pp* að *f* í framburði á undan *t* í hvorugkyni lýsingarorða. Þar má þó reiða sig á *p* eða *pp* í öðrum myndum lýsingarorðsins.

djúpt (sbr. <i>djúpur</i>)	knappt (sbr. <i>knappur</i>)
gljúpt (sbr. <i>gljúpur</i>)	krappt (sbr. <i>krappur</i>)
tæpt (sbr. <i>tæpur</i>)	slappt (sbr. <i>slappur</i>)

Stundum þarf að reiða sig alfarið á skyld orð.

dýpt (sbr. *djúpur*, *dýpi*), kúptur (sbr. *kúpa*), skipta, skipting (sbr. *skipa*, *skipun*), svipta, svipting (sbr. *svipa*), yppta (sbr. *yppa*, *upp*)

5.76 *f* á undan *t*

Oft er líka ritað *f* á undan *t* (eins og það er borið fram) og oft fær ritháttur með *f* jafnframt stuðning af skyldum orðum með *f*.

gifta, gifting (sbr. *gefa*), kleift (sbr. *kleifur*, *klífa*; *kleift fjall*), kleyft (sbr. *kleyfur*, *kljúfa*; *kleyft timbur*), líft (sbr. *líf*), lyfta, lyfting (sbr. *loft*), rifta (sbr. *rífa*), vansvefta (sbr. *sofa*), skaft (sbr. *skafa*), skrift (sbr. *skrifa*)

R og rr

5.77 Almennt um *r* og *rr*

Umfjöllun í undirköflum 5.77–5.79 byggist á fjórtánda kafla í ritreglum (14. [R og rr](#)).

Í mörgum orðum er ýmist ritað *r* eða *rr* eftir því í hvaða falli, kyni eða tölu þau eru. Þessi munur heyrir ekki alltaf í framburði. Sums staðar verður *r* líka ógreinilegt í framburði eða hverfur jafnvel alveg en er samt haldið í stafsetningu.

5.78 Á eftir áherslusérhljóði heyrir munur *r* og *rr* yfirleitt vel

Munurinn á *r* og *rr* heyrir yfirleitt vel í framburði næst á eftir áherslusérhljóði, eins og í þessum orðum:

stór, (um) stóran, (frá) stórri, (til) stórrar, (til) stórra
blár, (frá) blárri, (til) blárrar, (til) blárra
hver, (frá) hverjum, (frá) hverri, (til) hverrar, (til) hverra
barr, (frá) barri, (til) barrs
kjarr, (frá) kjarri, (til) kjarrs

Nokkur dæmi:

Hún las í *stórri*, *blárri* bók og naut *hverrar* mínútu.

Þar stóð *stór*, *blár* bíll.

Hverra manna ert þú?

Athugið þó miðstigsmyndina *fleiri* sem ætíð er rituð með *r* þótt hún sé stundum borin fram með *rr*. Dæmi: Kostirnir eru *fleiri* og meiri en ókostirnir. Hér er *fleira* fólk en í fyrra.

Athugið sérstaklega lýsingarorðin *kyrr* og *þurr* og miðstigsmyndirnar *fyrr* og *verr* sem alltaf eru ritaðar með *rr* þótt þær séu stundum bornar fram með *r*.

5.79 Á eftir áhersluléttum sérhljóðum heyrir munur á *r* og *rr* illa

Munurinn á *r* og *rr* heyrir yfirleitt ekki vel í framburði á eftir áhersluléttu sérhljóði (sérhljóði sem stendur ekki í áhersluatkvæði), eins og í þessum orðum:

annar, önnur, (frá) annarri, (til) annarrar, (til) annarra
einhver, (frá) einhverri, (til) einhverrar, (til) einhverra
nokkur, (frá) nokkurri, (til) nokkurrar, (til) nokkurra
fagur, fögur, (frá) fagurri, (til) fagurrar, (til) fagurra
lipur, (frá) lipurri, (til) lipurrar, (til) lipurra
snotur, (frá) snoturri, (til) snoturrar, (til) snoturra

Í þessum orðum og öðrum álíka eru rituð jafnmörg *r* og í lýsingarorðinu *stór* og því má hafa það til leiðsagnar.

Dæmi: Þar mætti hann tröllkerlingu *nokkurri* (*stórri*). Þau sigldu til eyjar *nokkurrar* (*stórrar*). Hún þráði að komast í *nokkurra* (*stórra*) daga sumarleyfi.

Undantekning: Í beygingarmyndum orðsins *þessi* er alltaf *r* (aldrei *rr*):

þessari, þessarar, þessara.

Sums staðar verður *r* ógreinilegt eða hverfur alveg í framburði en helst í stafsetningu (sjá 1.8). Þetta á aðallega við um efsta stig nokkurra lýsingarorða og atviksorða. Þar þarf að leita að stofni í frumstigsmynd eða öðrum skyldum orðum til að sannreyna að rita skuli *r*:

stærstur (sbr. stór), nyrstur (sbr. norður), fyrstur (sbr. for-, fyrir), fjærstur (sbr. fjarri), verstur (sbr. verri, versna), ferskt (sbr. ferskur)

Athugið að ritað er *hæstur* (frumstig *hár, háan, háum, hás*, miðstig *hærri*) og *skástur* (miðstig *skárri*) því að stofn þessara lýsingarorða er án *r* (*há-, ská-*).

S og ss

5.80 Almennt um s og ss

Umfjöllun í undirköflum 5.80–5.84 byggist á fimmtánda kafla í ritreglum (15. S og ss).

Í mörgum orðum er ýmist ritað *s* eða *ss* eftir því í hvaða falli, kyni eða tölu þau eru. Þessi munur heyrst ekki alltaf í framburði. Sums staðar verður *s* líka ógreinilegt í framburði eða hverfur jafnvel alveg en er samt haldið í stafsetningu.

5.81 Á eftir áherslusérhljóði heyrst munur s og ss yfirleitt vel

Munurinn á *s* og *ss* heyrst yfirleitt vel í framburði næst á eftir áherslusérhljóði, eins og í þessum nafnorðum og lýsingarorðum:

hús, (til) húss, laus, (til) lauss (manns), lás, (til) láss, nes, (til) ness, gras, (til) grass, fús, (til) fúss, bás, (til) báss, gos, (til) goss, vís, (til) víss

5.82 Á eftir áhersluléttum sérhljóðum heyrst munur á s og ss illa

Munurinn á *s* og *ss* heyrst hins vegar ekki vel í framburði á eftir áherslulétu sérhljóði (sérhljóði sem ekki stendur í áhersluatkvæði) og því þarf að gæta sérstaklega að ritun *s* og *ss* þar. Þetta á bæði við um samsett orð á borð við *hengi|lás, eld|hús, Hofs|ós* og *Reykja|nes* og ósamsett orð eins og til dæmis *ananas* og *atlas*. Í þessum orðum endar stofninn á einföldu *s*-i en í eignarfalli eintölu (í karlkyni og hvorugkyni) á *-ss*.

eldhús, (til) eldhúss, ananas, (til) ananass, hengilás, (til) hengiláss, Hofsós, (til) Hofsóss, Reykjanes, (til) Reykjaness, majónes, (til) majóness, kaktus, (til)

kaktuss, sirkus, (til) sirkuss, ýmis (ýmiss konar)

Athugið sérstaklega *ýmiss konar* þar sem *ýmis* er í eignarfalli eintölu, eins og *hvers* og *þess* í *hvers konar* og *þess konar*.

Í orðum þar sem stofn endar á -ss, eins og *foss* og *hross*, bætist **ekki** við -s í eignarfalli, til dæmis *til foss* (ekki *föss*).

Um s og ss á samskeytum samsettra orða

5.83 Síðari hluti samsetningar hefst á s

Hefjist síðari hluti orðs á s er breytilegt hvort fyrri hlutinn er ritaður með eignarfallsendingunni -s eða ekki og verður þar að taka tillit til rithefðar og leita til orðabóka.

hrepp|stjóri (en *hrepps|nefnd*, *hrepps|ómagi*), *skip|stjóri* (en *skips|rúm*, *skips|þerna*), *Reyni|staður* (en *Reynis|drangar*, *Reynis|fjara*, *Reynis|hólar*), *Árnes|sýsla* (en *Árness|þing*), *Reykjanes|skagi*, *Pósthús|stræti*, *Lárus|son*, *félags|skapur*, *lands|samök*, *Egils|staðir*, *innan húss|skýrsla*, *utan húss|sýning*

5.84 Síðari hluti samsetningar hefst ekki á s

Hefjist síðari hluti samsetningar ekki á s sker framburður oftast úr um hvort fyrri liður skal ritaður með eignarfallsendingunni -s eða án hennar. Vafi getur þó skapast ef stofn fyrri liðar endar á s og verður þar að taka tillit til rithefðar.

Laufás|vegur, *Laugarnes|vegur*, *Reykjanes|braut*, *Reykjanes|bær*, *Árness|þing*, *eldhús|borð* (*eldhúss|borð*), *innan húss|arkitekt*, *innan húss|fótbolti*, *utan húss|málning*

rl og ll

5.85 Almennt um rl og ll

Umfjöllun í undirkafla 5.85 byggist á sextánda kafla í ritreglum (16. *Rl*, og *ll*; *rn*, *nn*; *sl*, *sn*).

Samböndin *rl* og *ll* eru oft borin fram með d-hljóði sem ekki birtist í stafsetningu (samstöfunar *rdl* og *dll* koma ekki fyrir í stafsetningu í ósamsettum orðum).

Dæmi um orð með *rl*:

varla, *karl*, *kerling*, *jarl*, *perla*, *nurla*, *sturla*

Dæmi um orð með *ll*:

hella, kalla, kollur, illur, pallur, hellingur, vellingur

Orð með *rl* og *ll* geta orðið nánast eins í framburði og þá þarf að gæta að uppruna orðanna þegar ritað er.

karla (af karl)
varla

kalla (so.)
valla (af völlur)

Athugið að jafnframt eru til orð með *ll* sem borið er fram án d-hljóðs og þau eru einnig rituð með *ll*.

sellerí, pilli, troll, Kalli (af Karl), Palli (af Páll)

rn* og *nn

5.86 Almennt um *rn* og *nn*

Umfjöllun í undirköflum 5.86–5.87 byggist á sextánda kafla í ritreglum (16. *Rl*, og *ll*; *rn*, *nn*; *sl*, *sn*).

Samböndin *rn* og *nn* eru oft borin fram með d-hljóði sem ekki birtist í stafsetningu (samstöfunar *rdn* og *dn* koma ekki fyrir í stafsetningu í ósamsettum orðum).

Dæmi um orð með *rn*:

Árni, barn, korn, firn, forn, görn, örn

Dæmi um orð með *nn*:

beinn, brúnn, fínn, sónn, tónn

Athugið að jafnframt er fjöldi orða þar sem *nn* er borið fram án d-hljóðs og þau eru einnig rituð með *nn*.

annar, finna, kunnur, þennan

5.87 *rtn* ef *rt* er í skyldum orðum

Athugið að ritað er *rtn* ef *rt* er að finna í skyldum orðum:

ertni (sbr. *erta*), sortna (sbr. *svartur*)

sl og *sn*

5.88 Almennt um *rn* og *nn*

Umfjöllun í undirköflum 5.88–5.89 byggist á sextánda kafla í ritreglum (16. *Rl*, og *ll*; *rn*, *nn*; *sl*, *sn*).

Samböndin *sl* og *sn* eru oft borin fram með d-hljóði sem ekki birtist í stafsetningu (samstöfunar *sdl* og *sdn* koma ekki fyrir í stafsetningu í ósamsettum orðum).

Dæmi um orð með *sl*:

slá, sleppa, slíta, slökkva

basl, busla, drusla, varsla, versla

Dæmi um orð með *sn*:

snara, snemma, snjór, snyrta, snæri

asni, visna, kosningar (sbr. *kjósa*, *kosinn*)

5.89 *stn* ef *st* er í skyldum orðum

Athugið að ritað er *stn* ef *st* er að finna í skyldum orðum.

freistni (sbr. *freisting*), kostnaður (sbr. *kosta*), kristni (sbr. *kristinn*)

X, *gs*, *ks*

5.90 Almennt um *x*, *gs* og *ks*

Umfjöllun í undirköflum 5.90–5.93 byggist á sautjándka kafla í ritreglum (17. *X*, *gs*, *ks*).

Lítill munur er oft í framburði á þeim hljóðum og hljóðasamböndum sem rituð eru með bókstafnum *x* og bókstafasamböndunum *gs* og *ks*, eins og til dæmis í þessum orðapörum:

laks (af <i>lak</i>)	lax
seks (af <i>sekur</i>)	sex
vígsla (af <i>vígja</i>)	víxla

Oftast má þó finna skylt orð (eins og *lak*, *sekur* og *vígja* í orðapörunum hér að ofan) sem leiðbeint getur um rithátt en stundum þarf að leita til orðabóka (sjá 1.8).

5.91 *gs* ef *g* í öðrum myndum eða skyldum orðum

Rita skal *gs* ef *g* er í öðrum orðmyndum eða skylt orð er með *g*:

(a) í fjölda eignarfallsmynda með eignarfallsendingunni *-s*.

bógs (af *bógur*), dags (af *dagur*), flugs (af *flug*), lags (af *lag*), lagsmaður, lagsi (af *lag*), lágs (af *lágur*), mágs (af *mágur*), rógs (af *rógur*), slagsmál (sbr. *slagur*), vogs (af *vogur*), fangs (af *fang*), langs (af *langur*), rangs (af *rangur*), vængs (af *vængur*), þangs (af *þang*)

(b) í sögnum með *-st*.

hyggst (af *hyggja*), lagst (af *leggja*), leggst (af *leggja*), sagst (af *segja*)

(c) í orðum þar sem *g* er næst á undan *s* í stofni.

bægsli (sbr. *bógur*), flygsa (sbr. *flug*), hugsa, hugsli (sbr. *hugur*), lagstur (sbr. *lagðist*), lægstur (sbr. *lágur*, *lægri*), þyngsli (sbr. *þungur*)

5.92 *ks* ef *k* í öðrum myndum eða skyldum orðum

Rita skal *ks* ef *k* er í öðrum orðmyndum eða skylt orð er með *k*:

(a) í fjölda eignarfallsmynda með eignarfallsendingunni *-s*.

fok (af *fok*), laks (af *lak*), loks (af *lok*), malbiks (af *malbik*), roks (af *rok*), ryks (af *ryk*), seks (af *sekur*), taks (af *tak*), þaks (af *þak*)

(b) í sögnum með *-st*.

rekst (af *reka*), tekst (af *taka*), stökkst (af *stökkva*)

(c) í orðum þar sem *k* er næst á undan *s* í stofni sem sést oft í skyldum orðum.

akstur (sbr. *aka*), bakstur (sbr. *baka*), innlyksa (sbr. *lok*), loksins (sbr. *lok*), mokstur (sbr. *moka*), rakstur (sbr. *raka*), rekstur (sbr. *reka*)

(d) í lýsingarorðum með *sk*.

írakskur (af *Írak*), kasakskur (af *Kasakstan*), srílankskur (af *Srí Lanka*), úsbekskur (af *Úsbekistan*)

Ekki er þó ritað *ksk* á eftir í (sjá einnig [5.8](#)).

reykvískur (af *Reykjavík*), húsvískur (af *Húsavík*), keflvískur (af *Keflavík*),

afrískur (af *Afríka*), bandarískur (af *Bandaríkin*), grískur (af *Grikkland*), mósambískur (af *Mósambík*), tadsískur (af *Tadsíkistan*), kítískur (af *kítík*), pólitískur (af *pólitík*)

5.93 x ef ekki g eða k í stofni eða skyldum orðum

Ritað er x ef ekki er g eða k í stofni eða í skyldum orðum.

ax, kornax, buxur, exi, fax, fox, foxillur, jaxl, kex, lax, pex, rex, sax, saxa, sex, strax, taxi, taxti, texti, uxi, yxna, vax, vaxa, vöxtur, víxl, æxlast, æxli, æxlun, öxi, öxl

Breytingar á ritreglum 2016

5.94 Helstu breytingar 2016 á reglum um stafsetningu

Fyrri hluti ritreglnanna ([kaflar 1–20](#)) (sjá [1.6](#)) fjallar um stafsetningu og leysti af hólmi auglýsingar um íslenska stafsetningu (nr. 132/1974, með innfelldum breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 184/1974). Nánari útfærsla auglýsinga um íslenska stafsetningu var í ritreglum í *Stafsetningarorðabókinni* (2006:675–711).

Almennt eru ekki lagðar til veigamiklar breytingar á núverandi stafsetningu frá eldri. Helstu breytingar frá þessum auglýsingum eru í köflum um stóran og lítinn staf og eitt orð eða fleiri. Mestu breytingarnar eru á framsetningu og fjölda dæma.

Gott dæmi um ólíka framsetningu er að í ritreglum Stafsetningarorðabókar segir í § 7: Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns og síðan sýnd óflokkuð dæmi en í nýju reglunum er fjallað um ólíka flokka sérnafna í undirköflum 1.2.2.1, 1.2.2.2a–c, 1.2.2.3a–c, 1.2.2.4a–c og 1.2.2.5a–b.

Yfirlit yfir breytingar

Helstu breytingar á stafsetningu í ritreglunum eru tilgreindar hér á eftir. Yfirlit yfir breytingar á greinarmerkjasetningu eru í [6.132](#).

Stór og lítill stafur

Fylgismenn stjórnmaflokka

Heiti fylgismanna stjórnmaflokka eru nú rituð með stórum staf (*Framsóknarmaður*) (§ 1.2.3.2 d) en voru áður rituð með litlum staf (*framsóknarmaður*) (sjá [3.45](#)).

Matarorð og læknisfræðileg heiti

Frá því í auglýsingum um íslenska stafsetningu 1974 (14. gr. a) hefur gilt

sú regla að dýra- og jurtanöfn sem samsett eru þannig, að fyrri hlutinn er sérnafn skuli samt sem áður ætíð rituð með litlum staf. Þetta á enn við í núverandi ritreglum 2016 (§ 1.3.3.2 a og 1.3.3.2 b) (sjá 3.7, 3.8) og er látin ná til enn fleiri flokka orða, þ.e. einnig matvæli og læknisfræðileg heiti (§ 1.3.3.2 c og 1.3.3.2 d) (sjá 3.9, 3.10).

Þjóða- og þjóðflokkaheiti

Í auglýsingu um íslenska stafsetningu (nr. 132/1974, 11. gr. a) voru bæði þjóðaheiti og þjóðflokkaheiti höfð með litlum staf (t.d. *Íslendingur, germani*). Þótt rökrétt væri féll það ekki í kramið að þjóðaheiti væru rituð með lágstaf og var þeirri reglu breytt í breytingu við auglýsingu um íslenska stafsetningu (nr. 261/1977, 9. gr. a og 11. gr. a) og greint á milli þjóðaheita o.s.frv. og þjóðflokkaheita (*Íslendingur, germani*). Í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:680–681 [§13 og 15]) er einnig greint þarna á milli. Að halda þessu aðgreindu krefst hins vegar mikillar utanaðkomandi þekkingar og ýmis vafamál koma upp (t.d. *keltar, slavar en Saxar, Samar*). Í núverandi ritreglum hefur þetta verið einfaldað og bæði þjóða- og þjóðflokkaheiti eru rituð með stórum staf (*Íslendingur, Germani*) (§ 1.2.3.1) en ýmis (úrelt) kynþáttaheiti hins vegar áfram rituð með lágstaf (§ 1.3.5) (sjá 3.41, 3.17).

Gjaldmiðlaheiti

Heiti gjaldmiðla eru nú ávallt rituð með litlum staf jafnvel þótt þau séu leidd af sérnafni, til dæmis *bandaríkjadalur, svissneskur franki* (sjá 3.14).

Tungumálaheiti

Samkvæmt ritreglum eru öll tungumálaheiti, einnig þau sem leidd eru af sérnafni, rituð með litlum staf (*þýska, finnlandssænska*) (§ 1.3.4) (sjá 3.16). Ekki hafði verið fjallað um þetta í auglýsingu um íslenska stafsetningu 1974 en í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:681 [§16]) voru tungumálaheiti þar sem fyrri liður var sjálfstætt sérnafn rituð með stórum staf, t.d. *Finnlandssænska*.

Heiti vikudaga og mánaða

Í núverandi ritreglum er kveðið skýrar á um það en áður að heiti vikudaga og mánaða skuli ávallt rita með lágstaf, til dæmis *týsdagur, þórsdagur* (sjá 3.22).

Eitt orð eða fleiri

Nokkrar breytingar eru gerðar á ritun eins orðs og fleiri.

Orðasambönd með töluorðum

Orðasambönd með töluorðum hafa í íslensku oftast verið rituð aðskilin (t.d. *eins hreyfils flugvél*). Nokkrar undantekningar voru frá því í ritreglum

Stafsetningarorðabókarinnar (sjá 2006:706 [§74]), t.d. *átjánbarnafaðir*, *fjórðapartsnóta*). Í núverandi ritreglum (§ 1.3.4) er skilgreining á undantekningu við meginreglu skýrð betur en nú er og henni lítillega breytt (sjá 4.11).

Orðasambönd sem enda á *kyns/konar*

Valkvæði hefur verið tekið út úr ritun orðasambanda sem enda á *kyns/konar* til samræmis við ýmis önnur orðasambönd með aðra seinni liði sem eingöngu eru rituð aðskilin (t.d. *háttar*, *kostar*, *sinni*, *staðar*, *veginn*, *vegna* o.s.frv.). Einnig hafa verið teknar út hliðarmyndirnar *alskonar* og *sumstaðar* (§ 2.5) (sjá 4.13). Í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:707 [§76]) hafði verið mælt með sundurritun en samritun einnig leyfð (til dæmis *ýmiss konar*).

Orðasambönd með *megin*

Lagt er til í nýjum ritreglum að tekið verði út valkvæði í ritun orðasambanda með *megin* og það alltaf ritað laust frá undanfarandi orði, t.d. *austan megin*, *báðum megin* (§ 2.5) (sjá 4.14). Í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:708–709 [§78]) hafði verið mælt með rithætti í tveimur orðum en leyft að slá orðum saman ef næst framan við var fornafn, t.d. *hinumegin*.

Annað

Af nýjungum í öðrum köflum má nefna að í undirkafli 7.3.4 er fjallað um ritun *f* og *v* í aðkomuorðum (t.d. *endorfín*, *graffari*, *bossanóva*), í undirkafli 7.5 um hljóðaklasann *ffl* (t.d. *grifflur*), í köflum 8, 14 og 15 er miklu ítarlegri umfjöllun en í eldri reglum um ritun *g*, *r* og *rr* og *s* og *ss* og í 20. kafli er sérstaklega fjallað um stafavíxl.

Jóhannes B.
Sigtryggsson

6 Greinarmerki

6.1 Almennt um greinarmerkjasetningu

Umfjöllun í þessum kafla byggist að miklu leyti á köflum 21 til 32 í [ritreglum Íslenskrar málnefndar](#) (sjá [1.6](#)).

Í 6. kafla er fjallað um einstök greinarmerki. Í 7. kafla er fjallað um afstöðu þeirra innbyrðis og val á þeim. Í báðum þessum köflum eru greinarmerki sem eru til umfjöllunar stundum feitletruð í dæmum til frekari áherslu.

Yfirlit yfir helstu breytingar á greinarmerkjasetningu í ritreglunum eru í [6.132](#).

Komma

6.2 Almennt um kommur

Umfjöllun í undirköflum 6.2–6.23 byggist á tuttugasta og fyrsta kafla í ritreglum ([21. Komma](#)).

Kommur eru settar á milli setninga sem ekki eru tengdar með samtengingum og utan um innskotssetningar sem geyma viðbótarupplýsingar. Þær eru einnig settar á milli orða og liða í upptalningu og til að afmarka ávörp, upphrópanir og viðauka. Á eftir fylgir lítill stafur (sjá [3.25](#)).

Skipuleg kommuasetning er mikilvæg til að afmarka hvað á saman og til að skýra samhengi í texta.

Komma og setningar

6.3 Almennt um kommur og setningar

Algengast er að nota kommur til að tengja setningar sem ekki eru tengdar með samtengingum (sjá [6.4](#)) eða til þess að afmarka innskotssetningar sem fela í sér viðbótarupplýsingar (sjá [6.11](#)).

6.4 Annaðhvort komma eða samtenging

Komma er notuð þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein án þess að þær séu tengdar með samtengingu. **Setningar**

eru því annaðhvort aðgreindar með kommu eða tengdar með samtengingum.

Sumir fengu ís, aðrir vildu frekar köku.
Sumir fengu ís en aðrir vildu frekar köku.

Rúna vann fyrstu skákina, gerði tvö jafntefli en tapaði fjórðu skákinni.
Rúna vann fyrstu skákina og gerði tvö jafntefli en tapaði fjórðu skákinni.

Mér leiddist inni, gat ekki fest hugann við neitt, fór út og gekk dálitla stund.

6.5 Samtengingar fremst í málsgrein

Hafa verður í huga að samtengingar geta lent fremst í málsgrein og ekki á milli þeirra setninga sem þær tengja. Samt sem áður er ekki höfð komma á mótum setninganna.

Þegar veðrið er gott líður mér vel. (Mér líður vel þegar veðrið er gott.)
Eins og áðan kom fram fellur fundurinn í dag niður. (Fundurinn fellur í dag niður eins og áðan koma fram.)

6.6 Komma og skýringartengingar

Ef skýringartengingin að fellur brott er ekki sett komma í hennar stað:

Hann veit að hún kemur. / Hann veit hún kemur.

6.7 Komma og skilyrðistengingar

Ef skilyrðistenging er felld brott er ekki sett komma í hennar stað (þá er sögn í skilyrðissetningu í viðtengingarhætti):

Þeir róa í kvöld ef veðrið skánar. / Þeir róa í kvöld skáni veðrið.
Ef veðrið skánar róa þeir í kvöld. / Skáni veðrið róa þeir í kvöld.

6.8 Skýrleikakomma

Heimilt er að setja kommu milli setninga ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning þótt það sé ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur.

Hún mælti svo, að enginn hafði heyrt snjallari ræðu.
Páll fór inn, í sömu mund og fór að rigna.

6.9 Hlékomma

Heimilt er að setja kommu til að auðkenna hlé í lestri þótt það sé ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur, sérstaklega í löngum málsgreinum.

Ég settist að í bæjarfélaginu fyrir 17 árum og hef ætíð unað hag mínum vel þar innan um fjölskrúðugt mannlíf, en síðustu misseri hefur það dálítið breyst.

Komma og innskotssetningar

6.10 Almennt um kommur og innskotssetningar

Innskotssetningar fleyga aðrar setningar (aðal- eða aukasetningar) og eru afmarkaðar með kommum ef í þeim felast viðbótarupplýsingar (sjá 6.11).

Athugið. Gæta skal þess að bæði er komma á undan og eftir innskotssetningu sem afmörkuð er með kommum.

Gunnar, sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja.

Ekki:

~~Gunnar, sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár lét ekki sitt eftir liggja.~~

~~Gunnar sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja.~~

6.11 Innskotssetningar með viðbótarupplýsingum: hafa kommur

Kommur eru notaðar til að afmarka innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún felur í sér viðbótarupplýsingar og hægt er að setja sviga utan um hana eða taka hana út án þess að merking aðalsetningarinnar glatist. Oft má finna út úr þessu með því að búa til tvær setningar úr einni.

Þetta hús, sem var byggt 1920, er elsta húsið við götuna. (= Þetta hús er elsta húsið við götuna. Það var byggt 1920. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.) Mætti einnig rita: Þetta hús (sem var byggt 1920) er elsta húsið við götuna.

Gunnar, sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja. (= Gunnar lét ekki sitt eftir liggja. Hann hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Árið 1939, þegar 21 ár var liðið frá lokum fyrri heimsstyrjaldar, hófst seinni heimsstyrjöldin. (= Árið 1939 hófst seinni heimsstyrjöldin. Þá var liðið 21 ár frá lokum fyrri heimsstyrjaldar. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Gömlu hjónunum, sem höfðu búið í húsinu í áratugi, féll þungt að þurfa að flytjast á brott. (= Gömlu hjónunum féll þungt að þurfa að flytjast á brott. Þau höfðu búið í húsinu í áratugi. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Stóra herskipið, sem var að koma, er franskt.

Hún fór, eins og ég bjóst við, beint til hans.
Sigurður er, ef ég man rétt, skyldur frænku minni.
Strákurinn, sem flust hafði þangað um vorið, var vinur minn.
Kjósi ráðherra að víkja frá álitum dómnefndar, sem honum sé heimilt, verði það
að vera á málefnalegum grunni.

6.12 Innskotssetningar sem eru ómissandi hluti af merkingu aðalsetningarinnar eða afmarka hana nánar: engar kommur

Ekki skal afmarka með kómmum innskotssetningu tengda með
samtengingu ef hún er ómissandi hluti af merkingu aðalsetningarinnar,
afmarkar hana nánar og ekki er hægt að setja sviga utan um hana.

Sá sem fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér. (Ekki hægt að
kljúfa í tvær setningar: ~~Sá verður að leggja hart að sér. Hann fæst við erfitt
verkefni.~~)

Nemandi sem stundar námið vel mun ná góðum árangri. (Ekki hægt að
skrifa: ~~Nemandi (sem stundar námið vel) mun ná góðum árangri.~~)

Það sem birtist á skjánum er ólæsilegt.

Strákurinn sem braut gluggann hljóp í burtu.

Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar.

Í þeim samdrætti sem nú gengur yfir er fráleitt að auka launakostnað
fyrirtækjanna.

Lagt er til að útgerðir þeirra báta sem nú stunda veiðar með krókaleyfi geti
fengið aflahlutdeild í einstökum tegundum.

Sérfræðingar á ýmsum sviðum er tengjast opinberum innkaupum kynntu
nýjungar á fjölsótttri innkauparáðstefnu.

Alltaf þegar veðrið er gott sit ég úti í garði.

Ýmsir sem hér búa eru óánægðir.

Enginn þeirra sem kusu studdu formanninn í kjörinu.

Hvenær sem er hentar mér.

6.13 Innskotssetningar sem geta haft ólíka merkingu

Sama málsgrein getur haft ólíka merkingu eftir því hvort innskotssetning
hefur að geyma viðbótarupplýsingar sem setja má sviga um, eins og í
(a), eða er nauðsynleg fyrir merkingu aðalsetningarinnar, eins og í (b):

(a) Þingmenn kjördæmisins, sem fengu boðsmiða, komu á sýninguna. =
Þingmenn kjördæmisins komu á sýninguna en þeir fengu (allir) boðsmiða. –
Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.

(b) Þingmenn kjördæmisins sem fengu boðsmiða komu á sýninguna. = Þeir
þingmenn kjördæmisins sem fengu boðsmiða komu á sýninguna (en ekki
allir þingmenn kjördæmisins fengu boðsmiða). – Þessi innskotssetning

tilgreinir þá þingmenn sem komu á sýninguna og er nauðsynleg til að merking aðalsetningarinnar komist til skila.

Önnur notkun kommu

6.14 Komma og viðaukar og innfelldir liðir

Komma afmarkar innskot og viðauka til nánari skýringar sem ekki eru fullgildar setningar með umsögn. Slíkir innfelldir liðir og viðaukaliðir eru innskot og viðbót, nánari skýring á því sem felst í aðalhlutum setningarinnar. Um fullgildar innskotssetningar sjá [6.10](#).

Kórstjórinn okkar, hann Egill, var veikur í gær.

Nokkrir starfsmenn, til dæmis Alexandra og Steinþór, ætla til útlanda í sumar.

Hann sagði, auðvitað í hugsunarleysi, ýmislegt móðgandi.

Algengt er, til dæmis í Þýskalandi, að uppkomin börn flytji seint burt.

Þær eru farnar heim, stúlkurnar.

Réttu mér bolla, þennan hvíta.

Hann hljóp út, sárreiður og æstur.

Sixpensari, derhúfa með mjúkum kolli

Loksins komumst við heim, ánægð með daginn.

Þarna voru margir, meðal annars frændfólk mitt.

Ég ætla að koma fljótt aftur, á morgun eða hinn daginn.

Börnin voru mjög veik, einkum eldri krakkarnir.

Þú verður að venja þig af þessu, að hlæja að fólki.

Allir voru kátir, a.m.k. börnin.

Þau vildu fara sem fyrst, t.d. næsta vor.

Í almennum texta er eðlilegt að nota kommur til að afmarka svona innskot og viðauka. Ef viðauki fylgir sem merkingarskilgreining kemur einnig til greina að nota tvípunkt (sjá [6.106](#)).

Sixpensari: derhúfa með mjúkum kolli

6.15 Komma og upptalning

Komma er höfð í upptalningu nema þar sem notaðar eru samtengingar.

Sigrún, Jón, Aron og Emilía eru systkin.

Á morgun er landafræði, enska, stærðfræði og danska.

Í veislunni voru sniglar í forrétt, nautakjöt í aðalrétt og ís í eftirrétt.

Á morgun er landafræði og enska og stærðfræði og danska.

6.16 Komma og upptalning á eftir inngangsorðum

Komma getur einnig farið á eftir inngangsorðum á undan upptalningu og þá sérstaklega ef ekki eru afgerandi skil á milli þeirra:

Hann las ýmislegt, blöð, tímarit og bækur.

Á milli inngangsorða og upptalningar er annars algengast að hafa tvípunkt (sjá 6.107).

6.17 Komma og endurtekning

Komma er höfð þegar orð eru endurtekin.

Þetta er langtum, langtum skemmtilegra.

Já, já.

6.18 Komma og ávörp og upphrópanir

Komma er höfð til að afmarka ávörp og upphrópanir.

Sæl, Anna, og til hamingju með afmælið.

Fundarstjóri, má ég bera fram athugasemd?

Hvað var það, minn kæri, sem þú vildir okkur segja, þú frægi skrýtni Sölvi Helgason?

Nei, það kemur ekki til greina.

Ó, farðu þér nú ekki að voða.

6.19 Komma og bein ræða

Komma er sett til að afmarka beina ræðu en ef beinni ræðu lýkur með upphrópunarmerki eða spurningarmerki er kommunni sleppt.

„Þetta skil ég vel,“ sagði Anna.

„Nú er tíminn,“ sagði hann, „til að skipta um rafhlöðu.“

„Þetta er ömurlegt!“ hrópaði Anna.

„Eruð þið búin að skipta um rafhlöðu?“ spurði hann.

6.20 Komma og starfsheiti, titlar og frændsemissorð

Kommur afmarka ekki starfsheiti, titla og frændsemissorð ef þau eru aðeins tvö orð (aðalorð og einkunn) en hins vegar ef þau eru þrjú eða fleiri.

Jóna Árnadóttir formaður mælti fyrir tillögunni.

Jói frændi okkar kom í veisluna.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands vígði kirkjuna.

Jónas Hallgrímsson, skáld og náttúrufræðingur.

Rósa Jónsdóttir, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, var í leyfi í fyrra.

6.21 Komma og lýsingarorð/lýsingarhættir

Kommur eru valfrjálsar milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef þau vísa bæði til orðsins sem þau standa með (hægt að setja og í staðinn fyrir kommu).

Þarna var gömul góð kona.

Þarna var gömul, góð kona.

Ef lýsingarorð eða lýsingarháttur myndar heild með orði sem það stendur með þá er ekki höfð komma ef á undan fer annað lýsingarorð eða lýsingarháttur.

Þetta er góð gerilsneydd mjólk. (= *gerilsneydd mjólk* er ákveðin tegund af mjólk. Lýsingarorðið *góður* á hér við orðasambandið í heild.)

Hann keypti íslensk ríkistryggð skuldabréf.

6.22 Komma og tuga- og sekúndubrot

Kommur eru notaðar við ritun tugabrota í fjárhæðum, til að aðgreina aðal- og undirmyntir, og til að greina á milli sekúndna og sekúndubrota þegar tími er táknaður.

Einn deilt með fjórum er 0,25.

Þí er u.þ.b. 3,14.

Kílóíð er á 29,95 kr.

Heyrnartólin kostuðu 70,50 evrur.

Hún hljóp 100 metrana á nákvæmlega 10.22,45

Þetta var 0,1 sek. betri tími en áður.

6.23 Komma í dagsetningum

Komma er notuð á milli staðar og dagsetningar:

Hafnarfirði, 4. október 2019

Punktur

6.24 Almennt um punkta

Umfjöllun í undirköflum 6.24–6.34 byggist á tuttugasta og öðrum kafla í ritreglum (22. [Punktur](#)).

Eitt mikilvægasta greinarmerkið er punktur (.). Hann er meðal annars notaður til að afmarka málsgreinar (sjá 6.25), raðtölur (sjá 6.30) og til að auðkenna skammstafanir (sjá 10.2).

6.25 Punktur í lok málsgreinar

Punktur er settur á eftir málsgreinum og ígildum þeirra nema þar komi fyrir önnur greinarmerki (sjá 6.26).

Réttu mér bollann.

Jón hafði ekki hugmynd um hvort hún hefði komið.

Fór í vinnuna. Ekkert sérstakt gerðist. Helgi hringdi eftir kvöldmat.

Einfalt bil er á eftir punkti í lok málsgreinar (sjá 7.45).

6.26 Punktur og önnur greinarmerki í lok málsgreinar

Ekki er hafður punktur í lok málsgreinar ef þar koma fyrir önnur greinarmerki. Þetta gildir til að mynda um spurningarmerki, upphrópunarmerki og úrfellingarpunkta (sjá 6.127):

Gengur þú alltaf í vinnuna?

Réttu mér bollann!

Jón hafði ekki hugmynd ...

6.27 Punktur og skammstafanir eða raðtölur í lok málsgreinar

Pegar málsgrein endar á skammstöfun eða raðtölu á ekki að bæta við öðrum punkti.

Hann greiddi henni 100 kr.

Þetta gerðist einhvern tíma í febrúar, líklega 22.

Elísabet var dóttir Hinriks VIII.

Pegar tveir slíkir punktar mætast í setningu og annar fellur niður þá er það lokapunktur málsgreinarinnar sem felldur er niður. Dæmi: Hann skrifaði o.s.frv. (Punkturinn er skáletraður því að hann tilheyrir skammstöfuninni.)

Á undan öðrum greinarmerkjum helst hins vegar punktur sem tilheyrir skammstöfunum og raðtölum.

Hún keypti mat fyrir 500 kr.: mjólk og jógúrt.

Hún fékk 500 kr.; peningurinn fór í mat.

Var Elísabet I. dóttir Hinriks VIII.?

6.28 Punktur og vefslóðir

Gæta skal að því að punktur er á eftir vefslóð í lok setningar:

Þetta má sjá á slóðinni www.aaa.is.

6.29 Punktur og tákni

Punktur fellur ekki niður á eftir tákni í lok málsgreinar:

Evran lækkaði í verði um allt að 20%.

Hitinn var nálægt 30°.

6.30 Punktur og raðtölustafir

Punktur er settur á eftir raðtölustaf nema við skástrik (sjá 6.47).

Guðrún er í 2. bekk.

Á 16. blaðsíðu hefst 3. kafli.

Ætli Kristján X. og Hinrik VIII. hafi verið skyldir?

5/6 (fimm sjöttu eða fimmti sjötti)

6.31 Punktur í tölum og dagsetningum

Notaður er punktur til að greina að þúsund í tölum (þó aldrei í ártölum) og mánaðardag, mánuð og ár í dagsetningu sem eingöngu er rituð með tölum. Ekki er bil á milli liða (sjá 7.46).

14.000 manns rituðu nafn sitt á undirskriftalistann.

Íbúar Danmerkur eru fleiri en fimm milljónir (5.809.177 2. maí 2021).

Sólin er að meðaltali 149.500.000 km frá jörðu.

14.12.2017

6.32 Punktur til að greina að yfir- og undirkafla

Punktur er stundum notaður til að greina að yfir- og undirstærðir, til dæmis yfir- og undirkafla (sjá 2.35).

Í kafla 1.12

Í gr. 1.3.2 g

1 Inngangur

1.1 Árin í Skandinavíu

1.1.1 Svíþjóð

1.1.2 Danmörk

6.33 Punktur og tími

Punktur er einnig notaður til að tákna tíma og greinir þá að yfir- og undirstærðir (klst./mín./sekúndur).

Kl. 2.45

Hann hljóp maraþonið á tímanum 3.22.45

Á milli sekúndu og sekúndubrots er höfð komma (sjá 6.22):

Hún hljóp 100 metrana á nákvæmlega 10.22,45

Einnig er hægt að nota tvípunkt til að tákna tíma (kl. 2:45) (sjá kafla 6.108) en síður er mælt með því.

6.34 Punktur í fyrirsögnum

Punktur er stundum notaður í fyrirsögnum á milli aðal- og undirtitils. Þetta á sérstaklega við ef undirtitillinn er heil setning (sjá 2.37).

Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra

Semikomma

6.35 Almennt um semikommur

Umfjöllun í undirköflum 6.35–6.37 byggist á tuttugasta og þriðja kafla í ritreglum (23. Semikomma).

Semikomma er valkvætt greinarmerki og sumir nota hana aldrei. Öðrum finnst hún hins vegar vera nauðsynleg og gera kleift finni blæbrigði í greinarmerkjasetningu en ef eingöngu eru notaðir punktar og kommur.

Um afstöðu semikomma til sviga sjá 7.18.

6.36 Semikomma á milli málsgreina

Semikommu má setja milli málsgreina í stað punkts ef þær eru merkingarlega nátengdar en einkum ef síðari málsgreinin táknar afleiðingu hinnar fyrri eða andstæðu hennar. Semikomma táknar meiri skil í málsgrein en komma en minni en punktur. Hér má einnig nota punkt (sjá 6.25). Á eftir semikommu er alltaf lítill stafur.

Það hefur verið mikið ónæði hérna í dag; mér hefur því ekki tekist að ljúka verkefninu.

Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til.

Margir réttu honum hjálparhönd; þó kom allt fyrir ekki.

Sigríður var hjálpsöm og gestrisinn; Þór var hins vegar ekki vinsæll.

6.37 Semikomma og upptalning

Semikommu má nota í upptalningu til að afmarka þá liði sem helst eiga saman.

Verslunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvötn og aðra hreinlætisvöru.

Hiti sjúklingsins var 39,6; 38,7; 37,9; 36,9.

Athugið. Tvípunktur en ekki semikomma er settur á undan upptalningu með formlegum inngangsorðum (sjá [6.107](#), [7.39](#)).

Skástrík

6.38 Almennt um skástrík

Umfjöllun í undirköflum 6.38–6.52 byggist á tuttugasta og fjórða kafla í ritreglum ([24. Skástrík](#)) og Jóhannes B. Sigtryggsson (2021b).

Skástrík má meðal annars nota til að tákna tvo eða fleiri mismunandi möguleika í texta, til að sýna almenn brot, sem deilingarskástrík, til að tákna hraðaeiningar og ýmsar aðrar mælieiningar, til að greina á milli númers og ártals og til að aðgreina vísuorð svo að eitthvað sé nefnt.

Ekki er rétt að nota skástrík sem aðgreiningarmerki í dagsetningum (sjá [6.50](#)).

Skástrík eru oft notuð sem aðgreiningartákn í vefslóðum, t.d.

<https://www.arnastofnun.is/is/um-stofnunina>

6.39 Skástrík og bil

Almennt er ekki haft bil á undan né eftir skástriki. Undantekning frá þessu er ef öðrum hvorum megin við skástrík eru fleiri en eitt orð. Þá eru höfð bil báðum megin við skástrikið (sjá [7.47](#)).

1/2

og/eða

nr. 10/2019

Í dómum nr. 180 og 181/2017

London / New York

í lok maí / byrjun júní

Ætlarðu að fara yfir / laga þetta?

Ef tvö eða fleiri orð standa á undan skástriki þannig að val er á milli þeirra eða þau eiga öll við það sem er á eftir skástrikinu þá er óþarfi að hafa strik til að tengja fyrri orðin með bandstriki (sjá 6.68).

Í dómum nr. 180 og 181/2017 (þ.e. Í dómum nr. 180/2017 og 181/2017) (Ekki: í ~~dómum nr. 180 og 181/2017~~)

6.40 Skástrik og valmöguleikar eða andstaða

Meginhlutverk skástrika er að greina á milli tveggja eða fleiri mismunandi möguleika eða andstöðu. Skástrik í því hlutverki nefnast *eða-merki*. Hér eru nokkur dæmi um slíka notkun:

og/eða

Þér/ykkur er hér með boðið til veislu á laugardaginn kl. 20.

Í kössunum eru 20/50/100/500 einingar eftir atvikum.

Eignarfallið er Haralds/Haraldar.

ð/d/t-þátíðarmyndir sagna

já/nei-spurning

Einnig má nota strik til að tákna andstöðu (dæmi: *já-nei-spurning*) (sjá 6.65).

6.41 Skástrik og brot

Skástrik er oft notað til að tákna almenn brot. Einnig er þar notuð sérstök tegund skástriks sem kallast brotaskástrik (sjá 12.12).

Tillagan var samþykkt með $\frac{3}{4}$ atkvæða (með skástriki og tölum)

Tillagan var samþykkt með $\frac{3}{4}$ atkvæða (með brotastriki og hástæðum og lágstæðum tölum)

Tillagan var samþykkt með $\frac{3}{4}$ atkvæða (með sérhönnuðu tákni fyrir brotið)

Þrjú algeng brot eru yfirleitt til sérhönnuð sem sérstök tákn í leturgerðum, $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{2}$, $\frac{3}{4}$ (sjá 12.9).

6.42 Skástrik og deiling

Skástrik er stundum notað í staðinn fyrir deilingarmerkið (\div). Í slíku hlutverki er mælt með því að nota sérstakt skástrik sem nefnist deilingarskástrik (sjá 12.13).

$\frac{5}{25} = 5$ (venjulegt skástrik)

Líkurnar eru $\frac{1}{2500}$ (venjulegt skástrik)

$\frac{5}{25} = 5$ (með deilingarskástriki)

Líkurnar eru 1/2500 (með deilingarskástriki)

6.43 Skástrík og hraða- og mælieiningar

Skástrík er einnig haft í hraða- og mælieiningum og er þá lesið úr því með á:

Ljós hraði er u.þ.b. 300.000 km/sek.

Vindhraði var 12 m/sek.

Hámarkshraði er 60 km/klst.

Eðlismassi Satúrnusar er 700 kg/m³

6.44 Skástrík og tilvísunarnúmer

Skástrík er stundum notað til að greina á milli númers og ártals í lögum, reglugerðum, frumvörpum og auglýsingum o.s.frv.:

Höfð var hliðsjón af lögum nr. 2/1990 og auglýsingu nr. 132/1974.

Þetta kemur fyrir í fundargerðum 11 og 12/2019.

Rg. 441/2010

Einnig tíðkast summs staðar að nota tvípunkt til að greina á milli númers og ártals (t.d. ÍST 85:2012) þótt ekki sé getið um slíka notkun í kafla um tvípunkt í ritreglunum. Ég sé þó ekkert sérstakt sem mælir á móti henni (sjá 6.110).

6.45 Skástrík og óvissa í ártali

Skástrík er stundum notað til að tákna óvissu í ártali:

Hún var uppi 1721/1722–1785.

6.46 Skástrík og vísuorð

Skástrík má nota til að aðskilja línur (vísuorð) í kvæðum ef þau eru tilgreind í meginmáli:

Eins og segir í þekktu kvæði: Allt fram streymir endalaust / ár og dagar líða.
/ Nú er komið hrímkalt haust / horfin sumars blíða. Þarna er lýst vel komu haustsins.

6.47 Skástrík og raðtölur

Skástrík eru stundum notuð til að tákna raðtölur og er þá ekki punktur á eftir raðtölunni (sjá 6.30)

5/6 (fimm sjöttu eða fimmti sjötti)

Óhefðbundin notkun skástríka

6.48 Skástríkur og tímabil

Sums staðar (til dæmis í enskri og norsku táknahöfð) er skástríkur notað til að tákna tímabil næstæðra talna (no. *veke 23/24* og *skoleåret 2012/13*). Ekki er höfð fyrir slíkri notkun í íslensku heldur er þar notað tilstríkur (t.d. *skólaárið 2019–2020*, í *vikum 23–24*, sjá [6.72](#)).

6.49 Skástríkur og valfrjálsir stafir

Algengt er að tákna valfrjálsa stafi, t.d. í ávarpi, með skástríki. Ef það er gert þá er óþarfi að hafa bandstríkur framman við síðari liðinn:

Ertu tryggð/ur? (þ.e. Ertu tryggð/tryggður)

Vertu sæl/I (þ.e. vertu sæl/sæll)

Frekar er þó mælt með því að nota sviga utan um valfrjálsa stafi (sjá [6.87](#)).

Veistu hvort mannsnafnið Auðun(n) var algengt fyrr á öldum?

Hve ánægð(ur) ertu með þjónustu fyrirtækisins?

6.50 Skástríkur í dagsetningum

Ekki er rétt að nota skástríkur sem aðgreiningarmerki í dagsetningum (t.d. *14/12/2017*). Frekar skal nota punkt sem aðgreiningarmerki í þeim (t.d. *14.12.2017*) (sjá [6.31](#)).

6.51 Skástríkur í skammstöfunum

Í nokkrum almennum skammstöfunum hefur skástríkur verið notað í stað punkts sem styttingarmerki:

b/t (berist til)

m/ (með, t.d. *langloka m/skinku*)

v/ (við, t.d. *v/innganginn*)

h/f (hlutafélag)

s/f (sameignarfélag)

Þetta brýtur í bág við gr. 22.6 í ritreglum þar sem sagt er að punktur sé það greinarmerki sem notað sé til að tákna að orð sé stytta (sjá [10.2](#)). Það er því frekar mælt með því að rita þessar skammstafanir svona:

b.t. (berist til)

m. (*langloka m. skinku*)

v. (*v. innganginn*)

hf. (hlutafélag)
sf. (sameignarfélag)

Spurningarmerki

6.52 Almennt um spurningarmerki

Umfjöllun í undirköflum 6.52–6.57 byggist á tuttugasta og fimmta kafla í ritreglum ([25. Spurningarmerki](#)).

6.53 Spurningarmerki og málsgreinar

Spurningarmerki er sett á eftir málsgrein (málsgreinarígildi) sem felur í sér beina spurningu. eru þá yfirleitt einnig höfð tilvitnunarmerki utan um spurninguna (sjá [6.96](#)).

Hvað er í matinn?

„Hvenær kemur þú heim?“ spurði Jón.

Hvað?

Hann spurði: „Hvar er skjalið?“

Ef tvær eða fleiri spurningar koma í röð má aðgreina þær með kommu eða samtengingu og setja spurningarmerki í lokin. Stundum getur verið gott að kljúfa málsgreinina niður í fleiri málsgreinar.

Hvert ferðu, hvers vegna og hvenær kemurðu aftur?

Er það í fyrramálið sem hún fer eða á sunnudaginn?

En er það sönn hamingja og hver eru svo eru launin?

En er það sönn hamingja? Hver eru svo launin?

Ef ekki eru höfð tilvitnunarmerki utan um spurningu er spurningarmerkið haft í lok málsgreinarinnar:

Hvenær kemur þú heim, spurði Jón? (Ekki: ~~Hvenær kemur þú heim?~~ spurði Jón.)

Um afstöðu spurningarmerkja til tilvitnunarmerkja sjá [7.6](#).

6.54 Spurningarmerki og stór og lítill stafur

Spurningarmerki eru yfirleitt höfð í enda málsgreinar. Þá fylgir stór stafur í upphafi næstu málsgreinar.

Ef spurning innan tilvitnunarmerkja er hluti lengri málsgreinar þá er hins vegar lítill stafur á eftir spurningarmerkinu og seinna tilvitnunarmerkinu (sjá [6.96](#), [7.6](#)).

„Á ég að stöðva bílinn?“ spurði Sigga.

6.55 Spurningarmerki og óbeinar spurningar

Ekki er spurningarmerki á eftir óbeinni spurningu.

Hann spurði hvar skjalið væri.

6.56 Ekki nota fleiri en eitt spurningarmerki í röð

Varist að nota fleiri en eitt spurningarmerki í röð til að tákna undrun eða geðshræringu. Sjá líka [7.43](#).

Hvað áttu við??

Ég átti ekki til orð???

6.57 Spurningarmerki og svigar

Hægt er að nota spurningarmerki innan sviga til að vekja athygli á einhverju óvenjulegu eða umdeildu í texta eða villu (svipað og [svo]/[svo!], sjá [6.91](#)). Einnig er hægt að nota upphröpunarmerki á sama hátt (sjá [6.118](#)).

Hann fékk sér pylsu (?) þrátt fyrir að hafa borðað heila pitsu áður.

Strik og bönd

6.58 Almennt um strik og bönd

Umfjöllun í undirköflum 6.58–6.82 byggist á tuttugasta og sjötta kafla í ritreglum ([26. Strik og bönd](#)).

Strik og bönd eru gagnleg greinarmerki sem notuð eru á fjölbreyttan hátt. Fjallað er um bandstrik og skiptivísa í köflum 6.59–6.70, millistrik (tilstrik, stutt þankastrik) í köflum 6.71–6.77 og um þankastrik í 6.78–6.82.

Bandstrik

6.59 Almennt um bandstrik

Bandstrik er stysta gerðin af striki og er notað í margs konar tilvikum. Það getur til dæmis táknað brottfall, er notað til skýrleika eða sýnt orðskiptingu.

Stundum eru ritvinnsluforrit stillt þannig að bandstrikum er sjálfkrafa breytt í millistrik í ákveðnum tilvikum (t.d. *-ust* > *-ust*) (sjá [13.3](#)). Varist þetta.

6.60 Bandstrik og tölur, tákn, bókstafir eða skammstafanir

Bandstrik er notað í samsettum og afleiddum orðum þar sem fyrri liðir eru tölur, tákn eða bókstafir eða skammstafanir.

13-menningarnir

F-15-þota

x-ás

n-ta veldi

BA-nemi

AA-fundur

BHM-félagi

6.61 Bandstrik og óaðlöguð erlend orð

Bandstrik auðkenna óaðlöguð erlend orð í samsetningum frá íslenskum orðhluta. Ég hef stundum kallað slíkt bandstrik *framandstrik*.

chihuahua-hundur

downs-heilkenni

New York-ríki

Það getur leikið vafi á því hvort orð er aðlagað eða ekki. Yfirleitt er miðað við það hvort í því eru erlendir bókstafir (c, w, z o.s.frv.) eða hljóðskipun framandi. Ef orðið er aðeins lítillega frábrugðið íslenskri venju þá getur verið réttlæt看legt að sleppa bandstrikinu:

Oxfordháskóli

Carlsbergssjóðurinn

Dorsetmenning

dúgongkúr

brydeshvalur

6.62 Bandstrik og örnefni og heiti

Bandstrik er haft á milli orðliða í örnefnum og samsettum nöfnum þar sem síðari liður er sérnafn (sjá [3.48](#), [3.49](#)).

Norður-Íshaf

Suður-Íshaf

N-Ísafjörður

Litli-Kláus

Stjörnu-Oddur

Víga-Glúmur

6.63 Bandstrik og lýsingarorð

Bandstrik er notað í ýmsum lýsingarorðum sem eru samsett úr tveimur eða fleiri samtengdum en sjálfstæðum stofnum.

grísk-rómverskur

íslensk-dönsk orðabók

6.64 Bandstrik og skýrleiki

Bandstrik er stundum notað ef það horfir til skýrleika eða til að aðgreina orðliði í samsetningum sem annars féllu saman og yrðu torkennilegir.

no-leikur

eða-merki

adenin-deoxyríbósa-fosfat

alfa-aðrenviðtaki

6.65 Bandstrik og andstaða

Bandstrik er einnig notað til að auðkenna andstæðu. Þar er einnig hægt að nota skástrik (sjá 6.40).

já-nei-spurning

6.66 Bandstrik og setningarliðasamsetningar

Setningarliðasamsetningar eru samsetningar sem eru oft laustengdar og óformlegar og leiddar af setningum eða setningabrotum. Í ritreglum Íslenskrar málnefndar er mælt með því að notað sé eitt bandstrik til að tengja alla setningarliðina við síðasta lið samsetningar (*munni við munni-aðferð*). Þetta er í samræmi við almenna reglu í íslensku um bandstrik og samsetningar (t.d. *New York-ríki* en ekki *New-York-ríki*). Það kæmi þó einnig til greina að nota þá aðferð að tengja alla liði í setningarliðasamsetningum (*munni-við-munni-aðferð*) með strikum.

munni við munni-aðferð

kortir í þrjú-gæi

mann við mann-kennsla

munni-við-munni-aðferð

Ekki nota gæsalappir í setningarliðasamsetningum, t.d. „munni við munni“-aðferð / „munni-við-munni“-aðferð o.s.frv.

6.67 Bandstrik og beygingarendingar bókstafa eða tákna

Bandstrik afmarka beygingarendingu beygðs bókstafs eða tákns (sjá einnig [2.24](#)).

brottfall t-s

Orðið endaði á i-i.

6.68 Bandstrik og endurtekning

Bandstrik er notað í stað orðliða sem hafa verið teknir út til að komast hjá endurtekningu.

ís- og sælgætiskaup (þ.e. ískaup og sælgætiskaup)

Ef seinni liðurinn er orðasamband á styttri fyrri orðliðurinn við síðasta orðið.

miðalda- og seinni alda rit (þ.e. miðaldarit og seinni alda rit)

6.69 Skiptivísir

Hitt meginhlutverk bandstriks er að auðkenna þegar orðum er skipt milli lína (sjá [9.1](#) o.áfr.). Það kallast þá *skiptivísir* (sjá [12.8](#)).

6.70 Bandstrik í samsettum heitum

Hefð er fyrir því að nota bandstrik í nokkrum samsettum heitum. Þá er hvorki bil á undan né eftir strikinu. Frekar er mælt með því að nota millistrik í slíkum samsettum heitum (sjá [6.74](#)).

Mímir-símenntun, Landflutningar-Samskip, Sjóvá-Almennar

Millistrik

6.71 Almennt um millistrik

Millistrik (–) er meðal annars notað með tölum og til að tákna talnabil en einnig í öðrum tilvikum. Ólíkt þankastrikum (sjá [6.78](#)) þjóna þau ekki setningarlegu hlutverki nema þegar þau eru notuð í staðinn fyrir þankastrik (sjá [6.82](#)).

6.72 Millistrik og tölur

Tengir saman tölur eða töluorð í ýmiss konar talnabilum og ártölum og stundum önnur orð. Hvorki er bil á undan né eftir slíku striki.

13–15

18.–21. ágúst

15. mars–14. apríl

vikur 23–24
(1555–eftir 1643)
mars 2013–janúar 2014

Hún verður tvo–þrjá mánuði í burtu.
Flugleiðin Reykjavík–Egilsstaðir

6.73 Millistrik og frádráttur

Millistrik eru oft notuð í staðinn fyrir frádráttar- eða mínusmerki (sjá 12.9) til að tákna frádrátt. Mínusmerkið er aðeins styttra. Bil er á undan og eftir slíku striki.

- (millistrik)
- (mínusmerki)

23 – 15 = 8 (millistrik)
23 – 15 = 8 (mínusmerki)

Ef mínusmerki stendur við tölu þá er ekki bil á eftir því (sjá 7.56).

–5 frost

Í almennum texta er bandstrik stundum notað til að tákna mínusmerki ef það stendur með einni tölu.

-5 frost

Frekar er þar mælt með því að nota mínusmerki eða millistrik.

6.74 Millistrik í samsettum heitum

Millistrik eru stundum notuð í samsettum heitum stofnana og fyrirtækja. Bil er á undan og eftir slíku striki.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Bandstrik er einnig stundum notað í slíkum samsettum heitum og á þá samkvæmt ritreglunum hvorki að vera bil á undan né eftir því, t.d. *Mímir-símenntun* (sjá 6.70).

6.75 Millistrik í listum

Millistrik má nota til að afmarka liði í lista (sjá 2.43).

Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru:

- Ísland
- Bandaríkin

– Þýskaland.

6.76 Millistrik til að tákna úrslit

Millistrik má nota til að tákna úrslit í kappleikjum.

Körfuboltaleikurinn fór 84 – 78.

Einnig

er hægt að nota tvípunkt sem aðgreiningarmerki í úrslitum (sjá [6.108](#)).

6.77 Millistrik til aðgreiningar í samtölum

Algengt er að nota millistrik til að tákna að skipt sé um viðmælanda í samtali, til dæmis í leikriti. Ef slíkt kerfi er notað þá eru yfirleitt ekki höfð tilvitnunarmerki utan um samtölin.

- Veistu, Wagner, hvað ég á við með því, að frjáls blöð geri skyldu sína?
- Nei, herra minn, það veit ég ekki.
- Ég á við það, að eitthvert skyldmenni mitt ritstýri þeim.

Þankastrik

6.78 Þankastrik: almennt

Af þremur tegundum almennra strika eru þankastrik (—) lengst. Þau eru helst notuð til að afmarka innskot í setningum og viðbætur (sjá [6.79](#)). Þankastrik eru einnig notuð í fyrirsögnum eða titlum (sjá [6.81](#)). Mjög algengt er orðið að nota alltaf millistrik í staðinn fyrir þankastrik (sjá [6.82](#)).

6.79 Þankastrik til að afmarka innskot eða viðbætur

Þankastrik eru notuð til að afmarka innskotssetningar og viðbætur. Stíll og merking ræður því í hverju tilviki hvort valin eru strik fremur en kommur eða svigar (sjá [7.36](#), [7.37](#) og [7.38](#)). Þankastrik er þá oft notað ef tákna á áberandi innskot í málsgrein.

Á Íslandi — og hvergi nema á Íslandi — er þetta náttúruþyrriþæri að finna. Mér líkaði vel við hann — oftast.

6.80 Þankastrik á eftir málsgrein

Þankastrik eru nær alltaf höfð innan málsgreinar. Hugsanlegt væri þó að nota það á eftir punkti í upphafi nýrrar málsgreinar og þá sérstaklega ef afgerandi skil eru á milli málsgreina.

Snorri fór síðan aftur til Íslands. — Aldrei yrði líf hans samt.
Þá brá hann á það ráð að högga á þá með sverði sínu. — Til þessarar frásagnar vísar orðatiltækið *höggva á hnútinn*.
Ertu sammála þessu? — Það er ekki siðferðilega rétt að borða kjöt.

Hægt er að nota þankastrik til að afmarka skýringu á framangreindum texta í annarri málsgrein.

„Þeim var ég verst er ég unni mest.“ — Eftirminnilegt tilsvor Guðrúnar sem skýrir margt í sögunni.

Hann hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár. — Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.

6.81 Þankastrik í fyrirsögnum eða kaflaheitum

Þankastrik eru stundum notuð í fyrirsögnum eða kaflaheitum. Bil er á undan og eftir slíku striki.

Hveragerði — vin skáldanna

Heiður og huggun — erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Einnig er hægt að nota tvípunkt í slíkum fyrirsögnum þótt ekki sé mælt með því eða punkt eða bæði tvípunkt og þankastrik (sjá [2.37](#)):

Í fjarska norðursins: Ísland og Grænland — viðhorfasaga í þúsund ár

6.82 Millistrik sem þankastrik – stutt þankastrik

Algengt er orðið að nota millistrik (–) í stað hefðbundinna þankastrika (—). Þau nefnast þá þankastrik eða stutt þankastrik.

Það að nota millistrik fyrir þankastrik hefur í för með sér nokkra kosti: Með því eru eingöngu notaðar tvenns konar gerðir strika í stað þriggja. Sumum finnst hefðbundin þankastrik einnig vera of löng og að þeim fylgi of mikið rof í setningu. Ókostur við notkun millistriks í þessu hlutverki er hugsanlega að það þyki of stutt og ekki nægilega greinilegt.

Á Íslandi – og hvergi nema á Íslandi – er þetta náttúrufyrirbæri að finna.
Mér líkaði vel við hann – oftast.

Snorri fór síðan aftur til Íslands. — Aldrei yrði líf hans samt.

„Þeim var ég verst er ég unni mest.“ — Eftirminnilegt tilsvor Guðrúnar sem skýrir margt í sögunni.

Hveragerði – vin skáldanna

Heiður og huggun – erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Svigar og hornklofar

Svigar

6.83 Almennt um sviga

Umfjöllun í undirköflum 6.83–6.94 byggist á tuttugasta og sjöunda kafla í ritreglum ([27. Svigar og hornklofar](#)).

Um afstöðu sviga til annarra greinarmerkja sjá [7.7](#) o.áfr.

Svigar hafa nokkuð fjölbreytilegt hlutverk. Um það hvenær rétt sé að nota kommur, sviga og þankastrik (sjá [7.36](#), [7.37](#) og [7.38](#)).

6.84 Svigar og innskotssetningar

Sviga má setja utan um innskotssetningar sem settar eru til skýringar. Algengast er þó að nota kommur til að afmarka slíkar innskotssetningar (sjá [6.10](#) o.áfr.). Svigar eru helst notaðir ef það sem er innan þeirra eru viðbótarupplýsingar sem alls ekki eru nauðsynlegar fyrir meginsetninguna.

Þetta hús (sem var byggt 1920) er elsta húsið við götuna.

6.85 Svigar og viðbætur

Hægt er að setja sviga utan um eða einstök orð eða orðasambönd. Oftast eru þó kommur notaðar til að afmarka slíkar viðbætur og innfellda liði (sjá [6.14](#)).

Árið eftir (1928) fluttist Guðrún suður.

Skip sem flytja eldfim efni skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli.

læknisfræðileg hugtök (sjúkdómar og fleira)

6.86 Svigar og orðhlutar

Ef svigar eru hafðir utan um hluta orðs þá er hann ekki einnig tengdur við orðið með bandstriki:

(dverg)hestur (ekki: ~~(dverg-)~~hestur)

(chili)pipar (ekki: ~~(chili-)~~pipar)

Ef bandstrik er hluti af orði þá helst það ef það er sett innan sviga:

(Suður-)Þingeyjarsýsla

6.87 Svigar og valfrjálsir stafir

Svigar eru settir utan um valfrjálsa stafi.

Veistu hvort mannsnafnið Auðun(n) var algengt fyrr á öldum?
Hve ánægð(ur) ertu með þjónustu fyrirtækisins?

Sumir nota einnig skástrík (sjá 6.49).

6.88 Svigar í upptalningu og listum

Ef listi eða stutt upptalning er hluti af meginmáli og liðir aðgreindir með tölum eða bókstöfum þá eru þau afmörkuð með svigum, einum eða tveimur. Frekar er mælt með því að nota tvo sviga til að greina aðgreiningartákn, tölur eða bókstafi, betur frá meginmáli (sjá 2.46).

Rætt verður þar um (a) framhald skólaársins, (b) ípróttastarf og (c) kirkjuheimsóknir.

Rætt verður þar um (1) framhald skólaársins, (2) ípróttastarf og (3) kirkjuheimsóknir.

Ef notaðir eru bókstafir til að greina á milli liða í lista þá er hafður svigi á eftir þeim en ekki punktur (sjá 2.41).

Vinsælustu íþróttir í heiminum eru

- a) fótbolti
- b) körfubolti
- c) blak.

Hornklofar

6.89 Almennt um hornklofa

Umfjöllun í undirköflum 6.89–6.94 byggist á tuttugasta og sjöunda kafla í ritreglum (27. Svigar og hornklofar).

Notkunarsvið hornklofa er minna en sviga. Þeir eru mest notaðir til að afmarka innskot í tilvitnunum (sjá 6.90), ábendingar í þeim (sjá 6.91) eða til að auðkenna breytta stafi eða orð (sjá 6.92).

6.90 Hornklofar og innskot í tilvitnunum

Hornklofar eru settir utan um það sem skotið er inn í orðréttu tilvitnun.

Hann sagði: „Ég óska kennaranum [þ.e. Halldóru] alls hins besta.“

Slík innskot eru yfirleitt stutt og ef þau lenda í lok málsgreinar fer lokapunktur hennar á eftir síðari hornklofanum.

Þessi greinargerð nefnist: „Séra Vigfús Jónsson í Hítardal skrifar um

fólksfjölda og rekur sögu verslunar í landinu“ [án dags. 1770/1771].

6.91 Hornklofar notaðir til að benda á eitthvað sérstakt í orðréttri tilvitnun

Ef vakin er athygli á mistökum eða einhverju sérstöku í orðréttri tilvitnun þá er það oft gert með því að skjóta [svo] eða [svo!] inn í tilvitnunina. Athugasemdir utan tilvitnunar eru hafðar innan sviga (sjá 7.11).

Hún skrifaði: „Ordný [svo] mín, komdu nú til mín.“

Hann sagði: „Fjandinn eigi þyg [svo!].“

„Harmagrútur [svo!]“

6.92 Hornklofar utan um breytta stafi, greinarmerki eða orð

Hornklofar utan um hástaf sem breytt er í lágstaf eða öfugt

Ef hástaf er breytt í lágstaf eða öfugt í tilvitnun þá tíðkast að setja hornklofa utan um stafinn sem var breytt:

Hann sagði: „[A]llt er hverfult.“ (Lágstaf (a) breytt í hástaf (A).)

Í Jóhannesarguðspjalli segir að „[í] upphafi var orðið“. (Hástaf (í) breytt í lágstaf (i).)

Hornklofar utan um breytt greinarmerki

Stundum er nauðsynlegt út frá samhengi að skipta út greinarmerki í heimild fyrir annað. Það að greinarmerkið er ekki upprunalegt er þá auðkennt með því að það er haft innan hornklofa.

Hlutverk Árnastofnunar er meðal annars samkvæmt lögum (sjá 3. gr. c í lögum nr. 40/2006) að: „stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um iðorð og nýyrði[.]“ (Semikommu breytt í punkt.)

Hornklofar utan um breytta orðmynd

Stundum er nauðsynlegt að breytta um hátt eða beygingu orðs í tilvitnun. Slíkar breytingar má einnig auðkenna með hornklofum.

Hann sagði að „allt [væri] hverfult“. (Framsöguhætti breytt í viðtengingarhátt.)

Þeir sögðu að hann hétu „Sigurð[ur]“. (Aukafalli breytt í nefnifall.)

6.93 Hornklofar og úrfellingarpunktar

Hægt er að setja hornklofa utan um úrfellingarpunkta, sérstaklega í orðréttum tilvitnunum (sjá 6.126).

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn [...]“.

6.94 Hornklofar og viðbótarupplýsingar við heimildir

Hornklofar eru settir utan um viðbótarupplýsingar við heimildir sem fengnar eru annars staðar að en frá heimildinni sjálfri, til dæmis upplýsingar um útgáfustað.

Jón Jónsson. 1990. *Líf mitt*. [Reykjavík:] Ísafoldarprentsmiðja.

Hornklofar eru einnig settir utan um númer greinar (§).

Í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:708–709 [§78]) var rithátturinn *hinumegin leyfður*.

Tilvitnunarmerki (gæsalappir)

6.95 Almenn um tilvitnunarmerki

Umfjöllun í undirköflum 6.95–6.102 byggist á tuttugasta og átta kafla í ritreglum ([28. Tilvitnunarmerki \(gæsalappir\)](#)).

Tilvitnunarmerki eru notuð til að afmarka beina ræðu í frásögn, orðréttar tilvitnanir, einstök orð og orðasambönd (meðal annars til að gefa í skyn háð eða að málnotkunin sé ekki heppileg eða fullgild). Íslensk tilvitnunarmerki eru „svona“.

Einföld tilvitnunarmerki (‘ eða ‘ ’) eru afbrigði af almennu tilvitnunarmerkjunum („“) og eru því kölluð tilvitnunarmerki þótt þau séu ekki notuð til að afmarka tilvitnanir.

Um útlit tilvitnunarmerkja sjá [12.14](#) o.áfr.

Ekki nota tvær kommur í röð til að tákna fyrri tvöföldu tilvitnunarmerkin:
„Hvert ertu að fara?“ spurði hann.

Tvöföld tilvitnunarmerki

6.96 Tilvitnunarmerki og bein ræða og tilvitnanir

Tilvitnunarmerki afmarka beina ræðu í frásögn og stuttar orðréttar tilvitnanir (sjá [2.53](#)):

„Bara að ég hefði aldrei tekið lykilinn,“ hugsaði Pétur.
Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur.“

„Hvert ertu að fara?“ spurði hann.

Fyrirtækið fékk sérstaka viðurkenningu fyrir „lofsvert framtak í umhverfismálum“.

6.97 Tilvitnunarkerki og einstök orð og orðasambönd

Tilvitnunarkerki má auðkenna orð og orðasambönd eða orðatiltæki. Einnig má auðkenna þau með skáletrun (sjá 2.22 o.áfr.).

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.

Amma mín sagði „gull í morgunstund gefur gull í mund“ við mig.

6.98 Tilvitnunarkerki og háð

Tilvitnunarkerki auðkenna einnig stundum háð.

Þessi „trausti vinur“ sveik mig illilega.

6.99 Tilvitnunarkerki og óheppileg málnotkun og slettur

Tilvitnunarkerkin eru notuð til að merkja málnotkun sem ekki sé heppileg eða fullgild.

Mér hefur aldrei fundist hann sérlega „sympatískur“.

Þetta tengist stundum notkun tökuorða í málsniði þar sem þau þykja ekki vera við hæfi. Oft eru erlendar slettur eða lítt aðlöguð tökuorð í meginmáli auðkennd með tilvitnunarkerkjum:

Hann sagði „sjitt“.

Enginn hafði „beilað“ enn þá.

Gæsalappir eru einnig notaðar til að auðkenna óaðlöguð erlend orð eða orðasambönd í texta.

Þýska orðið „Weltschmerz“ er erfitt að þýða á önnur mál.

Hún sagði við mig „auf Wiedersehen“.

6.100 Tilvitnun inni í annarri tilvitnun

Ef bein ræða hefst eða endar á annarri beinni ræðu sem skotið er inn í hana skal ljúka hvorri þeirra með sínum tilvitnunarkerkjum. Þannig geta tvöföld tilvitnunarkerki verið í röð í lok setningar og er þá ekkert bil á milli þeirra (sjá 7.50, 12.18).

Ásgeir mælti: „Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur“ þegar hann vildi hvetja mig.“
Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““

Einföld tilvitnunarkerki

6.101 Einföld tilvitnunarkerki og merking

Einföld tilvitnunarkerki eru aðallega höfð utan um merkingu orða eða orðasambanda. Þau eru ‘ ’ eða , ‘ .

Orðið *fákur* merkir ‘hestur’.

Orðið *fákur* merkir ,hestur‘.

6.102 Einföld tilvitnunarkerki og orð eða bókstafir

Einfaldar gæsalappir eru stundum hafðar utan um bókstafi eða orð sem eru til umfjöllunar. Algengara er þó að skáletra þau (sjá [2.23](#)):

Hann ritaði þetta ,kv‘ eða ,qv‘.

Þetta kallast ,liðormur‘ eða ,blóðsuga‘.

Hann ritaði þetta ‘kv‘ eða ‘qv‘.

Þetta kallast ‘liðormur‘ eða ‘blóðsuga‘.

Einfaldar gæsalappir eru einnig notaðar utan um stafrétt tákni eða orð úr texta eða handriti.

Í handritinu er ávallt skrifað ,Clementzsson‘

Í handritinu er ávallt skrifað ‘Clementzsson‘

Fyrir lengri stafréttar tilvitnanir er þó rétt að nota tvöföld tilvitnunarkerki (sjá [6.96](#)).

Tvípunktur

6.103 Almennt um tvípunkta

Umfjöllun í undirköflum 6.103–6.112 byggist á tuttugasta og níunda kafla í ritreglum ([29. Tvípunktur](#)).

Tvípunktur er gagnlegt greinarmerki. Hann er notaður á undan og afmarkar beina ræðu eða tilvitnun, á undan skýringum, upptalningu og listum (sjá [2.41](#)) o.s.frv. Aldrei er bil á undan tvípunkti (sjá [7.51](#)).

6.104 Tvípunktur og stór og lítill stafur

Notaður er upphafsstafur á eftir tvípunkti ef um er að ræða fullkomna, sjálfstæða málsgrein eða sérnafn (sjá [3.25](#)).

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Hún fór til þriggja landa: Noregs, Ítalíu og Frakklands.

Annars er ritaður lítill stafur (sjá [3.25](#)).

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

Hún festi kaup á þrenns konar ávöxtum: eplum, appelsínum og perum.

6.105 Tvípunktur og bein ræða

Tvípunktur er settur á undan beinni ræðu eða beinni tilvitnun ef á undan fara inngangsorð.

Alexander hugsaði sig um stundarkorn og sagði svo: „Jú, þetta er rétt hjá þér.“

Í ritgerðinni stendur: „Bústaðurinn er frá 12. öld.“

6.106 Tvípunktur og skýring

Tvípunktur er settur á undan skýringu á eftir setningu sem væri málfræðilega sjálfstæð málsgrein þótt skýringunni væri sleppt.

Tvípunkturinn tengir, sama merking og hugsun heldur áfram. Stór stafur er hafður á eftir tvípunktinum.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Fimmta boðorðið: Þú skalt ekki mann deyða. Sjötta: Þú skalt ekki stela.

Sjálfstæðisbarátta Íra: Hvernig gekk?

Skiptitíund var skipt í fjóra staði: til biskupa, presta, kirkna og fátækra.

Efnislína: Afmælishátíðin á næsta ári. (Sjá [2.51](#).)

Sixpensari: derhúfa með mjúkum kolli. (Einnig komma, sjá [6.14](#).)

6.107 Tvípunktur og upptalning

Tvípunktur er settur á undan upptalningu á eftir formlegum inngangsorðum.

Þetta vantar: hamar, nagla og skrúfur.

Meginviðfangsefni okkar eru: viðhald og endurbætur, styrking innviða og framtíðarsýn.

Stundum er hins vegar notuð komma á undan upptalningu. Það á sérstaklega við ef ekki eru skýr skil á milli inngangsorða og upptalningarinnar (sjá [6.15](#), [7.39](#)).

6.108 Tvípunktur og tími, úrslit o.fl.

Tvípunktur má einnig nota til að tákna birta tíma, úrslit o.fl. Hvorki er bil á

undan né eftir tvípunktinum (sjá 7.51).

Kl. 2:45

Leikurinn fór 84:78

Einnig er hægt að nota punkt til að tákna tíma (sjá 6.33) og er frekar mælt með því þar sem það er hlutlausari táknun.

Einnig er hægt að nota millistrik sem aðgreiningarmerki í úrslitum (sjá 6.76).

6.109 Tvípunktur og hlutföll

Tvípunktur greinir á milli hlutfalla (í kvarða). Hvorki er bil á undan né eftir tvípunktinum (sjá 7.51).

Í mælikvarðanum 1:100 000

6.110 Tvípunktur sem aðgreiningarmerki í tölum

Tvípunktur er stundum notaður sem aðgreiningarmerki í tölum, t.d. til að greina á milli tölu og ártals. Algengara er þó að nota punkt í slíkum tilgangi (sjá 6.31). Hvorki er bil á undan né eftir tvípunktinum (sjá 7.51).

Staðallinn ÍST 130:2005

6.111 Tvípunktur í fyrirsögnum og titlum

Tvípunktur er stundum notaður sem aðgreiningarmerki í tvíliðuðum fyrirsögnum og titlum (sjá 2.37). Þar er einnig oft notað þankastrik (sjá 6.81).

Hveragerði – vin skálda

Heiður og huggun – erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Í fjarska norðursins: Ísland og Grænland – viðhorfasaga í þúsund ár

6.112 Tvípunktur og listar

Tvípunktur fer oft á undan lista (sjá 2.40).

Meginviðskiptalönd fyrirtækisins:

1. Svíþjóð
2. England
3. Þýskaland.

Upphrópunarmerki

6.113 Almennt um upphrópunarmerki

Umfjöllun í undirköflum 6.113–6.120 byggist á þrítugasta kafla í ritreglum (30. Upphrópunarmerki).

Upphrópunarmerki má setja á eftir einstökum orðum eða málsgreinum sem fela í sér upphrópun sem á að koma til skila fögnuði, skipun, kveðju, fyrirlitningu, háði, undrun og fleira.

6.114 Upphrópunarmerki og stór og lítill stafur

Upphrópunarmerki eru yfirleitt höfð í enda málsgreinar. Á eftir því er þá stór stafur.

Ef upphrópunarmerki er innan tilvitnunarmerkja í lengri málsgrein þá er hins vegar lítill stafur á eftir upphrópunarmerkinu og seinna tilvitnunarmerkinu.

„Stoppið!“ var allt í einu hrópað.

6.115 Upphrópunarmerki og geðshræring

Upphrópunarmerki sýnir fram á einhvers konar geðshræringu, til að mynda fögnuð, fyrirlitningu eða undrun.

Þvílík heppni!

Svei!

Hún borðaði tómatsósu með grásleppunni!

Þarna kom snillingurinn aftur og gerði sig enn og aftur að fífli!

6.116 Upphrópunarmerki og skipun

Upphrópunarmerki má nota til að leggja meiri áherslu á skipun eða boð.

Upp með hendur!

Geturðu farið og náð í bílinn!

6.117 Upphrópunarmerki í ávarpi

Hefð er fyrir því að nota upphrópunarmerki á eftir ávarpi (sjá 2.48).

Góðir áheyrendur!

Sæll, Jón!

6.118 Upphrópunarmerki og eitthvað óvenjulegt eða umdeilt

Hægt er að nota spurningarmerki innan sviga til að vekja athygli á einhverju óvenjulegu eða umdeildu í texta eða villu (svipað og

[svo]/[svo!], sjá 6.91). Einnig er hægt að nota spurningarmerki á sama hátt (sjá 6.57).

Ef upphrópunarmerki er notað inni í setningu þarf það að vera innan sviga (sjá 6.120).

Parna kom snillingurinn (!) aftur og gerði sig enn og aftur að fifli.
Hún borðaði tómatsósu (!) með grásleppunni.

6.119 Ekki nota fleiri en eitt upphrópunarmerki í röð

Varist að nota fleiri en eitt upphrópunarmerki í röð í formlegum texta til að tákna sérstaka áherslu eða geðbrigði.

~~Þetta var ótrúlegt!!~~

Ekki heldur tvö spurningarmerki í röð (sjá 6.56) eða upphrópunarmerki og spurningarmerki (!?) (sjá 7.43).

6.120 Upphrópunarmerki og svigar

Ef upphrópunarmerki er notað inni í málsgrein verður það að vera innan sviga.

Hún borðaði tómatsósu (!) með grásleppunni.
~~Hún borðaði tómatsósu ! með grásleppunni.~~

Úrfellingarmerki

6.121 Almennt um úrfellingarmerki

Umfjöllun í undirköflum 6.121–6.123 byggist á þrítugasta og fyrsta kafla í ritreglum (31. [Úrfellingarmerki, úrfellingarpunktur](#)).

Úrfellingarmerki (') sýnir annaðhvort að felldur hafi verið brott stafur eða stafir eða að fella eigi niður í framburði stafi sem ritaðir eru.

6.122 Úrfellingarmerki og brottfallnir bókstafir

Algengast er að úrfellingarmerki sýni að felldur hafi verið brott stafur eða stafir.

Það átt' ekki við 'ann að rjúfa sín heit.
Ólafur fæddist '87.
'68-kynslóðin vildi láta til sín taka.
Samtökin '78

6.123 Úrfellingarmerki og bókstafir sem ekki á að bera fram

Úrfellingarmerki eru einnig notuð til að sýna að bókstafir sem eru ritaðir eigi að falla niður í framburði. Oft er þetta í kvæðum eða söngtextum.

Horn skella' á nösum og hnútur fljúga' um borð.
ann 'hann 'henni ' enn?

sigur' (frb. sigr)

fyrir' (frb. fyr)

Úrfellingarpunktar

6.124 Almennt um úrfellingarpunkta

Umfjöllun í undirköflum 6.124–4.131 byggist á þrítugasta og fyrsta kafla í ritreglum (31. [Úrfellingarmerki, úrfellingarpunktar](#)) og Jóhannes B. Sigtryggsson (2019c).

Úrfellingarpunktar, sem eru sjálfstætt tákni (...) (sjá [12.19](#)), eru notaðir til þess að sýna að texti hafi verið felldur brott eða til að tákna hik, eitthvað sem er ólokið, óljóst eða gefið í skyn.

6.125 Úrfellingarpunktar og heil og óheil orð

Á undan úrfellingarpunktum er stafbil ef næst fyrir framan þá kemur heilt orð. Stafbil er ekki haft aftan við úrfellingarpunkta ef önnur greinarmerki fara á eftir þeim (sjá einnig [7.52](#)).

Margir ... lögðu sitt af mörkum.

Ævintýri enda oft á formúlubundinn hátt: Köttur úti í mýri ...

Áttu við ..., sagði pabbi og svo þagnaði hann líka.

Er hann nokkuð ...?

Egill bað matseljuna verða vel við „... þótt eg bakist við eldinn og mýkjumst vér við um rúmin“.

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn ...“.

Ef felldur er niður hluti orðs er ekkert bil haft á undan úrfellingarpunktunum (sjá [7.52](#)).

Hver í andsk... var þetta eiginlega?

Fyrst varð ég að sópa og mjó... nei, gefa hænsnunum.

6.126 Úrfellingarpunktar og hornklofar

Hægt er að afmarka úrfellingarpunkta enn betur með því að hafa hornklofa utan um þá. Þetta er sérstaklega gert í beinum tilvitnunum

sem eru stytta og tíðkast sérstaklega í fræðilegum skrifum.

Með þessu er skýrt að úrfellingin/styttingin er ekki í frumheimildinni heldur verk þess sem vitnar í hana (sjá einnig 6.90):

Ævintýri enda oft á formúlubundinn hátt: Köttur úti í mýri [...].

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn [...]“.

Úrfellingarpunktur eru sérstakt tákni (sjá 12.19).

6.127 Úrfellingarpunktur í lok setningar

Ef úrfellingarpunktur lenda aftast í málsgrein þá fellur lokapunktur setningarinnar niður á eftir þeim (sjá 6.26) (ekki: ~~Ég átti ekki heima þarna ... Um sumarið fór ég suður. eða Ég átti ekki heima þarna Um sumarið fór ég suður.~~).

Jón hafði ekki hugmynd ...

Hver andsk...

Ég átti ekki heima þarna ... Um sumarið fór ég suður.

Upphrópunarmerki og spurningarmerki geta hins vegar fylgt á eftir úrfellingarpunktum í lok setningar og er ekki bil á milli þeirra (sjá 7.52):

Hver andsk...!

Sagði hann andsk...?

6.128 Úrfellingarpunktum sleppt

Stundum er úrfellingarpunktum sleppt úr óheilli setningu til að hún verði læsilegri ef á undan fara inngangsorð. Dæmi: *Margir* „lögðu sitt af mörkum“ (ekki: ~~Margir „[...] lögðu sitt af mörkum~~), *Finnur* „naut lítt kennslu“ (ekki: ~~Finnur „[...] naut lítt kennslu~~). Slíkt er eðlilegt að gera.

6.129 Úrfellingarpunktur til að tákna hik, hikpunktar

Úrfellingarpunktur eru stundum notaðir til að tákna hik, umhugsun, óöryggi, þögn eða ófullkomna hugsun, oft í samtali.

Ég er að hugsa um að gera þetta núna ... en þó kannski seinna.

Ég ... ég ... er bara ekki viss.

6.130 Úrfelling úr töluröð

Úrfellingarpunkta má einnig nota til að tákna bil í talnaröð:

10, 100, 1000 ... 1 000 000

$x_1, x_2 \dots x_n$

6.131 Úrfellingarpunktur og ólæsilegur texti

Í uppskrift texta eru úrfellingarpunktur oft notaðir (innan hornklofa) til að tákna að eitthvað sé ólæsilegt

Fjed var [...]greidt [...].

Í handritinu er þarna illlæsilegt orð: Mad[...].

Breytingar á greinarmerkjareglum 2018

6.132 Helstu breytingar 2018 á reglum um greinarmerkjasetningu

Síðari hluti ritreglnanna ([kaflar 21–33](#)) (sjá [1.6](#)) fjallar um greinarmerkjasetningu og leysti af hólmi auglýsingu um greinarmerkjasetningu nr. 133/1974, með innfelldum breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 184/1974. Nánari útfærsla auglýsinga um greinarmerkjasetningu var í ritreglum í *Stafsetningarorðabókinni* (2006:711–736) og koma ritreglurnar einnig í staðinn fyrir þær.

Helstu breytingar í greinarmerkjasetningu varða kommur og þá sérstaklega utan um innskotssetningar. Nú ræðst af merkingu hvort innskotssetningar eru afmarkaðar með kommu eða ekki.

Smávægilegar breytingar hafa einnig orðið í öðrum köflum og tilgreini ég það helsta hér á eftir.

Yfirlit yfir breytingar

Helstu breytingar á stafsetningu í ritreglunum eru tilgreindar hér á eftir. Yfirlit yfir breytingar á stafsetningu í ritreglunum eru í [5.94](#).

Kommur

Kommur og innskotssetningar

Kommur afmarka nú eingöngu innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún felur í sér *viðbótarupplýsingar* og hægt er að setja sviga utan um innskotssetninguna eða taka hana út án þess að merking aðalsetningarinnar glatist (§ 21.1.2) (sjá [6.11](#)).

Þetta hús, sem var byggt 1920, er elsta húsið við götuna. (Innskotið „sem var byggt 1920“ geymir viðbótarupplýsingar sem hægt er að setja sviga utan um: Þetta hús (sem var byggt 1920) er elsta húsið við götuna.)

Ekki skal afmarka með kommu innskotssetningu tengda með samtengingu ef innskotssetningin er *ómissandi* hluti af merkingu aðalsetningarinnar, afmarkar hana nánar og ekki er hægt að setja sviga utan um hana.

Sá sem fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér.
Nemandi sem stundar námið vel mun ná góðum árangri.
Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar.
Alltaf þegar veðrið er gott sit ég úti í garði.

Þetta er breyting frá eldri reglum um greinarmerkjasetningu frá 1974 (auglýsingar nr. 133 og 184/1974) og nánari útfærslu þeirra í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:723–726 [§109]). Þar fór kommuþing við innskotssetningar eftir því hvaða orð fóru næst á undan innskotssetningunum: Ekki voru kommur ef á undan fór fornafrnið sá eða atviksorðið *þar*, val var um kommu ef önnur fornöfn eða atviksorð fóru á undan en annars voru alltaf hafðar kommur. Samkvæmt þessum reglum voru því ekki kommur í fyrstu setningunni, kommur hins vegar í annarri setningunni og val um kommu í þriðju og fjórðu setningunni.

Komma og hlé

Skýrar er kveðið á um það en í fyrri reglum að nota megi kommur til að auðkenna hlé í lestri og þá sérstaklega í löngum málsgreinum (§ 21.1.3) (sjá 6.9).

Ég settist að í bæjarfélaginu fyrir 17 árum og hef ætíð unað hag mínum vel þar innan um fjölskrúðugt mannlíf, en síðustu misseri hefur það dálítið breyst.

Kommur og starfsheiti, titlar og frændsemisorð

Kommur afmarka núna ekki starfsheiti, titla og frændsemisorð ef þau eru aðeins tvö orð (aðalorð og einkunn) en hins vegar ef þau eru þrjú eða fleiri (§ 21.2.6) (sjá 6.20). Í eldri reglum voru kommur settar ef orðin voru fleiri en eitt.

Jói frændi okkar kom í veisluna.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands vígði kirkjuna.

Jónas Hallgrímsson, skáld og náttúrufræðingur.

Kommur milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna

Kommur eru valfrjálsar milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef bæði orðin vísa til nafnorðsins sem þau standa með (hægt að setja og í staðinn fyrir kommu) (§ 21.2.7) (sjá 6.21). Þetta er eins og í fyrri reglum.

Þarna var gömul góð kona.

Þarna var gömul, góð kona.

Ef lýsingarorð eða lýsingarháttur myndar hins vegar heild með orði sem það stendur með þá er ekki höfð komma ef á undan fer annað

lýsingarorð eða lýsingarháttur. Áður var val um kommu eða ekki.

Þetta er góð gerilsneydd mjólk.

Punktur

Ekki er núna bil á eftir orði í skammstöfun (*m.kr., ef.et.*) nema milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining og ekki mynda merkingarheild (*próf. dr.*) (§ 22.6) (sjá 7.58, 7.59). Í ritreglum í *Stafsetningarorðabókinni* (2006:717 [§98]) var hins vegar haft stafbil milli tveggja skammstafaðra orða aftan við skammstöfun sem er tveir eða fleiri stafir (*ma. kr. en m.kr.*).

m.kr.

ma.kr. (áður ma. kr.)

ef.et. (áður ef. et.)

próf. dr.

o.s.frv. o.s.frv.

Strik og bönd

Umfjöllun um bönd og strik (§ 26) er ítarlegri en í auglýsingunni 1974. Fjallað er sérstaklega í fyrsta sinn í greinarmerkjareglum um notkun millistrika (tilstrika, stuttra þankastrika).

Tilvitnunarmerki (gæsalappir)

Í reglunum er núna bent á tvær hugsanlegar gerðir af einföldu tilvitnunarmerkjunum: , ‘ (þ.e. fráhverfa og misstæða gerð þeirra) og ‘ ’ (þ.e. aðhverfa hástæða gerð þeirra) (§ 28.2) (sjá 12.15). Í reglunum 1974 og 2006 var eingöngu getið um , ‘.

Orðið fákur merkir ‘hestur’.

Orðið fákur merkir ,hestur‘.

Tvípunktur

Reglur um upphafsstaf á eftir tvípunkti hafa verið einfaldaðar (§ 29.4) (sjá 6.104). Nú er upphafsstafur á eftir tvípunkti ef um er að ræða fullkomna sjálfstæða málsgrein eða sérnafn en lítill ef um er að ræða ófullkomna málsgrein. Í fyrri reglum, t.d. í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006:729 [§116]), var val um stóran eða lítinn staf í seinna tilvikinu.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

Upphrópunarmerki

Ný grein er um upphrópunarmerki (§ 30.2) (sjá [7.43](#)) og sagt að yfirleitt sé betra að láta spurningar sem eru í raun upphrópanir enda á upphrópunarmerki en spurningarmerki.

Hvernig gátuð þið gert þetta!

Orðskipting

Sérkaflí er um orðskiptingu (§ 33) (sjá [9](#)) og nánari reglur en áður.

Jóhannes B.
Sigtryggsson

7 Afstaða og val á greinarmerkjum og bil

Afstaða greinarmerkja

7.1 Almennt um afstöðu og röðun greinarmerkja

Stundum er fólk í vafa um afstöðu og röð þar sem greinarmerki koma saman í texta. Þetta á sérstaklega við um tilvitnunarkerki og punkta en einnig ýmis önnur greinarmerki. Fjallað er um ýmis slík tilvik í þessum kafla.

Punktur og önnur greinarmerki

7.2 Punktur í lok málsgreinar

Meginreglan um greinarmerki og punkt í lok málsgreinar er að hann fellur niður ef þar koma fyrir önnur greinarmerki á undan (sjá 6.26):

Gengur þú alltaf í vinnuna?

Réttu mér bollann!

Jón hafði ekki hugmynd ...

Ef málsgrein endar á spurningarkerki sem er hluti af heiti sem er skáletrað (sjá 2.25) þá fellur einnig niður lokapunktur setningarinnar:

Ég sá í gær myndina *Pourquoi Pas?*

7.3 Punktur í skammstöfun í lok málsgreinar

Vafi er stundum á afstöðu punkts í skammstöfun til annarra greinarmerkja, t.d. upphrópunarkerkja og spurningarkerkja.

Ef málsgrein endar á skammstöfun með punkti þá fellur lokapunkturinn niður. Ef skammstöfunin er skáletruð þá helst skáletraður lokapunktur hennar.

Menn ræddu um þetta o.fl.

Þá skal skrifa o.fl.

Ef skammstöfun lendir aftast í spurningu þá helst lokapunktur hennar og einnig spurningarkerkið:

Hvað segir þú um það t.d.?

Á þetta að fara fram s.d.?

Sama er með upphrópunarmerki í lok setningar:

Göngum út mánudaginn 24. okt.!

7.4 Punktur, tilvitnunarmerki og hornklofar

Ef viðbót er innan hornklofa aftan við málsgrein í tilvitnun þá er punktur framan við síðari hornklofann. Um málsgreinar innan sviga sjá [7.11](#), [7.12](#).

„Eigi skal höggva.“ [Petta voru lokaorð Snorra.]

Ef texti innan hornklofa er eitt eða nokkur orð, óheil málsgrein, þá má hafa fyrsta orðið innan hornklofa, ef það er samnafn, með lágstaf og sleppa punkti.

„Upp, upp mín sál.“ [séra Hallgrímur Pétursson]

Skástrík og önnur greinarmerki

7.5 Afstaða skástriks og bandstriks

Ef greint er á milli valmöguleika með skástriki (sjá [6.40](#)) þá er eitt eða fleiri orð oft stytta og er styttingin þá táknuð með striki (t.d. *kæli-/hitabrúsi*).

Ef fyrra orðið er stytta þá er bandstrik aftan við það:

kæli-/hitabrúsi (þ.e. *kælibrúsi* eða *hitabrúsi*)

Ef síðara orðið í slíku orðasambandi er stytta þá er bandstrik framan við það.

mannauðsstjóri/-stýra (þ.e. *mannauðsstjóri* eða *mannauðsstýra*)

Sigurbjarnardóttir/-son (þ.e. *Sigurbjarnardóttir* eða *Sigurbjarnarson*)

Spurningarmerki og önnur greinarmerki

7.6 Spurningarmerki og tilvitnunarmerki

Ef orðrétt spurning innan tilvitnunarkerkjá er hluti af stærri málsgrein þá er spurningarmerkið haft aftast í tilvitnuninni (sjá einnig [7.23](#)).

Spurningarmerki þarf ekki að vera í lok málsgreinar eins og punktur.

„Ertu ekki að grínast í mér?“ var það eina sem hann sagði.

„Viltu ekki fara í það?“ spurði hún. (Ekki: „~~Viltu ekki fara í það~~“ spurði hún?)

Ef ekki eru tilvitnunarkerki utan um orðréttu spurningu þá er spurningarmerkið haft aftast í setningunni (sjá [6.53](#)).

Hvenær kemur þú heim, spurði Jón?

Svigar og önnur greinarmerki

7.7 Almennt um sviga og önnur greinarmerki

Umfjöllun í undirköflum 7.7–7.18 byggist að hluta á þrítugasta og öðrum kafla í ritreglum ([32. Afstaða tilvitnunarkerkja og sviga til annarra greinarmerkja](#)).

7.8 Svigar og punktar

Punktar eru settir á undan seinni sviga (þ.e. innan sviga) ef svigarnir afmarka heila málsgrein eða tilsvarendi en annars á eftir.

Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Verkamenn tóku ekki afstöðu.)
Hann hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár. (Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Hún sagðist ætla að koma fljótt aftur (í maí eða júní).

Ef einstök orð eru höfð innan sviga á eftir málsgrein þá er sviginn einnig hafður á undan lokapunkti hennar.

Ég talaði við Jón (bónda).
Raschellà, Fabrizio D. (útg.).

7.9 Svigar og spurningarmerki

Spurningarmerki eru sett á undan seinni sviga (þ.e. innan sviga) ef svigarnir afmarka heila málsgrein eða tilsvarendi en annars á eftir.

Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Hver var afstaða verkamanna?)
Hvert var eiginlega tilefni deilnanna (í fyrra)?

7.10 Svigar og upphrópunarmerki

Punktar, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á undan seinni sviga (þ.e. innan sviga) ef svigarnir afmarka heila málsgrein eða tilsvarendi. Einnig geta spurningarmerki og upphrópunarmerki komið innan sviga ef þau eiga aðeins við það sem er í svigunum en ekki alla málsgreinina.

Þá reis deila milli búenda (svo!) og sjómanna.
Var þetta Jón (Indíafari)!

7.11 Svigar, punktar og tilvitnunarkerki: óheil málsgrein

Ef svigar með óheilli málsgrein fylgja á eftir tilvitnun þá er lokapunktur málsgreinarinnar hafður á eftir svigunum. Þetta má rökstyðja með því að mikilvægara sé að lokapunktur málsgreinar haldi sér en punktur í tilvitnun. Þannig er einnig komist hjá því að málsgreinin endi á tveimur punktum. Hefð er fyrir því um ýmislegt annað að tilvitnanir séu aðlagðar að meginmáli, t.d. stórum staf breytt í lágstaf o.s.frv. (sjá 6.92).

„Hann áleit handlækningar óæðri lyflækningum þó að sjálfur kynni hann og beitti hvorutveggja“ (23).

~~Ekki: Hann áleit handlækningar óæðri lyflækningum þó að sjálfur kynni hann og beitti hvorutveggja.“ (23)~~

„Peim var ég verst er ég unni mest“ (þ.e. Kjartani Ólafssyni).

7.12 Svigar, punktar og tilvitnunarkerki: heil málsgrein

Ef viðbót, sem er heil setning, fylgir innan sviga á eftir málsgrein (oft á eftir tilvitnun) er punktur hafður á undan lokasviga. Þetta má rökstyðja með því að viðbót innan sviga sé þá sjálfstæð málsgrein og punktar afmarka þær (sjá 6.25).

„Peim var ég verst er ég unni mest.“ (Eftirminnilegt tilsvár Guðrúnar sem skýrir margt í sögunni.)

Annars er aðeins einn punktur á eftir lokasviganum (sjá 7.13).

7.13 Svigar, spurningarkerki og tilvitnunarkerki: óheil málsgrein

Ef svigar með óheilli málsgrein fylgja á eftir tilvitnun með spurningu þá helst spurningarkerkið og punktur er hafður á eftir síðari sviganum.

„Hversu oft ferðu?“ (bls. 23).

Hún spurði: „Í hvað fóru peningarnir?“ (sjá fundargerð síðasta fundar).

7.14 Svigar, spurningarkerki og tilvitnunarkerki: heil málsgrein

Ef svigar með heilli málsgrein fylgja á eftir tilvitnun með spurningu þá helst spurningarkerkið og punktur er hafður á undan síðari sviganum.

„Hvert fórstu?“ (Spurningunni var beint að smalamanni.)

7.15 Svigar, upphrópunarkerki og tilvitnunarkerki: óheil málsgrein

Ef svigar með óheilli málsgrein fylgja á eftir tilvitnun með spurningu þá helst upphrópunarkerkið og punktur er hafður á eftir síðari sviganum (sjá 7.11).

„Hvers vegna!“ (bls. 23).

Hún spurði: „Hvernig dettur þér það í hug!“ (sjá fundargerð síðasta fundar).

7.16 Svigar, upphrópunarmerki og tilvitnunarmerki: heil málsgrein

Ef svigar með heilli málsgrein fylgja á eftir tilvitnun með spurningu þá helst upphrópunarmerkið og punktur er hafður á undan síðari sviganum.

„Hvað áttu við!“ (Spurningunni var beint að smalamanni.)

7.17 Afstaða sviga til annarra sviga

Ef síðari og fyrri svigi standa saman þá er haft bil á milli þeirra (sjá 7.49).

prómillumerki (þúsundarhlutarmerki) (‰)

7.18 Svigar eða tilvitnunarmerki og semikommur

Semikommur eru hafðar aftan við gæsalappir og sviga.

Hann sagði: „Ég tók ekki veskið“; enginn trúði honum.

Þingmaðurinn fór þá með gamanvísur (ekki í fyrsta sinn); hló þá þingheimur.

Hornklofar og önnur greinarmerki

7.19 Hornklofar og punktar og tvípunktur

Ef viðbótarupplýsingum er bætt við heimildafærslur innan hornklofa þá eru greinarmerki sem tengjast þeim (aðallega punktur eða tvípunktur) höfð innan þeirra (sjá einnig 7.4). Þetta er rökrétt því að texti innan hornklofa er yfirleitt viðbót við tilvitnanir eða texta en ekki hluti af honum. Greinarmerki sem tengjast þeim verða því að vera innan hornklofanna.

Íslenskt tungumál. Forlagið. [Endurútgefið 1988.]

Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1924. *Nokkrar sögulegar athuganir um helztu hljóðbreytingar o.fl. í íslenzku, einkum í miðaldarmálinu (1300–1600).*

Reykjavík [: höfundur].

Tilvitnunarmerki og önnur greinarmerki

7.20 Afstaða tilvitnunarkerkja til annarra greinarmerkja

Umfjöllun í undirköflum 7.20–7.27 byggist að hluta á þrítugasta og öðrum kafla í ritreglum (32. Afstaða tilvitnunarkerkja og sviga til annarra greinarmerkja).

Punktar, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á undan seinna tilvitnunarkerki ef þau auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi en á eftir seinna tilvitnunarkerki ef þau auðkenna aðeins hluta málsgreinarinnar.

7.21 Tilvitnunarkerki og punktur

Punktur er settur á undan seinna tilvitnunarkerki ef tilvitnunarkerkin auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi en annars á eftir. Þetta á jafnvel við þótt málsgrein sé klofin.

Guðmundur sagði: „Börnín eiga að koma heim.“

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.

Eftir þetta „féll hann niður örendur og er þar með úr sögunni“.

Ég kann ekki við orðið „tjilla“.

Hún sagði „ó“.

„Ég held,“ sagði hún, „að þetta geti gengið.“

7.22 Tilvitnunarkerki og komma

Komma er sett á undan seinna tilvitnunarkerki ef tilvitnunarkerkin auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi en annars á eftir.

„Ég held,“ sagði hún, „að þetta geti gengið.“

Mér sýndist standa þarna: „hann“, „sagði“ og „fór“.

7.23 Tilvitnunarkerki og spurningarkerki

Spurningarkerki er sett á undan seinna tilvitnunarkerki ef tilvitnunarkerkin auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi en annars á eftir.

„Hver er þetta?“

„Hversu oft ferðu?“ spurði hann.

Hvert fór „formaðurinn“?

7.24 Tilvitnunarkerki og upphrópunarkerki

Upphrópunarkerki er sett á undan seinna tilvitnunarkerki ef tilvitnunarkerkin auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi en annars á eftir.

„Hvað þá!“

„Stoppið!“ var allt í einu hrópað.

Hann sagðist vera „alveg edrú“!

7.25 Tilvitnunarkerki og skammstöfun

Ef tilvitnun í lok setningar endar á skammstöfun þá haldast bæði

punktur skammstöfunarinnar og lokapunktur málgreinarinnar.

Í handritinu stóð þarna „t.d.“.

Heiti borgarinnar var áður oft skammstafað „Rvk.“.

7.26 Tilvitnunarmerki utan um heilar og óheilar setningar saman

Ef tilvitnun samanstendur bæði af heilli og óheilli málgrein stendur lokapunktur á undan seinni tilvitnunarmerkjum. Meginreglan um afstöðu greinarmerkja og tilvitnunarmerkja/sviga er að þegar tilvitnun er heil málgrein sé punktur hafður innan tilvitnunarmerkja. Þetta á jafnvel við þótt málgrein sé klofin (sjá 7.21). Það að hafa greinarmerki á eftir tilvitnunarmerki er frekar undantekning.

Þá kemur fram síðar að hann hafi verið „hinn vitrasti maður og hélt sér mjög til vinsælda við alþýðu. Hann var og mikils verður af mörgum mönnum göfgum.“

Hann sagði þeim að fara „aftur á bak. Enginn flýr héðan.“

7.27 Tilvitnunarmerki og úrfellingarpunktur

Þegar úrfellingarpunktur lenda aftast í tilvitnun vaknar sú spurning hvort sleppa á lokapunkti málgreinar (samanber [kafla 32.1 í ritreglum Íslenskrar málnefndar](#) þar sem segir að kommur, punktar, spurningarmerki og upphrópunarmerki séu sett á undan tilvitnunarmerki ef þau auðkenna heila málgrein). Ef grannt er að gáð þá á þetta þó ekki við um úrfellingarpunkta því að grunnmerking þeirra er að tákna að eitthvað sé óheilt í setningu og þá er meginreglan að framangreind greinarmerki fari á eftir tilvitnunarmerkinu. Lokapunktur helst þá einnig:

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn ...“ (ekki: ~~eldinn ...~~)

Sá ritháttur að sleppa lokapunkti á eftir tilvitnunarmerkjum (eldinn ...) hefur þó unnið sér allmikla hefð í útgáfu.

Ef málgrein heldur áfram á eftir óheilli tilvitnun þá er sett komma á eftir seinni tilvitnunarmerkjum í samræmi við meginreglu (sjá 7.22).

„Ver þú vel við þótt ég bakist við eldinn ...“, sagði hann.

Tvípunktur og önnur greinarmerki

7.28 Tvípunktur og punktur

Punktur í skammstöfunum geta einnig farið á undan tvípunkti.

Nefna má þessar borgir t.d.: París, Ósló, London.

Í dæmum eins og þessum er hins vegar óþarfi að hafa tvípunkt:

Reikningur nr. 505 126 4000 (ekki: Reikningur nr.: 505-126-4000)

7.29 Tvípunktur og spurningarmerki

Tvípunktur og spurningarmerki geta farið saman þegar spurt er um eitthvað sem síðan er tilgreint nánar á eftir tvípunktinum. Hér mætti einnig nota þankastrik (sjá 6.80).

Ertu sammála þessu?: Það er ekki siðferðilega rétt að borða kjöt.

Spurningarmerki og tvípunktur geta einnig farið saman í titli. Hér mætti einnig nota þankastrik (sjá 6.81).

Hvað væri Reykjavík án hafnar?: Reykjavíkurböfn í 75 ár.

7.30 Tvípunktur og svigar

Svigar geta staðið á undan einhverju sem nánari skýring sem þó má sleppa eða ekki er lesin upp. Tvípunkturinn sýnir þá að það sem er í sviganum á við það sem á eftir fer.

(Í stuttu máli:)

(Sigurður:) Hvað viltu þá gera?

7.31 Tvípunktur og upphrópunarmerki

Upphrópunarmerki getur einnig staðið á undan tvípunkti.

Besta lag sögunnar!: Yesterday.

Neðanmálgreinarmerki og tjámerki

7.32 Neðanmálgreinarmerki og önnur greinarmerki

Hástæð neðanmálgreinarmerki auðkenna við hvað neðanmálgreinar eiga í meginmáli. Algengast er að tölusetja slík merki með hástæðum tölum (¹, ² o.s.frv.) en einnig er stundum notuð stjarna (*) ef ekki er þörf á tölusetningu.

Yfirleitt fer best á því að hafa slík merki í lok málgreinar á eftir punkti en ef neðanmálgrein á aðeins við einstök orð eða hluta setningar er hægt að staðsetja þau inni í setningum. Neðanmálgreinarmerki standa á eftir

kommum og öðrum greinarmerkjum inni í setningum jafnvel þótt þau vísi eingöngu til orðs á undan greinarmerkinu.

Heimsstyrjöldin síðari stóð yfir í sex ár.⁵

Orðið *altan*,⁵ sem nú er að mestu horfið úr málinu, er tökuorð.

Orðið *altan*,* sem nú er að mestu horfið úr málinu, er tökuorð.

7.33 Tjámerki og önnur greinarmerki

Tjámerki (e. *emojis*, *emoticons*) eru mikið notuð á samfélagsmiðlum og óformlegum skeytum og skilaboðum. Sömu greinarmerkjareglur ættu líklega að gilda um þau og önnur tákni (t.d. #, %, sjá 12). Ef tjámerki er til að mynda notað í lok málgreinar virðist því vera rétt að á eftir komi punktur.

Bestu þakkir fyrir miðana 😊.

Val á greinarmerkjum

7.34 Almennt um val á greinarmerkjum

Í kafla um afstöðu og röðun greinarmerkja er fjallað um ýmis vafaatriði sem tengjast því þegar ólík greinarmerki koma saman. Það getur einnig stundum verið óvíst hvaða greinarmerki á að nota. Um það er fjallað hér í köflum 7.34–7.43.

7.35 Greinarmerki sem sumir nota ekki – semikomma og þankastrik

Sumir nota aldrei ákveðin greinarmerki en fylgja þó opinberum reglum. Þau greinarmerki sem algengast er að sleppa eru semikommur (sjá 6.35 o.áfr.) og þankastrik (sjá 6.78 o.áfr.) sem eru valkvæð og hægt er að sleppa eða nota önnur greinarmerki í staðinn. Mörgum finnst þó nauðsynlegt að nota þau til að ná fram ákveðnum blæbrigðum í greinarmerkjasetningu.

Innskotssetningar

7.36 Almennt um innskotssetningar: kommur, svigar eða þankastrik?

Meginreglan er að nota kommur til að afmarka innskotssetningar og innskot (sjá 6.10). Svigar eru eingöngu notaðir þegar einhverju er skotið inn í setningu sem má sleppa eða er ekki nauðsynlegt fyrir merkingu málgreinar (sjá 6.11). Svigarnir eru því eingöngu notaðir í undantekningartilvikum. Þankastrik má nota til að tákna meira rof í málgrein vegna innskotssetningar (sjá 6.78).

7.37 Innskotssetningar

Í kafla um kommur er sérstakur kafli um kommuasetningu í innskotssetningum (sjá 6.10 o.áfr.). Eins og vikið er að þar þá er meginreglan um meðferð innskotssetningar í núverandi reglum um kommuasetningu að eingöngu eru settar kommur utan um þær setningar sem einnig mætti afmarka með svigum og sem eru ekki nauðsynlegar fyrir merkingu málsgreinar og má sleppa án þess að grunnmerking hennar riðlist.

Gunnar, sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja. (= Gunnar lét ekki sitt eftir liggja. Hann hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Sumir nota ekki þankastrik (sjá 7.35) en þau geta verið gagnleg til að afmarka innskot sem sérstök áhersla er lögð á, það er tákna rof eða andstöðu í setningu.

Hér – aðeins hér – gat þetta gerst.

Bræðurnir voru allir efnilegir og duglegir – nema sá elsti.

Viðbætur og innfelldir liðir

7.38 Viðbætur og innfelldir liðir

Það getur einnig verið vafi á því hvort á að nota kommur eða sviga eða þankastrik til að afmarka minni háttar innskot án sagnar.

Langoftast fer best á því að nota kommur (sjá t.d. 6.14). Sviga má nota til að afmarka viðbætur sem fela í sér viðbótarupplýsingar sem ekki eru nauðsynlegar fyrir merkingu málsgreinar (6.84). Þankastrik er gott að nota til að auðkenna meira rof í málsgrein (6.78).

Upptalning

7.39 Almennt um upptalningu: tvípunktur, komma eða semikomma?

Almenna reglan er að á undan upptalningu fari tvípunktur sem aðgreini inngangsorð og það sem talið er upp (sjá 6.107). Þar sem ekki eru skýr skil milli inngangsorða og upptalningar kemur einnig til greina að nota kommu (sjá 6.16).

Þetta vantar: hamar, nagla og skrúfur.

Hann las ýmislegt, blöð, tímarit og bækur.

Semikommu má nota í upptalningu til að afmarka liði eða hópa sem eiga saman í upptalningu (sjá 6.37). Ekki er hins vegar rétt að nota

semikommu á undan upptalningu: ~~Þetta vantar, hamar, nagla og skrúfur.~~

Annað

7.40 Strik eða skástrik?

Eitt helsta hlutverk skástriks er að aðgreina tvo eða fleiri mismunandi valmöguleika eða til að sýna andstöðu (sjá [6.40](#)):

og/eða

já/nei-svar

Einnig er hægt að nota strik til að tákna andstöðu (sjá [4.65](#)):

já-nei-spurning

7.41 Svigar eða hornklofar?

Svigar eru notaðir um innskot í almennum texta en hornklofar fyrir innskot eða viðbætur í tilvitnunum. Það er því skýr munur á notkun þeirra (sjá [6.84](#), [6.85](#), [6.90](#)).

Ég fór því heim sama ár (1970).

Hann sagði: „Ég fór heim sama ár [1970].“

Ef viðbót er við tilvitnun sem stendur utan hennar þá er rétt að hafa hana innan sviga (sjá [7.11](#)).

„Þeim var ég verst er ég unni mest“ (þ.e. Kjartani Ólafssyni).

7.42 Tvípunktur og stutt þankastrik

Frekar er mælt með því að nota þankastrik en tvípunkt í tvíliðuðum fyrirsögnum (sjá [2.37](#), [6.81](#)).

7.43 Upphrópunarmerki eða spurningarmerki?

Yfirleitt er betra að láta spurningar sem eru í raun upphrópanir enda á upphrópunarmerki en spurningarmerki.

Hvernig gátuð þið gert þetta!

~~Hvernig gátuð þið gert þetta?~~

Ekki er mælt með því að láta setningu enda bæði á upphrópunarmerki og spurningarmerki. Sjá einnig [6.56](#) og [6.119](#).

~~Hvernig gátuð þið gert þetta!?~~

Bil

7.44 Almennt um bil

Í þessum kafla er fjallað um bil. Þau hafa oft lent á milli stafs og hurðar í umfjöllun um stafsetningu, flokkast varla sem greinarmerki enda ósýnileg og falla varla undir almennar ritreglur. Það er þó mikilvægt að vita hvenær á að vera bil og hvenær ekki. Víða er þó vikið að notkun þeirra, til dæmis í tengslum við punkta og skammstafanir. Sums staðar hefur hefð um notkun þeirra breyst á síðustu áratugum. Það á sérstaklega við um bil á eftir málsgreinum og í skammstöfunum. Í sumum tilvikum eru óskráðar hefðir um bil eða jafnvel engin skýr venja og þar hef ég reynt að setja fram reglur til viðmiðunar. Umfjöllun í þessu kafla byggist á Jóhannes B. Sigtryggsson (2020a).

Helst leikur vafi á notkun bila í samhengi við greinarmerkjasetningu.

Auk orðabila, þ.e. bila á milli orða, þá koma einnig fyrir bil á milli lína (línubil) (sjá 2.4) sem getur þjónað svipuðu hlutverki og greinarmerki, til dæmis í undirskriftum (sjá 2.50). Auð lína er einnig stundum notuð til að greina á milli efnisgreina (sjá 2.8) og á milli efnishluta bréfa (sjá 2.49).

Bil og greinarmerki

7.45 Bil og punktur í lok málsgreinar

Á eftir punkti í lok málsgreinar er einfalt bil en ekki tvöfalt (sjá 6.25).

Hann hitti konuna. Hún var nýkomin í bæinn.

Áður fyrr, sérstaklega þegar ritvélar voru enn notaðar, var algengt að hafa tvöfalt bil á eftir málsgrein en ekki er mælt með því.

~~Hann hitti konuna. Hún var nýkomin í bæinn.~~ (tvöfalt bil á eftir punkti)

7.46 Bil og punktar í dagsetningum

Ekkert bil er á eftir punktum sem greina að mánaðardag, mánuð og ár í dagsetningu (sjá 6.31).

14.12.2008

17.6.1944

7.47 Bil og skástrik

Almennt er hvorki haft bil á undan né eftir skástriki (sjá 6.39).

Undantekning frá þessu er ef öðrum hvorum megin við skástrik eru fleiri en eitt orð, þá eru höfð bil báðum megin við það.

1/2

og/eða

London / New York

Ætlaðu að fara yfir / laga þetta?

Þetta ætti að bætast við báða / tvo síðustu liðina.

7.48 Bil og strik

Hvorki er bil á undan né eftir bandstrikum (sjá 6.59 o.áfr.) og millistrikum (sjá 6.71 o.áfr.).

BA-nemi

15. mars–14. apríl

(1555–eftir 1643)

Flugleiðin Reykjavík–Egilsstaðir

Bil er hins vegar á undan og eftir þankastrikum (—) (sjá 6.78 o.áfr.) og stuttum þankastrikum (–) (sjá 6.82).

Mér líkaði vel við hann — oftast.

Mér líkaði vel við hann – oftast.

Á Íslandi – og hvergi nema á Íslandi – er þetta náttúrufyrirbæri að finna.

7.49 Bil og svigar

Bil er á milli sviga sem standa saman (sjá 7.17).

prómillumerki (þúsundarhlutarkerki) (‰)

7.50 Bil og tilvitnunarkerki

Ekkert bil er á milli tvöfaldra tilvitnunarkerkja sem mætast í lok setningar (sjá 6.100).

Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““

Í ensku umbroti tíðkast sums staðar að setja hársbil (sjá 12.20) á milli tvöfaldra tvöfaldra tilvitnunarkerkja.

Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““ (hársbil)

7.51 Bil og tvípunktur

Aldrei er bil á undan tvípunkti.

Ef tvípunktur er notaður sem greinarmerki í setningu er bil á eftir honum.

Í ritgerðinni stendur: „Bústaðurinn er frá 12. öld.“

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Ef tvípunktur er notaður til að tákna tíma, úrslit, hlutföll eða í öðrum tilgangi sem aðgreiningarmerki með tölum er ekki bil á eftir honum.

Kl. 2:45 (frekar kl. 2.45)

Sigurtíminn var 1:50:24 (frekar 1.50.24, sjá 6.108)

Leikurinn fór 84:78

Í mælikvarðanum 1:100 000

Staðallinn ÍST 130:2004

7.52 Bil og úrfellingarpunktar

Á undan og eftir úrfellingarpunktum eru bil ef heilt orð er næst fyrir framan þá. Ekki er hins vegar bil aftan við þá ef önnur greinarmerki fara á eftir þeim (sjá 6.127).

Ævintýri enda oft á: Köttur úti í mýri ... Það er að minnsta kosti algengt.
Er hann nokkuð ...?

Ef felldur er niður hluti orðs er ekkert bil haft á undan úrfellingarpunktum.

Hver í andsk... var þetta eiginlega?

Helv... fíflið kom ekki.

Sigr..., nei, Sveina kom í gær.

7.53 Bil og tákn á eftir tölu

Ekki er bil á milli tölu og prósentumerkis (%), prómillumerkis (þúsundarhlutarmerkis) (‰), bogamínútu ('), bogasekúndu (") eða gráðu (°). Sums staðar, til dæmis í dönsku og sænsku, tíðkast að hafa bil á milli tölu og prósentu- og prómillumerkja. Hefð er hins vegar fyrir því í íslensku að hafa ekkert bil á eftir þeim. Athugið að ef hitakvarðamerki (°C, °F) er notað þá stendur gráðumerkið með því en ekki tölunni.

50%

20‰

17° hiti

10° 33' 19"

24 °C

−459,67 °F

7.54 Bil og tákn á undan tölu

Bil er á eftir kaflamerkjum (§), efnisgreinarmerkjum/greinaskilamerkjum (¶), doppum/bólum (•) en ekki tvíkrossi (#) eða stjörnu (*).

§ 1.3

• Innkaup á næsta ári

#12stig

*Jón

7.55 Bil og tölur og bókstafir

Bil er á milli tölu og eftirfarandi bókstafs í götuheitum, kafla- og greinanúmerum o.s.frv. Ekki fer vel á því að tölustafir og bókstafir fari saman án bils.

Hverfisgata 17 A

Í kafla 22.1 d

gr. 1.3.2 b

7.56 Bil og tölur og stærðfræðitákn

Bil er á undan og eftir stærðfræðitáknum ef þau eiga bæði við tölur, orð eða tákn á undan og eftir en án bils ef það á eingöngu við undanfarandi eða eftirfarandi tölu, orð eða tákn.

5 – 2 = 3

30 × 20 = 600

2 > 1

breitt (breið + t)

verslun (verð + sl + un)

–5 gráður

3× meira en áður

–30 prósentu lækkun

<37 vikur

>1/1.000

7.57 Bil til aðgreiningar í stórum tölum – skýrleikabil

Hefð er fyrir því í íslensku að setja punkt framan við þriðja hvern tölustaf til að auðvelda lestur hárra talna.

123.456

500.000.000

Ekki hefur verið almenn venja hér á landi að nota bil (skýrleikabil) til að

auðvelda lestur hárra talna, kennitalna, reikningsnúmera og símanúmera eins og er víða er gert, til dæmis í ensku og sænsku, en þó mætti vel hugsa sér að taka upp þann sið. Allalengst hefur verið að nota bandstrik til skýrleika í kennitölum, reiknings- og símanúmerum (*kt. 010102-2277, s. 563-6244*) en hugsanlega væri betra að nota bil.

3 500

123 456

Í mælikvarðanum 1:100 000

kt. 010102 2277

bankareikningur nr. 104 26 4407

s. 563 6244

Bil og skammstafanir

7.58 Skammstöfuð orð

Áður fyrr tíðkaðist að hafa bil á eftir hverjum punkti í fleiryrtum skammstöfunum: *a. m. k., o. s. frv., t. d.* Á síðustu áratugum hefur sú hefð hins vegar látið undan síga. Slíkar skammstafanir eru heild í huga fólks og því eðlilegt að láta alla liði þeirra standa saman án bila.

Í [gr. 22.6](#) í ritreglum Íslenskrar málnefndar er fjallað um bil á eftir skammstöfunum. Þar segir: „Ekki er bil á eftir orði í skammstöfun nema milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining.“ Í ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar (2006:717)* hafði verið haft bil aftan við skammstafanir sem voru tveir eða fleiri stafir. Skammstöfunin *m.kr.* var þá án bils en *ma. kr.* og *millj. kr.* með bili. Í núverandi ritreglum hefur því verið fækkað tilvikum um bil í skammstöfunum (sjá [6.132](#) og Jóhannes B. Sigtryggsson 2019:171–172).

t.d. (til dæmis)

o.s.frv. (og svo framvegis)

cand.med.

ef.ft.

ma.kr.

próf. dr.

o.fl. o.fl.

7.59 Skammstöfuð nöfn

Óljós ritvenja hefur verið í íslensku um það hvort bil er haft á milli tveggja skammstafaðra nafna en þó er oftast bil.

Jóhannes L.L. Jóhannsson / Jóhannes L. L. Jóhannsson

Ekki er fjallað um þetta í ritreglum Íslenskrar málnefndar en sumum þykir fara vel á að hafa hársbil eða ekkert bil á milli skammstafaðra nafna.

W. B. Yeats (venjulegt bil)

W.B. Yeats (hársbil)

W.B. Yeats (ekkert bil)

Fastabil, bundin stafbil

7.60 Almennt um fastabil

Fastabil eða bundin stafbil (e. *no break (required) space, non-breaking space, hard space*) er tegund bila sem hindrar línuskiptingu. Það mætti ef til vill kalla það *óskiptivísi*. Í Unicode-táknrófinu hefur það kóðann U+202F. Tilgangur þess er að koma í veg fyrir að orðum sé skipt á milli lína sem verða eða æskilegt er að séu óskipt. Lítið hefur verið fjallað um þetta í íslenskum reglum um orðskiptingu. Hér er tilraun gerð til að setja reglur til viðmiðunar um þetta. Stundum verður þó ekki komist hjá því að kljúfa slík orð á milli lína en gott er að reyna að komast hjá því ef hægt er.

Skiptið ekki á milli tölu og skammstafana í metrakerfinu, skammstafana frumefna og ýmissa annarra mælieininga og styttra gjaldmiðlaheita:

100 cm

500 V

20 hö.

20 DKK

Skiptið ekki á milli tölu og annarra skammstafana eða tákna sem standa með henni hvort sem talan er á undan eða eftir:

75 f.Kr.

11 e.h.

§ 1.3.3.2 c

nr. 61/2011

Skiptið ekki dagsetningu:

17. júní

15.1.2020

Skiptið ekki tölum á milli lína:

100.000

10–13

Skiptið ekki húsnúmerum:

Lækjargata 25 B

Einnig er gott að reyna að komast hjá því að skipta vefslóðum (sjá [9.7](#)).

Þetta eru nokkur dæmi um tilvik þar sem ætti að forðast skiptingu á milli lína.

Jóhannes B.
Sigtryggsson

8 Stafróf og stafrófsröð

8.1 Almennt um stafróf og stafrófsröð: íslenskt stafróf

Stafróf eru ólík eftir tungumálum og það hvernig stafir raðast í hverju máli kallast stafrófsröð.

Ekki er fjallað sérstaklega í ritreglum Íslenskrar málnefndar um stafróf. Eðlilegt er að líta svo á að [stafróf hvers máls sé mengi stafa sem þarf til að rita orð eftir stafsetningarreglum](#). Stafróf fyrir íslensku er þá eftirfarandi. Litlir stafir raðast á undan stórum enda eru þeir grunnform bókstafa (sjá [3.3](#)):

a A
á Á
b B
d D
ð Ð
e E
é É
f F
g G
h H
i I
í Í
j J
k K
l L
m M
n N
o O
ó Ó
p P
r R
s S
t T
u U
ú Ú
v V
x X
y Y

ý Ý
þ Þ
æ Æ
ö Ö

8.2 Röðun c , q , w og z

Auk þessara grunnbókstafa er ákveðin hefð fyrir notkun stafanna c, q, w og z. Síðastnefndi bókstafurinn var hluti af grunnstafrófinu allt til 1973/1974. Þessir bókstafir eru ekki notaðir í almennum íslenskum orðum og koma helst fyrir í nöfnum af erlendum uppruna, t.d. Zoëga, Wilma, Caesar. Bókstafurinn c er einnig almennt notaður í sundurliðun eftir bókstöfum, það er a), b), c), d) o.s.frv. (sjá 2.41).

Hér er sýnt á eftir og undan hvaða bókstöfum c, q, w og z raðast í íslenska stafrófinu:

b
c
d

p
q
r

v
w
x

ý
z
þ

8.3 Meginatriði við stafrófsröðun orða

Við röðun orða í stafrófsröð er fyrst farið eftir fyrsta staf í orði. Ef þeir eru eins er farið eftir næsta staf o.s.frv. Aukatákn eins og bandstrik eru hunsuð við röðun.

Austur-Þýskaland
austurþýskur

Litlir stafir raðast á undan stórum ef orðin eru eins að öðru leyti og er það í samræmi við þá meginreglu að lágstafir séu grunnform bókstafa (sjá 3.3). Dæmi:

hof

Hof
höfn
Höfn
ægir
Ægir

Tölustöfum (1, 2, 3, I, II, III o.s.frv.) er raðað í töluröð á undan bókstöfum.
Dæmi:

17. júní
68-kynslóðin
ammonshorn
a-moll
amor

8.4 Stafrófsröðun orðasambanda

Ef raða þarf orðasamböndum, þ.e. fleiri en einu orði í einu, þá er farið fyrst eftir fyrsta orði. Ef það er hins vegar eins og í öðru orðasambandi er farið eftir næsta orði og þannig koll af kolli.

annar tveggja
annars kostar
annars staðar
annarsbekkingur

8.5 Röðun erlendra stafa og stafbrigða (merktra bókstafa)

Stafbrigðum (eða merktum bókstöfum) er raðað með grunnbókstöfum (ómerktum bókstöfum), t.d. á og ä með a, ë með e og ü með u.
Bókstafnum ø er raðað með ö

ar
as
ås
ax

Ef orð sem á að raða eru eins að öðru leyti skal raða merktum stöfum á eftir grunnstöfum, til dæmis č á eftir c, ł á eftir l, ñ á eftir n og œ á eftir æ o.s.frv. Dæmi um röðun:

bat
båt
bät
bät
bát

Ítarlegt yfirlit yfir stafrófsröðun erlendra bókstafa og innbyrðis röð merktra stafa undir grunnstöfum er hjá [Ara Páli Kristinssyni \(2011\)](#).

8.6 Röðun mannanafna

Við röðun mannanafna er fylgt þeirri reglu að fyrst er raðað eftir aðalnafni, síðan kenninafni og loks aukanafni eða aukanöfnum. Við röðun erlendra mannanafna er hins vegar fyrst raðað eftir ættarnafni og síðan eiginnafni. Dæmi:

Guðrún Árnadóttir

Guðrún María Emilsdóttir

Guðrún Ingimarsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Guðrún Eva Jónsdóttir

Jón Jónsson

Andrew Smith / Smith, Andrew

Sveina Jónsdóttir

8.7 Stafrófsröð í skandinavískum málum

Í skandinavísku málunum, dönsku, norsku og sænsku, eru sjö stafir sem ekki eru í íslenska grunnstafrófinu: c, q, w, z, å, ä og ø. Gæta skal þess að þemur síðastnefndu stöfunum er raðað í norska, sænska og danska stafrófinu á annan stað en þegar þarf að raða þeim í íslenskri stafrófsröð.

Þrjú síðustu stafirnir í danska og norska stafrófinu eru æ, ø og å (stafurinn ä er ekki notaður) en í sænsku eru síðustu stafir stafrófsins å, ä og ö (stafurinn ø er ekki notaður). Í íslensku er þessum stöfum hins vegar raðað með samsvarandi grunnstaf, það er å og ä með a en ø með ö.

ari

Åge

Ari

án

bar

Össur

Østerbro

öxi

8.8 Umritunarreglur fyrir íslenska sérstafi

Stundum er ekki hægt að nota íslenska sérstafi. Enn er til að mynda

algengt að íslenskum sérstöfum sé sleppt úr vefslóðum. Í staðlinum *Upplýsingatækni – íslenskar kröfur* ÍST 130:2004 er mælt með því að íslenskir sérstafir séu umritaðir með eftirfarandi hætti:

Upprunalegur stafur	Staðgengill
á/Á	a/A
ð/Ð	d/D
é/É	e/E
í/Í	i/I
ó/Ó	o/O
ú/Ú	u/U
ý/Ý	y/Y
þ/Þ	th/Th
æ/Æ	ae/Ae
ö/Ö	o/O

Einnig er algengt að umrita ö/Ö sem oe/Oe sem hefur þann kost að þá er greint á milli ó og ö í umrituninni.

8.9 Stafir gríska stafrófsins

Stafir gríska stafrófsins eru (íslensk heiti innan sviga):

α (alfa)
β (beta)
γ (gamma)
Δ (delta)
ε (epsílon)
ζ (seta)
η (eta)
θ (þeta)
ι (jóta)
κ (kappa)
λ (lambda)
μ (mý)
ν (ný)
ξ (ksí)
ο (omíkron)
π (pí)
ρ (hró)
σ, ς (sigma)
τ (tá)
υ (ypsílon)
φ (fí)
χ (khí (kí))

ψ (psi)
 Ω (ómega)

Jóhannes B.
Sigtryggsson

9 Orðskipting

9.1 Almennt um orðskiptingu

Umfjöllun í undirköflum 9.1–9.7 byggist á þrítugasta og þriðja kafla í ritreglum ([33. Orðskipting](#)).

9.2 Orðskipting samsettra orða

Best fer á því að skipta samsettum orðum og forskeyttum um samskeyti (stofnamót) og fleirsamsettum um aðalsamskeyti. Verði því ekki við komið má skipta orði um aukasamskeyti eða skipta síðasta orðhlutanum eins og um ósamsett orð væri að ræða.

borð-dúkar
for-maður
gatna-mót

dýraverndunar-hópur
vegavinnu-skúr

dýra-verndunarhópur
vega-vinnuskúr
dýraverndunarhóp-ur
borðdúk-ar

Ef ekki verður komist hjá því er hægt að skipta orði á undan sérhljóði endingar eða viðskeytis fyrri hluta samsetningar þótt ekki sé beint minnst á það í ritreglum:

dýravernd-unarhópur
dýraverndun-arhópur

9.3 Orðskipting á undan viðskeyti

Skipta má á undan viðskeyttu orði ef það er í málvitundinni sjálfstæð heild.

sann-leikur
list-rænn
strák-lingur

9.4 Orðskipting og sýndarsamsetningar

Nokkur tökuorð, lengri en tvö atkvæði, eru í málvitund fólks skynjuð sem samsett orð og kallast sýndarsamsetningar. Þeim er þá skipt eins og samsettum orðum (sjá 9.2).

abba-dís

krókó-díll

pre-dika

víta-mín

9.5 Orðskipting ósamsettra orða

Skipta skal ósamsettum orðum þannig að síðari hluti hefjist á sérhljóði endingar, greinis eða viðskeytis.

hundarn-ir

vænst-ur

manns-ins

skip-un

Síðasti hluti orðs sem skipt er má þó ekki vera aðeins einn stafur (ekki: *karf-a*). Fyrri hluti orðskiptingar getur hins vegar verið aðeins einn stafur, til dæmis *á-stríða*, *í-hlut-un*, *ó-lán*.

Mælt er með því að skipta ekki sumum orðum á milli lína (sjá 7.60).

9.6 Orðskipting og jöfnun texta

Orðskipting er mest notuð þegar textinn er heiljafnaður en jafnvel þótt texti sé aðeins vinstrijafnaður þá er mælt með því þar að skipta löngum orðum (sjá 2.3).

9.7 Orðskipting og vefslóðir

Best er að komast hjá því að skipta vefslóðum í meginmáli á milli lína. Það getur þó oft verið erfitt þar sem þær geta verið langar. Ef ekki verður komist hjá því að skipta þeim er rétt að gera það án þess að nota skiptivísi, þ.e. bandstrik sem sýnir orðskiptingu, því að annars er hægt að álykta að hann sé hluti vefslóðarinnar.

Ítarleg umfjöllun um stafróf og stafrófsröð er hérna:

https://www.arnastofnun.is/sites/default/files/2019-02/Stafrof_og_stafrofsrod.pdf

Jóhannes B.
Sigtryggsson

10 Skammstafanir

10.1 Almennt um skammstafanir

Fjallað er um skammstafanir í [grein 22.6](#) í kafla um punkt ([22. kafla](#)) í ritreglum Íslenskrar málnefndar. Ég hef aukið allmikið við það sem þar stendur.

Meginreglan er að skammstöfun orðs sé táknuð með punkti (sjá [10.2](#)) en frá því eru þó ýmsar undantekningar (sjá [10.3](#) o.áfr.).

Í kafla [10.12](#) er listi yfir almennar skammstafanir í textum og í [10.13](#) er stuttur listi yfir nokkrar algengar erlendar skammstafanir.

Ekki fer vel á því að nota of mikið skammstafanir í almennum texta enda getur torveldað lestur að rýna í þær.

Skammstafanir með punktum

10.2 Skammstöfun auðkennd með punkti: meginregla

Punktar eru að jafnaði notaðir í skammstöfunum og punktur í þeim táknar að orð sé stytta. Meginreglan er að nota einn punkt fyrir hvert skammstafað orð. Ekki er bil á eftir orði í skammstöfun nema milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining.

ehf. (einkahlutafélag)

nk. (næstkomandi)

t.d. (til dæmis)

o.s.frv. (og svo framvegis)

cand.med.

ma.kr. (milljarðar króna)

J.J. (sjá [7.59](#))

nf./pf.ft.

próf. dr.

Ef almenn orð eru stytta án þess að hefð sé um styttingu þeirra er mælt með því að stytta þau með punktum og hafa engin bil, til dæmis *Hjúkr.fél.* fyrir *Hjúkrunarfélagið*.

Skammstafanir án punkta

10.3 Almennt um skammstafanir án punkta

Í sumum tegundum skammstafana er ekki notaður punktur. Þetta eru undantekningar frá grunnreglunni um að auðkenna skuli skammstöfun með punkti (sjá 10.2). Án punkta eru skammstafanir sem ritaðar eru með hástöfum (sjá 10.6), þar sem síðari liður er óstytur (sjá 10.4) og einnig styttingar alþjóðlegra mælieininga og grunneininga SI-kerfisins (sjá 10.8, 10.9) og gjaldmiðla (sjá 10.7).

10.4 Skammstafanir þar sem síðasti hluti orðs er ekki skammstafaður

Ekki er notaður punktur í skammstöfun samsett orðs ef síðari eða síðasti hluti þess er ekki skammstafaður.

Rvík (ekki: Rvk)

Khöfn

10.5 Skammstafanir sem eingöngu eru ritaðar með hástöfum og breytingar á þeim

Ekki er hafður punktur í skammstöfunum sem eingöngu eru ritaðar með upphafsstöfum. Oft eru þetta stytta heiti þar sem hver bókstafur í skammstöfuninni stendur fyrir eitt orð (til dæmis *HÍ* (Háskóli Íslands), en hlutar þeirra geta einnig ekki verið upphafsstafir (til dæmis *BHM* (Bandalag Háskólamanna). Um notkun hásteflinga í hástafaskammstöfunum sjá 2.17.

ÍR (Íþróttafélag Reykjavíkur)

BHM (Bandalag háskólamanna)

HR (Háskólinn í Reykjavík)

HABL (heilkeni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu, íslenskun á SARS)

Sumar slíkar skammstafanir eru styttingar á erlendum orðum eða heitum:

HIV (e. *Human Immunodeficiency Virus*)

COVID-19-faraldurinn (e. *Corona Virus Disease 2019*)

OECD (e. *Organization for Economic Co-operation and Development*)

SARS (e. *Severe Acute Respiratory Syndrome*)

Sumar skammstafanir með hástöfum fara að verða skrifaðar eins og almenn heiti, það er með stórum staf fremst og síðan litlum stöfum. Þetta á sérstaklega við um skammstafanir sem bornar eru fram eins og samnöfn og kveðið er að, til dæmis *ÍSAL* > *Ísal*, *SPRON* (Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis) > *Spron*, *SAMFOK* (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík) > *Samfok*.

Þannig mætti hugsa sér að ritun COVID-19 myndi breytast síðar í *covid-19* (með litlum staf þar sem þetta er læknisfræðilegt heiti, sjá 3.10).

Ekki er hefð fyrir því í íslenskri stafsetningu að blanda saman stórum stöfum og litlum inni í skammstöfunum né öðrum orðum án þess að strik séu notuð. Þannig er ekki ritað ~~AusturSkaftafellssýsla~~ heldur *Austur-Skaftafellssýsla* (sjá 3.48, 3.49, 6.62). Þannig var *Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis skammstafaður SPRON* en ekki ~~SPRON~~.

10.6 Beyging skammstafana með hástöfum

Skammstafanir með hástöfum eru stundum beygðar (t.d. í eignarfalli) ef þær eru notaðar eins og almenn samnöfn og þá er spurning hvort á að skrifa beygingarendingu með há- eða lágstaf.

Í 10.5 kom fram að ekki tíðkaðist í stafsetningu að blanda saman hástöfum og lágstöfum í sama orði án þess að nota bandstrik. Það mælir á móti því að ritað sé til dæmis *SPRONS* (ef.). Betur fer á því að hafa samræmi í þessum hástafaskammstöfunum og rita endingar þeirra einnig með hástöfum.

Síðasti aðalfundur *SPRONS* var haldinn árið 2008.
Einkenni *HABLS* eru meðal annars hér hiti.

10.7 Skammstafanir gjaldmiðlaheita

Alþjóðlegar skammstafanir gjaldmiðla eru ritaðar með upphafsstöfum.

CAD (kanadadalur) • CHF (svissneskur franki) • CNY (júan) • DKK (dönsk króna) • EUR (evra) • GBP (sterlingspund) • ISK (íslensk króna) • JPY (japanskt jen) • NOK (norsk króna) • SEK (sænsk króna) • USD (bandaríkjadalur)

10.8 Alþjóðlegar mælieiningar

Ýmsar alþjóðlegar skammstafanir í metrakerfinu, heiti frumefna og mælieininga eru rituð án punkts.

kg (kíló)

Na (natríum)

V (volt)

Alþjóðlega einingakerfið eða SI-kerfið (fr. *Système International d'Unités*) er alþjóðlegt kerfi um mælieiningar sem notað er í flestum löndum. Það er opinbert kerfi mælieininga hér á landi. Styttingar þessara eininga eru ritaðar án punkts þótt það brjóti í bág við

meginregluna um skammstafanir í íslensku, það er að stytting orðs sé auðkennd með punkti (sjá 10.2).

Ritun sumra eininga í SI-kerfinu hefur verið nokkuð á reiki í íslensku. Einingarnar eru samnöfn rituð með litlum staf og því eðlilegt að laga þær eitthvað að íslenskri hljóðskipan og táknnotkun en þó ekki þannig að þær verði torkennilegar. Einnig hefur myndast hefð í málinu um ritun sumra þeirra (til dæmis *vatt* en ekki *watt*).

10.9 Grunneiningar SI-kerfisins

heiti	stytting (tákn)
metri	m
kilógramm	kg
sekúnda	s
amper	A
kelvin	K
mól	mol
kandela	cd

10.10 Afleiddar SI-einingar

heiti	stytting (tákn)
radian	rad
steradian	sr
hertz	Hz
newton	N
pascal/paskal	Pa
joule	J
vatt	W
coulomb	C
volt	V
farad	F
ohm	Ω
siemens	S
weber	Wb
tesla	T
henry	H
gráða á Celsíus	$^{\circ}\text{C}$
lumen	lm
lux	lx
becquerel	Bq
gray	Gy
sievert/sívert	Sv

10.11 Margföldunarforskeyti SI-kerfisins

exa	E	10	18
peta	P	10	15
tera	T	10	12
gíga	G	10	9
mega	M	10	6
kiló	k	10	3
hektó	h	10	2
desi	d	10	-1
senti	c	10	-2
milli	m	10	-3

Dæmi:

kWh	kílóvattstund
TWh	teravattstund
kJ	kílójúl
MHz	megahertz
hg	hektógramm
hl	hektólítri
kcal	kílókaloría
dl	desilítri
cm	sentimetri
dB	desibel
cl	sentilítri
km	kílómetri
ms	millisekúnda
mW	millivatt

Algengar skammstafanir

10.12 Skammstafanir í almennum textum

Sjá einnig *Handbók um íslensku* (Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:182–183).

a.k.m.	að kalla má
a.m.k.	að minnsta kosti
a.n.l.	að nokkru leyti
ath.	athuga, athugið
aths.	athugasemd
bls.	blaðsíða
b.t.	berist til
b.v.	bæta við
ca./sa./c.	sirka

cm	sentimetri
dl	desilítri
dr.	doktor
e.h.	eftir hádegi; eigin hendi
ehf.	einkahlutafélag
e.k.	einhvers konar, eins konar
e.Kr.	eftir Krist / Krists burð
es.	eftirskrift (í bréfum eða skeytum)
e.t.v.	ef til vill
e.u.	eftir umboði
e.þ.h.	eða þess háttar
e.þul.	eða þvíumlíkt
f.h.	fyrir hádegi
f.hl.	fyrri hluti
f.Kr.	fyrir Krist / Krists burð
f.m.	fyrra mánaðar
fr.	frú
frb.	framburður
frh.	framhald
fv.	fyrrverandi
g	gramm
gr.	grein
ha./hö.	hestafl/hestöfl
hf.	hlutafélag
hr.	herra
h.u.b.	hér um bil
hdr.	handrit
hv.	háttvirtur
höf.	höfundur
kg	kíló, kílógramm
kl.	klukkan
klst.	klukkustund
km	kílómetri
kr.	króna
l	lítri
m	metri
m.	milljón
m.kr.	milljón króna
ma.	milljarður
ma.kr.	milljarður króna
m.a.	meðal annars
m.a.o.	meðal annarra orða
m.a.s.	meira að segja
m.e.h.	með eigin hendi
m.fl.	með fleiru

millj.	milljón
millj.kr.	milljón króna
mín.	mínúta
mm	millimetri
m.m.	með meiru
m/sek.	metrar á sekúndu
m.t.t.	með tilliti til
m.vsk.	með virðisaukaskatti
m.ö.o.	með öðrum orðum
nk.	næstkomandi
n.k.	nokkurs konar
n.m.	næsta mánaðar
nmgr.	neðanmálsgrein
nr.	númer
o.áfr.	og áfram
o.fl.	og fleira / og fleiri
o.hf.	opinbert hlutafélag
o.m.fl.	og margt fleira
o.s.	og síðar
o.s.frv.	og svo framvegis
o.v.	og víðar
o.p.h.	og þess háttar
o.pl.	og þvílíkt
o.pul.	og þvíumlíkt
ritstj.	ritstjóri
s.	sími (til dæmis s. 5667788)
samþ.	samþykkur
s.hl.	síðari hluti
s.s.	svo sem, sama sem
s.st.	sama stað
s.p.	sjá það / sjá þar
sbr.	samanber
sek.	sekúnda
sk.	svokallaður
skst.	skammstafað
skv.	samkvæmt
sl.	sleppa; síðastliðinn
sn.	svonefndur
sr.	séra
stk.	stykki
sp.	samþykkt
t.a.m.	til að mynda
tbl.	tölublað
t.d.	til dæmis
t.h.	til hægri

t.v.	til vinstri
u.þ.b.	um það bil
útg.	útgáfa / útgefið / útgefandi
þ.á.	þessa árs / þetta ár
þ. á m.	þar á meðal
þ.e.	það er
þ.e.a.s.	það er að segja
þ.h.	þess háttar
þ.kr.	þúsund krónur
þ.m.	þessa mánaðar
þ.m.t.	þar með talið
þul.	þvíumlíkt
þús.	þúsund
þýð.	þýðandi / þýðing

10.13 Nokkrar erlendar skammstafanir

A.D.	Anno Domini, á því herrans ári
et al.	et alia, og fleiri
etc.	et cetera, og svo framvegis
f.	folio, og eftirfarandi síða/málgrein o.s.frv.
ibid.	ibidem, á sama stað
loc. cit.	loco citato, á (áður) tilvitnuðum stað
N.N.	nomen nescio, ónafngreindur
op.	opus, verk
op.cit.	opus citatum / opere citato, tilvitnað verk
p.	page, blaðsíða
p.s.	post scriptum, eftirskrift (í bréfum)
pp.	pages, blaðsíður

Jóhannes B.
Sigtryggsson

11 Tölur og tölustafir

11.1 Almennt um tölustafi: Tölur lægri en 11 ritaðar með bókstöfum

Um tölur og tölustafi sjá einnig *Handbók um íslensku* (Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:243–248).

Í samfelldu máli fer vel á að rita tölur með bókstöfum, sérstaklega þær sem taka fallbeygingu (þ.e. *einn*, *tvo*, *þrjá* og *fjóra*). Það auðveldar lestur á svipaðan hátt og sparleg notkun skammstafana (sjá 10.1).

Algennt viðmið er að rita tölur lægri en 11 með bókstöfum.

Þær fóru sjö–átta sinnum í bæinn um sumarið.

Ég sá níu grásleppubáta í firðinum.

11.2 Undantekningar frá ritun talna með bókstöfum

Ef saman koma nokkrar tölur í setningu og ein eða fleiri eru hærri en tíu þá getur verið gott að rita allar tölurnar með bókstöfum til að gæta samræmis.

Sumarið eftir var flogið átta til fjórtán sinnum á dag til Kaupmannahafnar. Að minnsta kosti sex og allt að tuttugu voru í níunda bekk á þessum árum.

Í texta þar sem fjallað er um tölur og þær eru viðfangsefnið, t.d. í stærðfræðilegum útreikningum og töflum, skal rita þær með tölustöfum.

Tölurnar 2, 3, 5 og 7 eru prímtölur.

Margfaldað með 4.

Danir unnu Íslendinga 14:2.

Einnig þegar númer eru rakin:

Fjallað er um þetta í neðanmálgrein 3 á s. 4.

Einnig þegar fjallað er um fjárhæðir:

300.000 kr.

Á undan mælieiningum (sjá 10.8) eru tölur ritaðar með tölustöfum:

10 cm

6 mg

7 kg

11.3 Tölur í upphafi málsgreina

Í almennum texta skal forðast að hefja setningu með tölu ritaðri með tölustöfum (t.d. ~~89~~ nemendur útskrifuðust um vorið.). Betra er að rita töluna með bókstöfum eða breyta orðaröð:

Áttatíu og níu nemendur útskrifuðust um vorið.
Um vorið útskrifuðust 89 nemendur.

11.4 Blöndun tölustafa og bókstafa

Ekki er mælt með því að blanda saman tölustöfum og bókstöfum þegar rituð eru töluorð. Frekar skal því skrifa *tvisvar* og *þrisvar* en ~~2svar~~ og ~~3svar~~ og frekar rita *tveggja*, *þriggja* og *fjögurra* en ~~2ja~~, ~~3ja~~ og ~~4ra~~.

11.5 Töluorð og greinarmerki

Þegar tákna þarf brot af heilli tölu skal nota kommu (punktur er ensk venja í stafsetningu) (sjá [6.22](#)).

32,5
0,07

Til að auðvelda lestur hárra talna eru oft settir punktar framan við þriðja hvern tölustaf (komma er ensk venja). Margir bæta þó ekki við punkti fyrr en tölur fara yfir fjóra stafi (t.d. 10.000). Einnig kæmi til greina að nota bil (skýrleikabil) til aðgreiningar í stórum tölum (sjá [7.57](#)).

1.000
234.888
3.000.000.000

11.6 Styttingar í talnabilum

Mælt er með því að stytta ekki tölur þegar tilgreint er talnabil.

22–27
1917–1918
10–11
1000–10000 kr.

Í köflum 6.11–6.13

Sumir nota þó þá aðferð að stytta seinni töluna í talnabilum:

1920–50

Þótt slíkt sé gert þá er ekki mælt með því að láta seinni töluna vera eina tölu (t.d. ekki ~~1980–9~~, frekar 1980–89). Einnig er ekki mælt með því að stytta seinni töluna ef fyrri talan endar á 100 eða er margföldun þess (ekki ~~100–9~~, ~~1100–13~~, frekar 100–109, 1100–1113).

11.7 Ólíkar gerðir tölustafa: hátölustafir, lágtölustafir, hásteflingatölustafir

Í sumum leturgerðum eru allt að þrjár ólíkar tegundir tölustafa eða leturbrigði: hátölustafir (11.8), lágtölustafir (textatölustafir) (sjá 11.9) og hásteflingatölustafir (sjá 2.20). Eins og lágstafir (litlir stafir) eru grunnform bókstafa (sjá 3.3) eru lágtölustafir grunnform talna. Þrátt fyrir það vantar þá í sumum leturgerðum.

11.8 hátölustafir

Hátölustafir eru allir jafnháir og eiga til að mynda heima í töflum þar sem tölustafir þurfa að vera jafnháir.

1971	14
1972	16
1973	22

11.9 lágtölustafir (textatölustafir)

Í sumum leturgerðum eru auk hátölustafa einnig lágtölustafir eða textatölustafir. Þeir eru notaðir í almennum textum, eru misháir eins og aðrir bókstafir og það hentar því að nota þá með þeim. Í vönduðu prenti eru notaðir lágtölustafir í meginmáli.

Veturinn 1917–1918 var kaldur. (dæmi með leturgerðinni Georgia)

11.10 Rómverskar tölur

Þótt arabískar tölur séu yfirleitt notaðar í textum geta rómverskar tölur einnig komið fyrir. Hér er listi yfir nokkrar algengar rómverskar tölur og samsvarandi arabískar tölur. Rita má rómverskar tölur jöfnum höndum með há- eða lágstöfum (til dæmis IV eða iv):

I = 1
II = 2
III = 3
V = 5
X = 10
L = 50

C = 100
D = 500
M = 1000

Lægri tala framan við hærri tölu dregst frá henni (IV eða iv = 4), VC eða vc = 95) en bætist við hana ef hún kemur á eftir henni (VI eða vi = 6), VIII eða viii = 8.

Raðtölur sem ritaðar eru með rómverskum tölum enda eins og venjulegar raðtölur á punkti (sjá 6.30), til dæmis Hinrik VIII. kvæntist oft.

Ekki er mælt með því að skáletra rómverskar tölur (sjá 2.22).

Dagsetningar og tímatáknun

11.11 Dagsetningar

Óstytt dagsetning með vikudegi er svona: *Miðvikudagur 6. nóvember 2019*. Dagsetningar eru ritaðar svona með tölustöfum: *6.11.2019* (ekki: ~~06.11.2019~~). Ekki er þá bil á milli liða (sjá 7.46). Ekki nota skástrik í táknun dagsetninga (~~6/11/2019~~) (sjá 6.50).

Heiti vikudaga og mánaða eru ætíð rituð með litlum staf, til dæmis *fimmtudagur, týsdagur, júní, góa* (sjá 3.13).

Heiti einstakra daga, mánaða, tímabila, hátíða og sögulegra viðburða eru rituð með litlum staf nema þegar þau eru dregin af sérnafni: *laugardagur, páskar, þrælastríðið; Þorláksmessa* (sjá 3.22).

11.12 Tímatáknun

Þegar gefinn er upp tími þá er mælt með því að nota punkt til að greina á milli klukkustunda og mínútna (sjá 6.33). Einnig er þó hægt að nota tvípunkt (sjá 6.108). Ekki tilgreina tíma með mínútum án greinarmerkja, til dæmis ~~kl. 09:30~~.

Ekki er notað núll (0) á undan klukkustundum lægri en 10, t.d. ~~kl. 09:30~~. Frekar: kl. 9.30.

Í almennum texta er eðlilegast að tala um kl. 1–12 (fyrir hádegi (f.h.)) og kl. 1–12 (eftir hádegi (e.h.)).

9 um kvöldið

Klukkan 14.25

Kl. 9.30

Vélin lenti kl. 12 á miðnætti.

Samkvæmt dagbókinni fór ég út að borða kl. 1 eftir hádegi.

Dagskráin hefst kl. 20.30.

Ég fór að sofa ellefu um kvöldið.
Klukkan tvö slotaði veðrinu.

Jóhannes B.
Sigtryggsson

12 Tákn

Sértákn og táknróf

12.1 Hvernig á að kalla fram tákn sem ekki eru á lyklaborði?

Í almennum forritum er hægt að kalla fram ýmis sértákn sem ekki eru sýnileg á lyklaborði með því að smella á innskotshnapp (e. *Insert symbol*).

Yfirleitt er einnig auðvelt í forritum að búa til flýtitákn fyrir sértákn sem oft eru notuð.

12.2 Táknróf

